


**FASTEIGNIR**

*Einstök hönnun úti og inni*

Sérblað um fasteignir

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**

**VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON**

*Hitti bjargvætt sinn í Skotlandi*

Borgarstjóra bjargað úr sjávarháska

**FÓLK 42**




**Fellum stóriðju-stefnuna**

ÍSLANDSHREYFINGIN lifandi land



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. maí 2007 — 123. tölublað — 7. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


## MÁNUDAGUR



**Lindsay í ljót-um leik**

Leikkonan unga var mynduð við að neyta kókaíns á klósetti.

**FÓLK 34**



**Scanbox stækkar**

Sigurjón Sighvatsson færir enn út kvíarnar.

**FÓLK 42**

**Kominn tími til að breyta**

„Þeir sem vilja halla sér að frjálslyndri jafnaðarstefnu eiga skýran valkost – og í því efni ber að varast eftirlíkingar til hægri og vinstri," segir Össur Skarphéðinsson.

**Í DAG 20**



**Besti árangur Birgis**

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson var þremur höggum á eftir efsta manni á ítalska meistaramótinu. Hann lenti í ellefta sæti, sem er hans besti árangur.

**ÍÞRÓTTIR 36**

## VEÐRIÐ Í DAG




**YFIRLEITT BJARTVIÐRI -** Sunnan og vestan til má búast við bjartviðri í dag, en einhverri úrkomu á norð-austurhorninu. Hitinn er á bilinu 2-8 stig, hlýjast suðvestanlands, en svalast norðaustan til. Vindur er yfirleitt frekar hægur, 5-10 m/s.




# Rúmlega þriðjungur vill stjórnina áfram

**Rúmlega tuttugu prósent vilja nú að ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna taki við eftir kosningar. Tæplega fimmtán prósent vilja stjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks. Níu prósent vilja stjórn Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Flestir, eða 36,5 prósent, vilja nú áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks eftir næstu kosningar, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Stuðningur við áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarf eykst frá síðustu könnun blaðsins hinn 21. apríl þegar 28,3 prósent vildu áframhaldandi ríkisstjórn þessara tveggja flokka. Tæplega 87 prósent framsóknarmanna og um 66 prósent sjálfstæðismanna segjast styðja slíka stjórn.

20,3 prósent segjast nú vilja tveggja flokka stjórn Samfylkingar og Vinstri grænna. Það er nánast sama hlutfall og í síðustu könnun blaðsins, þegar 21,2 prósent studdu slíka stjórn. 45,6 prósent stuðningsfólks Samfylkingar styðja stjórn Samfylkingar og Vinstri grænna, en 53,3 prósent stuðningsfólks Vinstri grænna.

Tæplega fjórðungur vill stjórn Sjálfstæðisflokks við annað hvort Samfylkingu eða Vinstri græn. 14,5 prósent vilja tveggja flokka stjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar en 9,3 prósent vilja tveggja flokka stjórn Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna.

Þeim fjölgar lítillega sem vilja nú að núverandi ríkisstjórnarflokkar myndi ríkisstjórn. Nú segjast 8 prósent vilja að Frjálslyndi flokkurinn, Samfylking og Vinstri græn myndi ríkisstjórn, en í síðustu könnun blaðsins voru það 4,8 prósent.

Hringt var í 1.600 kjósendur á kosningaaldri laugardaginn 5. maí og skiptust svarendur jafnt eftir kyni. 61,1 prósent tók afstöðu til spurningarinnar. **- ss / sjá síðu 4**

Formenn stjórnmálaflokka:

## Skilaboð dagsins

**KOSNINGAR** Kosið verður til Alþingis á laugardag, eftir fimm daga. Fréttablaðið birtir frá deginum í dag fram á föstudag skilaboð dagsins til kjósenda frá formönnum stjórnmálaflokkanna. Lesendur geta því dag hvern fylgst með því hvað efst er á baugi að mati formannanna.

Í dag hvetur Geir H. Haarde kjósendur til að sofna ekki á verðinum þrátt fyrir gott gengi Sjálfstæðisflokksins í skoðanakönnunum en Jón Sigurðsson segir útkomu Framsóknarflokksins í könnunum óviðunandi. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir segir tækifæri vera til breytinga á laugardaginn og í sama streng tekur Steingrímur J. Sigfússon. Guðjón Arnar Kristjánsson gerir kvótakerfið að umræðuefni og Ómar Ragnarsson telur brýnt að færa skattleysismörkin til jafns við það sem var við valdatöku núverandi stjórnarflokka. **- sjá síðu 6**



**SIGURVEGARI** Sarkozy var stoltur eftir að hafa unnið sannfærandi sigur á andstæðingi sínum, sósíalistanum Ségolène Royal, í seinni umferð frönsku forsetakosninganna sem fram fór í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Áherslubreytingar í vændum:

## Sarkozy nýr forseti Frakklands

**FRAKKLAND, AP** Hægrimaðurinn Nicolas Sarkozy sigraði sósíalistann Ségolène Royal í seinni umferð forsetakosninganna í Frakklandi sem fram fór í gær.

Sarkozy hlaut 53 prósent atkvæða og Royal 47 prósent, sem er meiri munur en síðustu skoðanakannanir gáfu vísbendingu um. Um 85 prósent kjósenda mættu á kjörstað, sem er metþátttaka.

Vænta má áherslubreytinga í innanríkis- og utanríkisstefnu Frakklands með nýjum forseta að mati Eiríks Bergmann Einarssonar, forstöðumanns Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst.

Lögregla beitti táragasi á hóp mótmælenda sem hrópuðu slagorð gegn Sarkozy við Bastilluna í París í gærkvöldi eftir að úrslit voru ljós. **- sdg / sjá síðu 2**

Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti forseta Íslands á Hótel Búðir í gær:

# Forsetinn fluttur í þyrlu á sjúkrahús

**VEIKINDI** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, var fluttur með þyrlu Landhelgisgæslunnar á Borgarspítalann í gær vegna veikinda. Forsetinn var staddur á Búðum á Snæfellsnesi þegar hann veiktist.

Að sögn Örnólfs Thorssonar forsetaritara eru veikindi forsetans ekki alvarleg. „Ólafur fann fyrir sterkum þreytueinkennum í gærmorgun og því var kallað eftir lækni frá Ólafsvík. Það var mat læknisins að rétt væri að flytja forsetann til frekari rannsókna á Landspítala – háskólasjúkrahús og læknirinn óskaði eftir aðstoð þyrlunnar," segir Örnólfur.

Þyrlan kom með forsetann til Reykjavíkur um klukkan 15.30 og gekkst hann undir fjölmargar rannsóknir í gær. Örnólfur sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að rannsóknirnar hefðu ekki leitt neitt alvarlegt í ljós og að læknar teldu forsetann vera við góða heilsu. Gert var ráð fyrir hann fengi að fara heim fyrir hádegi í dag.

Forsetahjónin voru í Stykkishólmi á laugardag vegna opnunar vatnasafns í bænum. Að því loknu sóttu þau veislu hjá Hreiðari Má Sigurðssyni, forstjóra Kaupþings, sem haldin var í tilefni opnunarinnar. Forsetahjónin gistu svo á Hótel Búðum og þar var forsetinn staddur í gærmorgun þegar hann kenndi sér meins. **- þo**


**BURT MEÐ ÓRÉTTLÁTT KVÓTAKERFI**

Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is


Klúryrði hrópuð að slökkviliði:

## Komu ekki til að fækka fötum

**ENGLAND** Allt ætlaði af göflum að ganga á bar í St. Helens í Englandi á föstudag þegar hópur stæðilegra slökkviliðsmanna mætti á staðinn til að slökkva eld sem kominn var upp í húsinu. Kvenkyns gestir staðarins, sem ekki höfðu hugmynd um eldinn, tóku einkennisklæddum gestunum fagnandi, enda stóðu þeir í þeirri trú að þarna væru fatafellur á ferð og hrópuðu klúra frasa að slökkviliðsmönnunum.

„Það héldu allir að við værum komnir til að bera okkur, sem við vorum ekki," sagði vaktstjórinn.

Eldurinn hafði komið upp í búningsherbergi alvöru fatafella, og kviknaði út frá kveikjarabensíni sem notað var í einu strípiatriðinu. Einn meiddist lítillega í eldinum. **- sh**

**SPURNING DAGSINS**



*Guðmundur, er baráttusöngurinn að koma stöðunni í lag?*

„Mér sýnist það. Það vantar bara herslumuninn upp á að ég komist á þing, svo nú þarf bara að syngja eins og vitlaus maður.“

Guðmundur Steingrímsson hefur samið baráttutexta fyrir Samfylkinguna við lagið Mrs. Robinson ásamt Róbert Marshall, sem þeir félagar flytja við ýmis tækifæri.

Utanríkisráðherra tilkynnti forstjóra Alþjóðabankans að ekki yrði af fundi á Íslandi:

# Fundi með Wolfowitz hafnað

**UTANRÍKISMÁL** Rannsókn á hneykslismáli tengdu Paul Wolfowitz, forstjóra Alþjóðabankans, varð til þess að hætt var við fund hans og ráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja, sem fara átti fram hérlendis á föstudaginn var. Það kom í hlut Valgerðar Sverrisdóttur utanríkisráðherra að tilkynna Wolfowitz bréfleiðis að ekki væri óskað eftir fundinum að sinni.

Wolfowitz beitti áhrifum sínum til að ástkona hans, sem einnig er starfsmaður bankans, fengi stöðu- og launahækkun eftir að hún var færð til í starfi, en það var gert til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra eftir að hann tók við sem forstjóri.



PAUL WOLFOWITZ

Fundurinn sem halda átti hér er árlegur fundur með ráðherrum þróunarmála í því kjördæmi á starfssvæði bankans sem inniheldur Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin. Valgerður segir það hafa verið samhljóða ákvörðun ráðherranna að fresta fundinum. „Það er í gangi rannsókn á vegum bankaráðsins sem snýst um það hvort hann hafi brotið af sér og við höfðum áhyggjur af stöðu mála í bankanum. Það er reiknað með niðurstöðu á þriðjudaginn og þangað til vil ég ekkert segja mikið meira um þetta.“ Valgerður vill ekki fullyrða að af fundinum verði, komist nefndin að þeirri niðurstöðu að Wolfowitz hafi ekki brotið af sér.



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

- sh

Týnd flugvél fannst í gær:

## Ekkert uppgefið um eftirlifendur

**KAMERÚN, AP** **Flak farþegaflugvélarinnar sem hrapaði í skóglendi í Kamerún á laugardag fannst í gær nærri bænum Mvengue. Ekki hafa verið gefnar neinar upplýsingar um það hvort einhver farþeganna 114 sem í vélinni voru hafi lifað af. Ekki hefur heldur verið greint frá ástandi flaksins.**

**Leitarsvæðið er mjög erfitt yfirferðar vegna þess hve þéttur skógurinn er, auk þess sem úrhellisrigning og þoka hefur gert leitarmönnum erfitt fyrir. Flugvélin var á leið til Nairóbí í Kenía frá Douala, höfuðborg Kamerúns, þegar hún fórst.** - sh

Öryggi á sundstöðum:

## Engin lögformleg úttekt

**SLYS** Enginn lögformlegur úttektaraðili fer yfir öryggisbúnað sundstaða hér á landi. Svæðið í Sundlaug Kópavogs, þar sem fimmtán ára drengur fannst meðvitundarlaus á dögunum, var utan sjónsviðs eftirlitsmyndavéla.

Jón Júlíusson, íþróttafulltrúi Kópavogsbæjar, segir að yfirborðsmyndavélar við sundlaugina dekki ekki allt sundlaugarsvæðið og svæðið þar sem drengurinn fannst hafi ekki verið skilgreint sem hættusvæði. Hann segir að sex eftirlitsmyndavélar sýni myndir af allri lauginni undir vatnsyfirborðinu en þær séu ekki tengdar við upptökutæki.

„Í kjölfar slyssins verður kannað hvort hægt er að efla eftirlit enn frekar,“ segir Jón. Hann segir að ef til vill sé tilefni til að koma á fót einhvers konar lögformlegu eftirliti sem tekur út öryggi á sundstöðum.

Drengurinn liggur enn þungt haldinn á gjörgæsludeild. - þo

Seyðfirðingar skora á flokka:

## Vilja jarðgöng á Mið-Austurland

**SAMGÖNGUR** Ólafur Hr. Sigurðsson, bæjarstjóri á Seyðisfirði, mun í dag afhenda fulltrúum allra framboða í Norðausturkjördæmi undirskriftalista fyrir hönd Seyðfirðinga þar sem skorað er á frambjóðendur að gera jarðgöng á Mið-Austurlandi að veruleika á næsta kjörtímabili.

Fyrir helgi höfðu safnast á fimmta hundrað undirskriftir, en endanlegur fjöldi undirskrifta liggur ekki fyrir. Ráðist var í söfnunina að undirlagi bæjarbúa.

Frambjóðendur af öllum listum hafa tilkynnt að þeir muni veita undirskriftalistunum viðtöku. - sh

# Sarkozy forseti Frakklands

**Hægrimaðurinn Nicolas Sarkozy var í gær kjörinn forseti Frakklands og tekur hann við af hægrimanninum Jacques Chirac sem hefur verið forseti undanfarin tólf ár. Sósíalistinn Ségolène Royal beið lægri hlut.**

**FRAKKLAND, AP** Hægrimaðurinn Nicolas Sarkozy er forseti Frakklands eftir sigur á sósíalistanum Ségolène Royal í kosningunum í gær.

Sarkozy hlaut 57 prósent atkvæða og sigraði andstæðing sinn með sex prósenta mun, sem er heldur meira en síðustu skoðanakannanir fyrir kosningar höfðu spáð. Um 85 prósent kjósenda mættu á kjörstað, sem er metþátttaka.

„Franska þjóðin hefur kosið breytingar,“ sagði Sarkozy í sigurræðu sinni fyrir framan hundruð stuðningsmanna sinna sem fögnuðu ákaft. Sarkozy sagði kjósendur hafa kosið að „snúa baki við hugmyndum, venjum og hegðun fortíðar,“ og hét hann því að verða „forseti allra Frakka“. Sarkozy tekur við forsetaembættinu af hægrimanninum Jacques Chirac, sem hefur verið forseti undanfarin tólf ár.

Royal viðurkenndi ósigur sinn nokkrum mínútum eftir að kjörstöðum var lokað. „Ég lagði allt mitt af mörkum og mun halda því áfram,“ sagði hún stuðningsmönnum sínum. „Atburðarás er hafin sem ekki mun stöðvast.“

Sarkozy vék meðal annars að utanríkismálum í sigurræðu sinni og sagði að Bandaríkin gætu reitt sig á vináttu Frakka en bætti við að í vináttu fælist að vinir gætu haft ólíkar skoðanir. Hann hvatti Bandaríkin til þess að taka forystu í baráttu gegn loftslagsbreytingum og sagði að loftslagsmál yrðu í forgangi í Frakklandi.

Lögreglan var með sérstakan viðbúnað í gærkvöldi vegna hugsanlegra mótmæla og mögulegra óeirða. Lögreglan beitti táragasi á hóp andstæðinga Sarkozys sem mótmæltu kjöri hans við Bastilluna í París. Mótmælendur köstuðu flöskum og steinum í lögreglu.

sdg@frettabladid.is




**SIGURGLEÐI** Stuðningsmenn hægrimannsins Nicolas Sarkozys fögnuðu sigri hans í gær fyrir utan kosningaskrifstofu flokks hans.

NORDICPHOTOS/AFP

### UPPLIFI ÚRSLITIN SEM MIKIL VONBRIGÐI

Rósa Davíðsdóttir, nemi í málvísindum í París, fylgdist með þegar greint var frá úrslitum forsetakosninganna í gær ásamt frönskum vinum sínum sem allir kusu Royal. „Ég upplifi þessi úrslit sem mikil vonbrigði og fólk er mjög vonsvikið.“

Rósa, sem var stödd við Bastilluna í París síðar um kvöldið, sagði hóp fólks þar staddan sem hrópaði ókvæðisorð að Sarkozy. Klukkutíma síðar beitti lögregla táragasi til að dreifa mannfjöldanum.

Rósa segir lítið hafa verið rætt um alþjóðamál í kosningabaráttunni og að yfirlýsing Sarkozy um vináttu við Bandaríkin í sigurræðu sinni hafi verið athyglisverð. Meiri áhersla var lögð á efnahagsmálin í aðdraganda kosninganna, að sögn Rósu. Hún telur Sarkozy hafa einfaldlega komið þar sterkar út en Royal, sem hafi ekki virst vera með þau á hreinu.

Rósa segir alla fjölmiðla hafa verið undirlagða af umfjöllun um kosningarnar að undanförnu. „Þetta er búið að taka dálítið á. Fólk í kringum mig hefur tekið þetta inn á sig og fundist erfitt að bíða eftir úrslitunum. Þannig að ég held að það sé ágætt að þetta er búið.“

**BÍLL DAGSINS**

**BMW X3**

Nýskr. 10.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 25 þús. km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Eiríkur Bergmann telur áherslubreytingar fram undan í Frakklandi:

# Mikil kjörsókn merkilegust

**STJÓRNMÁL** Hin mikla kjörsókn er það sem Eiríkur Bergmann Einarsson, forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst, telur merkilegast við forsetakosningarnar. „Þetta er vísbending um að kjörsókn sé að aukast almennt á Vesturlöndum. Eftir langt tímabil þar sem kjörsókn hefur smám saman verið að minnka undanfarna áratugi virðist áhugi á lýðræðislegum kosningum vera að aukast á ný.“

Eiríkur segir kjör Sarkozy geta haft í för með sér áherslubreytingar, bæði innanlands og ekki síður í alþjóðapólitík. „Sarkozy hefur haldið fram nokkuð afgerandi sjónarmiðum um umbætur í efnahagskerfinu sem ýmsar klassískar velferðarþjóðir hafa gengið í gegnum, eins og að auka sveigjanleika á vinnumarkaði og auka rétt atvinnurekenda til að segja upp fólki. Þessar breytingar hafa ekki náð til Frakklands. Sarkozy hefur farið fram í sinni kosningabaráttu með slíka stefnu þannig að við ættum nú að fara að sjá hægrisinnaðri og markaðssinnaðri lausnir.“



EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON

Sterk hefð er fyrir mótmælum og verkalýðsfélögum í Frakklandi og segir Eiríkur mikil félagsleg réttindi hafa að einhverju leyti komið niður á sveigjanleika í atvinnulífinu. Spurður hvort Sarkozy nái betur að standa gegn þessari sterku hefð en fyrrirrennari sinn segir Eiríkur erfitt um það að spá. „Hann hefur þó mikla reynslu sem innanríkisráðherra þar sem hann sýndi að hann gat tekið óvinsælar og erfiðar ákvarðanir, sem er vísbending um að hann muni ekkert gefa eftir.“

Eiríkur segir Sarkozy ganga gegn hefðbundinni utanríkispólitík í Frakklandi. „Frakkar hafa verið helstu talsmenn þess að Evrópa sé mótvægi við Bandaríkin og talað fyrir meginlandssamstarfi í Evrópu. Sarkozy er mikill fylgismaður náins samstarfs við Bandaríkin en í mörg ár hefur verið stirt samband þar á milli. Þarna gætum við því séð breytingu.“



Þegar öllu er á botninn hvolft er
traust efnahagsstjórn
stærsta velferðarmálið
» Kaupmáttur, hagur heimilanna, hefur vaxið um 75% frá 1994
» Erlendar skuldir ríkissjóðs hafa verið greiddar upp
» Skattar hafa verið lækkaðir á einstaklinga og fyrirtæki
» Háskólanemum hefur fjölgað úr um 7.500 í um 17.000 á síðustu tólf árum
» Atvinnuleysi sem áður var mikið vandamál er nú svo að segja óþekkt
» Opinber framlög til heilbrigðismála hafa verið stóraukin og eru nú með þeim hæstu í heiminum
» Ísland er komið í 2. sæti á lista Sameinuðu þjóðanna yfir þau lönd þar sem lífskjör eru best í heiminum
Nýir tímar – á traustum grunni
xd.is
XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

## GENGIÐ 04.05.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,59 | 63,89 |
| Sterlingspund | 126,32 | 126,94 |
| Evra | 86,21 | 86,69 |
| Dönsk króna | 11,568 | 11,636 |
| Norsk króna | 10,606 | 10,668 |
| Sænsk króna | 9,416 | 9,472 |
| Japanskt jen | 0,5279 | 0,5309 |
| SDR | 96,62 | 97,20 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

116,8998

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tyrkneskir stjórnarandstöðuþingmenn sniðgengu þingfund í gær:

# Forsetakjör stoppað af aftur

**TYRKLAND, AP** Tyrkneskir stjórnarandstöðuþingmenn komu í annað sinn í veg fyrir að Abdullah Gül utanríkisráðherra yrði kjörinn forseti Tyrklands á tyrkneska þinginu í gær þegar þeir sniðgengu þingfund. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þingmanna þarf til að atkvæðagreiðslan teljist gild. Í kjölfarið lýsti Gül yfir að hann drægi framboð sitt til baka.

Gül, sem var eini forsetaframbjóðandinn, tilheyrir stjórnarflokki Tyrklands sem á rætur í íslam. Hin öfluga andstaða sem hefur verið við framboð hans snýr að ótta fólks við að trúarbrögð fari í auknum mæli að hafa áhrif á stjórnmál í Tyrklandi. Mikið er lagt upp úr því að aðskilja trúmál og stjórnmál í Tyrklandi. Dómsvaldið og herinn hafa staðið vörð um þessa aðgreiningu, auk þess sem kveðið er á um hana í stjórnarskrá landsins.

Gül sagði í gær tilgangslaust að láta þingið greiða atkvæði um kjör forseta í þriðja skiptið vegna þess þráteflis sem þar væri og hið rétta nú væri að láta þjóðina kjósa.

Á laugardag samþykkti þingnefnd tillögu að lagabreytingu um að forseti yrði kjörinn í þjóðaratkvæðagreiðslu en ekki af þingi. Þingmenn stjórnarflokksins hafa sagt að verði tillagan að lögum í tæka tíð verði hægt að kjósa um forseta um leið og þingkosningar fara fram 22. júlí næstkomandi.

- sdg



**MÓTMÆLENDUR** Hundruð þúsunda Tyrkja hafa tekið þátt í mótmælum undanfarnar vikur gegn tilnefningu Gül. NORDICPHOTOS/AFP

Bíræfið grafarrán:

## Beinum Kádárs stolið í Búdapest

**UNGVERJALAND, AP Hauskúpu og fleiri beinum János Kádárs, sem um áratuga skeið var leiðtogi Ungverjalands á kommúnistatímanum, og ösku eiginkonu hans hefur verið stolið úr gröf þeirra í Búdapest.**

**Skemmdarvargar grófu upp kistu Kádárs og brutu hana upp. „Nokkur bein vantar, þar á meðal hauskúpuna,“ sagði talsmaður lögreglunnar í Búdapest. Vargarnir, sem nú er ákaft leitað, krotuðu enn fremur á minnismerki skammt frá gröfinni: „Morðingi og svikari, þú getur ekki hvílt í vígðri mold.“**

- aa

Fékk bætur frá ölgerðarhúsinu:

## Bjórsmakkari varð alkóhólisti

**BRASILÍA, AP** Brasilískur dómstóll skipaði ölgerðarhúsi að greiða áfengissjúkum starfsmanni þess, sem vann við bjórsmökkun, rúmar þrjár milljónir króna.

Starfsmaðurinn sakaði fyrirtækið um að hafa ekki veitt heilsufarsleg úrræði til að koma í veg fyrir að hann yrði alkóhólisti. Í yfir áratug drakk hann á milli 16 og 25 lítil glös af bjór daglega.

Ölgerðin hélt því fram að maðurinn hefði verið alkóhólisti áður en hann hóf störf. Dómstóllinn sagði fyrirtækið engu að síður ábyrgt því að ekki ætti að láta alkóhólista vera bjórsmakkara.

- sdg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Bílvelta á Bústaðavegi

Ökumaður slasaðist lítillega þegar hann missti stjórn á bíl sínum á Bústaðavegi í Reykjavík aðfaranótt sunnudags. Bíllinn valt og hafnaði á ljósastaur á móts við Valsheimilið.

# Fleiri vilja Framsókn í stjórn

**Um 40 prósent vilja nú að Framsókn verði í ríkisstjórn, sem er níu prósentustigum meira en í síðustu könnun blaðsins. Fleiri vilja einnig nú að Samfylking og Frjálslyndir eigi aðild að stjórn. Færri vilja hins vegar að Vinstri græn eigi aðild að ríkisstjórn. Stuðningur við Sjálfstæðisflokk í ríkisstjórn stendur í stað.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Tæplega tveir af hverjum þremur, eða 64,5 prósent, vilja nú að Sjálfstæðisflokkurinn eigi aðild að ríkisstjórn eftir kosningar. Þetta er sama hlutfall og var hinn 21. apríl í könnun Fréttablaðsins. Fylgi við Sjálfstæðisflokk í ríkisstjórn umfram fylgi flokksins samkvæmt nýjustu könnun Fréttablaðsins sem birt var í gær er 22,0 prósentustig.

Tveir þriðju stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins vilja að flokkurinn myndi áframhaldandi stjórn með Framsóknarflokknum, sem er nokkuð fleira en í síðustu könnun blaðsins þegar tæpur helmingur þeirra vildi slíka stjórn. Þá vilja 15,4 prósent sjálfstæðismanna tveggja flokka stjórn með Samfylkingu, en 10,4 prósent vilja stjórn með Vinstri grænum.

Þá segist tæpur helmingur, eða 48,7 prósent, nú vilja að Samfylking eigi aðild að ríkisstjórn, aðeins fleiri en í síðustu könnun blaðsins, þegar 45,3 prósent vildu að Samfylking ætti aðild að ríkisstjórn. Fylgi við að flokkurinn eigi aðild að ríkisstjórn, umfram fylgi við flokkinn, er 24,7 prósentustig.

Tæpur helmingur stuðningsfólks flokksins, eða 45,6 prósent, vill að Samfylking myndi tveggja flokka stjórn með Vinstri grænum, sem er aðeins minna hlutfall en í síðustu könnun blaðsins. Hins vegar vill fleira samfylkingarfólk nú en í síðustu könnun blaðsins mynda ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum, eða 30,4 prósent þeirra. Tæp ellefu prósent vilja að núverandi stjórnarandstöðuflokkar myndi þriggja flokka ríkisstjórn.

Aðeins færri vilja nú að Vinstri græn eigi aðild að ríkisstjórn heldur en í síðustu könnun blaðsins. Nú segjast 41,6 prósent vilja að Vinstri græn eigi aðild að ríkisstjórn, sem er 3,5 prósentustigum minna en í síðustu könnun Fréttablaðsins. 25,6 prósentustigum fleiri vilja að Vinstri græn eigi aðild að ríkisstjórn en vilja kjósa flokkinn.




Líkt og í síðustu könnun blaðsins vill flest stuðningsfólk Vinstri grænna að flokkurinn myndi ríkisstjórn með Samfylkingu, eða 53,3 prósent. Fjórðungur þeirra vill hins vegar stjórn með Sjálfstæðisflokknum og þrettán prósent vilja þriggja flokka stjórn núverandi stjórnarandstöðuflokka.

Þeim sem vilja að Framsóknarflokkur eigi aðild að ríkisstjórn fjölgar hins vegar nokkuð. Þann 21. apríl sögðust 31,5 prósent vilja að Framsókn ætti aðild að ríkisstjórn, en nú segjast 40,7 prósent vilja að flokkurinn eigi aðild að stjórn. 31,2 prósentustigum fleiri vilja að flokkurinn eigi aðild að ríkisstjórn en vilja kjósa flokkinn.

Eins og áður vill mikill meirihluti stuðningsmanna Framsóknarflokksins að núverandi stjórnarsamstarf haldi áfram, eða 86,5 prósent. Tæplega þrjú prósent vilja að flokkurinn eigi ekki aðild að ríkisstjórn eftir kosningar.

Stuðningur við að Frjálslyndi flokkurinn eða Íslandshreyfingin eigi aðild að ríkisstjórn er lítill umfram stuðning við hvorn flokk. Reyndar eru aðeins færri sem vilja að Íslandshreyfingin eigi aðild að ríkisstjórn en segjast myndu kjósa flokkinn.

11,3 prósent vilja ríkisstjórn með aðild Frjálslynda flokksins, rúmum fjórum prósentustigum fleiri en í könnun blaðsins í apríl.

Tæplega helmingur stuðningsfólks Frjálslynda flokksins vill að flokkurinn verði í þriggja flokka ríkisstjórnarsamstarfi með stjórnarandstöðunni. Tæplega 19 prósent vilja hins vegar ekki að Frjálslyndi flokkurinn eigi aðild að ríkisstjórn eftir kosningar.

Þá segjast 1,9 prósent vilja að Íslandshreyfingin eigi aðild að ríkisstjórn og skiptast stuðningsmenn hreyfingarinnar nokkuð jafnt eftir því hvort þeir vilja ríkisstjórn til hægri eða vinstri.

Ef litið er til þeirra sem ekki gefa upp hvaða flokk þeir myndu kjósa, eru langflestir af þeim óvissir um hvaða flokka þeir vilja í ríkisstjórn, því ber að taka þær tölur með fyrirvara. Ef litið er til þeirra sem þó gefa upp hvers konar ríkisstjórnarmynstur þeir vilja, kemur upp aðeins öðruvísi mynd en af heildinni. Minna hlutfall óákveðinna en af heildinni vill ríkisstjórn með aðild Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Vinstri grænna. Aðeins hærra hlutfall þeirra vill ríkisstjórn með aðild Frjálslyndra og Samfylkingar.

Ef litið er til einstaka ríkisstjórnarmynsturs vilja nú, sem áður, flestir áframhaldandi samstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, eða 36,7 prósent. Stuðningur við ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna stendur nokkuð í stað og segjast nú 20,3 prósent vilja að slík stjórn taki við af núverandi ríkisstjórn. Þá eykst eilítið stuðningur við ríkisstjórn núverandi stjórnarandstöðu. Tæp fimm prósent vildu slíka stjórn í síðustu könnun blaðsins en átta prósent segjast nú vilja slíka stjórn nú. Þá dalar stuðningur við ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna og segjast nú 9,3 prósent vilja slíka stjórn eftir kosningar. Stuðningur við stjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar eykst hins vegar og vilja nú 14,5 prósent slíka ríkisstjórn.

svanborg@frettabladid.is






## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir
veðurfræðingur

**Sunnudagur og mánudagur:**
Fyrir þá mörgu sem hjóla eða ganga í vinnuna í þessari viku þá verður veðrið kjörið. Milt og lyngt en þó má búast við úrkomu, fyrst á norðausturhorninu en svo á Suðurlandi þegar líður á vikuna. Í dag má búast við björtu veðri um allt sunnan- og vestanvert landið, en einhver úrkoma verður norðan til.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Norðaustan 5-8 m/s og bjartviðri. Hiti 6-10 stig.







um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 17°C léttskýjað | London | 16°C skúrir | Eindhoven | 18°C skúrir |
| Billund | 16°C skúrir | París | 19°C hálfskýjað | Basel | 21°C léttskýjað |
| Osló | 18°C léttskýjað | Frankfurt | 15°C skúrir | Alicante | 24°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 16°C skúrir | Friedrichshafen | 17°C skúrir | Róm | 21°C skúrir |
| Gautaborg | 11°C hálfskýjað | Berlín | 18°C skúrir | Las Palmas | 23°C heiðskí zrt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN BERST GEGN KVÓTAKERFINU OG MUN AFNEMA ÞAÐ

## Sjávarbyggðir Íslands skulu blómstra á ný


Guðjón A. Kristjánsson
Norðvesturkjördæmi


Kolbrún Stefánsdóttir
Suðvesturkjördæmi


Jón Magnússon
Reykjavík Suður


Sigurjón Þórðarson
Norðausturkjördæmi


Magnús Þór Hafsteinsson
Reykjavík Norður


Grétar Mar Jónsson
Suðurkjördæmi

- Núverandi kvótakerfi sóar verðmætum með brottkasti.
- Leiguliðar kvótagreifanna eru arðrændir á hverjum degi.

Frjálslyndi flokkurinn mun breyta þessu og berjast gegn kvótakerfinu og þar með leiguforréttindum og fénýtingu veiðiheimilda.
Kvótaleiga og sala einstaklinga á fiskveiðiauðlindinni er siðlaus.
Frjálslyndi flokkurinn stendur heill og óskiptur gegn gjafakvótanum, íslenska þjóðin má ekki bregðast.

**Frjálslyndi flokkurinn hafnar alfarið einkavæðingu á orkufyrirtækjum landsmanna.**

- Flýtum Sundabraut
- Tvöföldum Suðurlandsveg
- Tvöföldum Vesturlandsveg
- Höldum áfram í jarðgangagerð og þverunum fjarða.
- Reykjavíkurflugvöll áfram í Vatnsmýrinni.

Frjálslyndi flokkurinn vill halda landinu í byggð.
Stórátak í samgöngumálum styrkir byggðirnar
og eykur umferðaröryggi.

**Kjóstu F!**
*forysta fyrir íslenska þjóð*

XF
Frjálslyndi flokkurinn

**www.xf.is** Skeifan 7 | Reykjavík | sími 553 6061

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér kosningabaráttan málefnaleg?*

| | |
|---|---|
| Já | 33,9 % |
| Nei | 66,1 % |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ferð þú reglulega til tannlækn-is?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Gámur með sex tonn af salti innanborðs rann af stað og hafnaði á húsi:

# Mildi að enginn slasaðist

**LÖGREGLUMÁL** Tengivagn með flutningagámi sem skilinn hafði verið eftir á plani Vörumiðlunar á Blönduósi rann af stað í hádeginu í gær. Hann rann framhjá söluskála N1 og hafnaði að lokum á húsi sem skemmdist töluvert. Í gáminum voru sex tonn af salti en talið er að bremsubúnaður hafi gefið sig.

„Þetta eru töluverðar skemmdir því burðarverkið í húsinu varð fyrir hnjaski. Vagninn lenti á burðarsúlu sem laskaðist. Auk þess gengu gluggar og gólf til við höggið og rúður brotnuðu,“ segir Lárus Björnsson húsasmíðameistari. Lárus er ásamt fleirum eigandi hússins sem vagninn hafnaði á. Um er að ræða gamla vélsmiðju sem verið er að gera upp og breyta á í veitingastað.

Fjöldi fólks var á svæðinu þegar slysið átti sér stað og mildi þykir að enginn skuli hafa orðið fyrir vagninum. Hann rann fram hjá bensíndælum og N1 söluskálanum áður en hann hafnaði á vélsmiðjuhúsinu.

Sambærilegt atvik átti sér stað á sama stað í fyrra. Þá rann tengivagn af stað á þessu sama bílaplani og hafnaði á söluskálanum sem skemmdist töluvert. **- þo**



**MIKLAR SKEMMDIR** Húsið laskaðist töluvert þegar sex tonna gámur á tengivagni hafnaði á því. MYND/GRÍMUR LÁRUSSON

Ökumaður skarst á höfði:

# Tvö hjólhýsi út af á sama stað

**LÖGREGLUMÁL Tvö hjólhýsi fuku út af veginum í Breiðavaðsbrekku skammt frá Blönduósi síðdegis í gær. Annar bíllinn valt og skarst ökumaðurinn á höfði en mun þó ekki hafa slasast alvarlega.**

**Að sögn lögreglu valt fyrst lítið hjólhýsi, dregið af pallbíl, og losnaði það strax aftan úr bílnum. Í honum voru hjón með ungt barn og sluppu þau ómeidd.**

**Ökumaðurinn fór út að kanna skemmdir á hjólhýsinu en þá kom jeppi með hjólhýsi í brekkuna og fauk það strax á hliðina. Slinkur kom á jeppann og valt hann eina veltu. Tveir menn voru í bílnum og skarst annar þeirra á höfði. - sh**

Va Tech á Kárahnjúkum:

# Gerir upp við Indónesana

**VINNUMARKAÐUR** Samkomulag hefur tekist milli samstarfsnefndar stéttarfélaganna og móðurfélags Va Tech í Þýskalandi um túlkun kjarasamningu þrjátíu Indónesa á Kárahnjúkum. Mennirnir voru á launum sem verkamenn en voru iðnaðarmenn og munaði þar 400 krónum á tímann í dagvinnu. Þorbjörn Guðmundsson, formaður samstarfsnefndarinnar, segir að fulltrúar móðurfélagsins hafi komið hingað til lands og samkomulag við þá hafi verið mjög gott. Málið hafi því fengið farsælar lyktir. **- ghs**



**ÞORBJÖRN GUÐMUNDSSON**

Samningur um Hekluskóga:

# Yfirlýsing vegna ummæla í frétt

**UMHVERFISMÁL** **Vegna fréttar um deilur vegna Hekluskógasamnings vill Guðmundur Halldórsson taka fram eftirfarandi: „Í Fréttablaðinu 6. maí eru höfð eftir mér orð sem má túlka sem alvarlega ásökun á starfsmenn landbúnaðarráðuneytisins. Slíkt var alls ekki mín meining og vil ég biðja starfsmenn ráðuneytisins afsökunar á þessu. Í fréttinni kemur einnig fram að ég hafi verið í virku samráði við ráðuneytið um gerð samningsins. Það samráð átti sér stað á fyrri stigum samningsgerðar og eftir það tók hann miklum breytingum, þar sem m.a. var gert ráð fyrir því að samráðsnefndin verði opin fleiri aðilum. Ég vil að lokum ítreka að ég harma að ég hef látið orð falla sem gætu skilist sem alvarlegar ásakanir á starfsmenn landbúnaðarráðuneytisins, slíkt var alls ekki ætlun mín.“**

## SKILABOÐ DAGSINS FRÁ FORMÖNNUM FLOKKANNA

**Ómar Ragnarsson (I)**

### Leiðréttum skattleysismörkin



Það þarf að leiðrétta skattleysismörk og færa þau til jafns við það sem í gildi var við valdatöku núverandi stjórnarflokka sem jafngildir 142.600 krónum að núvirði. Að slíta skattleysismörk úr samhengi við þróun launa eins og núverandi ríkisstjórn hefur gert er skammarleg framkoma við hina lægst launuðu í landinu, ekki síst með hliðsjón af gríðarlegri tekjuaukningu ríkissjóðs á undangengnu kjörtímabili og ríkulegs eftirlaunafrumvarps í þágu þingmanna og ráðherra á sama tíma. Það á að hætta að líta á aldraða og öryrkja í þessu landi sem afgangsstærð.

**Geir H. Haarde**

### Góðar kveðjur til Ólafs Ragnars



Ég vil byrja á að senda Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, bestu kveðjur með von um að hann nái fullri heilsu sem allra fyrst. Að öðru leyti vil ég þakka fyrir þann góða stuðning sem Sjálfstæðisflokkurinn nýtur, ef marka má skoðanakannanir. Ég hvet fólk hins vegar til þess að sofna ekki á verðinum á lokasprettinum enda eru það hin endanlegu úrslit kosninganna sem skipta máli. Það er mikilvægt að áfram verði vel haldið á málum í íslensku þjóðfélagi og það verður best tryggt með því að greiða Sjálfstæðisflokknum atkvæði á laugardaginn. Þannig byggjum við áfram á þeim trausta grunni sem lagður hefur verið undanfarin ár.

**Steingrímur J. Sigfússon (V)**

### Tími kominn til breytinga



Við Vinstri græn höfum lagt okkar málefnaáherslur fram undir kjörorðinum „Allt annað líf!“ og með því undirstrikað að hér verða breytingar til batnaðar ef Vinstrihreyfingin – grænt framboð styrkist í þessum kosningum. Tólf ára valdatíð Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks er langur tími, of langur og nú mega þessi ár ekki verða fleiri. Tími er til kominn að hér verði breytingar á sviði jafnréttis-, velferðar-, umhverfis-, atvinnu- og byggðamála að ógleymdum utanríkismálum. Smánarblett eins og þann að setja Ísland á lista yfir stuðningsaðila Íraksstríðsins verður að þvo af. Þá reikninga og marga fleiri verður hægt að gera upp á laugardaginn kemur.

**Jón Sigurðsson (B)**

### Staðan er óviðunandi



Þegar aðeins fimm dagar eru til kosninga mælist fylgi Framsóknarflokksins óviðunandi í skoðanakönnunum. Ef niðurstaða kosninga verður í þessa veru er ljóst að Framsóknarflokkurinn hefur ekki þann styrk sem nauðsynlegur er til stjórnarsetu og aðrir flokkar tækju þá við stjórn landsmála. Ef svo færi er hætta á að stöðugleika, kaupmáttaraukningu og velmegun landsmanna yrði ógnað. Við erum þó alls óhrædd því meðbyrinn fer vaxandi og stemmingin í okkar röðum er mikil. Við trúum því að verk okkar verði metin að verðleikum og árangurinn verði eftir því þann 12. maí næstkomandi.

**Guðjón Arnar Kristjánsson (F)**

### Þjóðin á ekki óréttlæti kvótakerfisins skilið



Undanfarin ár hefur Frjálslyndi flokkurinn barist fyrir réttlátara þjóðfélagi og því að einstaklingurinn fái sem best notið sín. Kvótakerfið er óréttlátasta kerfi sem íslenska þjóðin hefur búið við síðan á tímum einokunarverslunar Dana. Kvótakerfið drepur niður einstaklingsframtakið, eyðir byggðum landsins og safnar fiskveiðiheimildum þjóðarinnar á fárra manna hendur þar sem margir nota þær í brask og útleigu. Kerfið veldur því að milljarðar hverfa út úr atvinnugreininni sem getur á engan hátt staðið undir okurleiguverði til kvótagreifanna. Skuldir sjávarútvegsins eru nú um 300 milljarðar króna og engin nýliðun er möguleg í atvinnugreininni. Frjálslyndi flokkurinn mun berjast af öllu afli fyrir þjóðareign náttúruauðlinda. Framtíð lands og þjóðar er í húfi. Kjósið Frjálslynda flokkinn.

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (S)**

### Tækifæri til breytinga



Nú eru bara fimm dagar til kosninga. Það er eftirvænting í loftinu enda gefst nú færi á því að breyta því sem aflaga hefur farið í 12 ára valdatíð hægri stjórnarinnar. Við finnum að skýr áhersla okkar á velferð barna og aldraðra og hag heimilanna hefur vaxandi hljómgrunn í samfélaginu. En staðan er tvísýn og ríkisstjórnin gæti haldið velli. Þess vegna þurfa allir sem vilja aukinn jöfnuð og tryggari velferðarþjónustu að leggjast á eitt næstu daga til að tryggja Samfylkingunni góða kosningu á laugardaginn.



**CHRISTIAN KLAR** Gagnrýnendur segja Klar ekki eiga skilið náðun þar sem hann sýni engin merki eftirsjár. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnmálamenn sýni stillingu:

# Möguleg náðun Klar gagnrýnd

**BERLÍN, AP Angela Merkel, kanslari Þýskalands, bað í gær samflokksmenn sína og aðra stjórnmálamenn um að sýna stillingu í gagnrýni þeirra á mögulega náðun eins af forsprökkum Rauðu herdeildanna, Christian Klar.**

**Búist er við því að Horst Köhler, forseti Þýskalands, tilkynni í vikunni hvort hann náði Klar en tvö ár eru enn í að reynslulausn komi til greina. Klar hefur afplánað 24 ár af dómi sínum fyrir aðild að nokkrum morðum, þar á meðal á fyrrverandi ríkissaksóknara. - sdg**

## UMHVERFISMÁL

### Rykmengun könnuð

Rykmengun vegna niðurrifs tuttugu húsa við Þverholt er nú í skoðun bæði hjá Vinnueftirlitinu og Reykjavíkurborg. Þetta kom fram í fréttum Sjónvarps á laugardag. Búist er við að niðurstaða fáist í málið nú eftir helgi.


kópavogsdagar

5.–11. maí 2007

**Meðal dagskráratriða í dag, 7. maí:**

- **Bæjarskrifstofur Kópavogs** kl. 9–15. Vorsýning unglingadeilda Myndlistarskóla Kópavogs.
- **Leikskólinn Álfaheiði** kl. 10–15. Listsýning og opið hús.
- **Smáratorg**. Listsýning frá leikskólanum Smárahvammi.
- **Safnahús**. Bókasafnið og Náttúrufræðistofa kl. 10 og 11. Börn og bangsar á Norðurslóð. Fræðsluerindi fyrir börn á leikskólaaldri.
- **Salurinn** kl. 18. Opin æfing Tónlistarskóla Kópavogs.
- Leiksýningar • myndlistarsýningar • opin hús.

**Kynnið ykkur dagskrána nánar á kopavogur.is**

PIPAR • SÍA • 70808-A


Varaformaður Samfylkingar hvetur stjórnvöld til þess að styrkja tónleika:

# Vilji til þess að hýsa Live Earth

**MENNING** Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, segir þau hneisu ef íslensk stjórnvöld vilja ekki styrkja Live Earth-tónleikana sem stendur til að halda í Reykjavík í sumar.

„Íslensk stjórnvöld ættu að hoppa á þetta tækifæri og það er með ólíkindum að það skuli taka fimm mánuði að taka afstöðu,“ segir Ágúst. Hann segir að það sé tvímælalaust í verkahring stjórnvalda að styðja við menningarviðburði sem setja loftslagsmálin í forgrunn.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á laugardag hefur Kári Sturluson, „sendiherra“ Live Earth á Íslandi, óskað eftir fjárstyrk frá stjórnvöldum svo að hægt verði að halda tónleikana hér á landi. Um er að ræða heimsviðburð sem tvær milljónir manna munu fylgjast með í beinni útsendingu. Kári sendi erindi til Reykjavíkurborgar og forsætisráðuneytisins í janúar þar sem hann óskaði eftir styrk.

Svanhildur Konráðsdóttir, sviðstjóri menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar, segir hugmyndirnar hafa fallið vel í kramið hjá borgaryfirvöldum.

„Þessar hugmyndir voru kynntar fyrir mér og aðstoðarmanni borgarstjóra. Við óskuðum eftir því að Kári færi yfir verkefnið í samvinnu við viðburðadeild höfuðborgarstofu. Sú greining hefur ekki borist okkur enn og því er ekki hægt að taka afstöðu til málsins,“ segir Svanhildur. **- þo**



**STÓRTÓNLEIKAR** Tónleikarnir verða haldnir í Ríó, Tókýó, Shanghaí, London, New York, Sydney, Jóhannesarborg og ef til vill á Miklatúni í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




## STYDDU EIRÍK ALLA LEIÐ – SENDU HONUM STUÐNINGSKVEÐJU Á SPRON.IS

**Einn heppinn þátttakandi mun vinna glæsilegt 42" LCD-sjónvarp og daglega verður dreginn út Eurovision-varningur.**

**Eiríkur mun fylgjast með kveðjunum á Netinu og virkja kraftinn þaðan í keppninni.**

**Hægt er að fara daglega á spron.is og senda stuðningskveðju og auka þannig í leiðinni vinningslíkur sínar.**

**Spron styður Eirík – hvað með þig?**

*75 ára* | spron

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hversu mörg ár eru liðin frá lokum Surtseyjarelda?*
2. *Hversu marga bíla eyðilögðu skemmdarvargar við Kaplakrika í Hafnarfirði aðfaranótt laugardags?*
3. *Fyrir hvað stendur megrunardagurinn sem haldinn var alþjóðlegur í gær?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

N1 ákveður að birta ekki upplýsingar um eldsneytisverð hjá félaginu á vefnum:

# Neytendur skoða ekki á netinu

**NEYTENDUR** Stjórnendur N1, sem varð til með sameiningu Olíufélags Íslands og Bílanausts, hafa tekið þá ákvörðun að birta ekki eldsneytisverð á vef fyrirtækisins, eins og öll önnur fyrirtæki sem selja eldsneyti til íslenskra neytenda hafa gert um árabil.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda vekur athygli á þessu á vef sínum og telur þetta hreina afturför.

„Það var ákveðið að taka þetta út vegna þess að þetta er ekki það sem neytandinn vill sjá á heimasíðunni,“ segir Ingunn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri neytendasviðs hjá N1. „Við teljum ekki á nokkurn máta að það séu nokkur óþægindi sem hljótist af [fyrir viðskiptavini], nema síður sé.“

Ingunn segir að viðskiptavinir fari ekki á netið til að kanna verðið á eldsneyti. Neytendur kanni frekar eldsneytisverð á sínum sölustöðum og hjá samkeppnisaðilum í nágrenninu. Verðið sé nú í grunninn það sama um allt land, þó að vissulega sé gefinn mismikill afsláttur á sölustöðum félagsins.

Spurð hvort hún óttist ekki að N1 verði undir í samkeppninni ef fyrirtækið veiti neytendum lakari þjónustu að þessu leyti segir Ingunn: „Við teljum þetta ekki vera lakari þjónustu, við teljum þetta vera mjög góða þjónustu. Við birtum verðið á stöðvunum þar sem viðskiptavinurinn kemur. Ef við erum með samkeppni á ákveðnum stöðum erum við í útvarpi, sjónvarpi og öllum miðlum.“ **- bj**

Vinnslustöðin í Eyjum græðir:

# Afkoman sú besta í sögunni

**SJÁVARÚTVEGUR** Afkoma Vinnslustöðvarinnar hf. í Vestmannaeyjum á síðasta ári var sú besta í sextíu ára sögu fyrirtækisins. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu sem fyrirtækið sendi frá sér í gær.

Tekjur þess numu 5,8 milljörðum og hafa aldrei verið hærri. Framlegð og velta voru einnig í sögulegu hámarki. Afli skipaflota Vinnslustöðvarinnar jókst í heild um 35 prósent á síðasta ári og afli nótaskipanna enn meira, um 50 prósent. Að sögn framkvæmdastjórans Sigurgeirs Brynjars Kristgeirssonar var árangur nótaskipanna aðallega svokölluðu tvíburatrolli að þakka. **- sh**

Ríkisstjórn Finnlands:

# Konurnar í útgjaldamestu ráðuneytunum

**FINNLAND Kvenráðherrarnir í Finnlandi hafa þyngstu ráðuneytin í nýju ríkisstjórninni ef marka má óformlega könnun finnska dagblaðsins Helsingin Sanomat. Þar kemur fram að þær konur sem gegna tólf af tuttugu ráðherraembættum eru í útgjaldafrekum ráðuneytum, til dæmis félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu og menntamálum.**

**Ef skipting ráðuneyta er skoðuð milli flokka kemur í ljós að Hægriflokkurinn hefur þyngstu ráðuneytin ef miðað er við fjárveitingar. Hann hefur til dæmis fjármálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið. Miðflokkurinn hefur hins vegar meiri völd í innanríkismálum, til dæmis í vinnumarkaðsmálum og velferðarmálum.** **- ghs**

Íslandshreyfingin kynnti stjórnmálaályktun sína á fjölmennu vorþingi í Iðnó:

# Húsfyllir og bjartsýni hjá Íslandshreyfingunni

**STJÓRNMÁL** Húsfyllir var í Iðnó í gær á vorþingi Íslandshreyfingarinnar. Á þinginu var stjórnmálaályktun flokksins borin upp og samþykkt.

Margrét Sverrisdóttir, varaformaður flokksins, segist bjartsýn á gott gengi í kosningunum á laugardag, þrátt fyrir að kannanir bendi til þess að flokkurinn nái ekki manni á þing. „Við höfum verið að sækja í okkur veðrið undanfarið. Ég hef líka sagt að þetta eina prósent sem okkur vantar upp á er mjög dýrmætt því við fáum þrjá þingmenn út á það, á meðan aðrir fá kannski ekki neitt.“

Stjórnmálaályktun flokksins er tvískipt. Annar hlutinn nefnist „Höfnum hneykslanlegri framgöngu sérgóðra stjórnmálamanna í garð hinna verst launuðu“ og er megininntak hans að hækka skuli skattleysismörk í 142.600 krónur. Hinn hlutinn ber yfirskriftina „Stöðvum útsölu auðlindanna“ og er þar aðallega fjallað um stóriðjumál, auk þess sem tæpt er á óréttlátri úthlutun kvóta.

Ómar Ragnarsson, formaður flokksins, ávarpaði gesti við upphaf þingsins. Andri Snær Magnason rithöfundur flutti ræðu, sem og Katrín Ólafsdóttir, lektor í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík, sem ræddi um það hvernig lægri skattar gætu aukið tekjur ríkissjóðs. **- sh**



**ANDRI SNÆR OG ÓMAR** Ómar Ragnarsson, formaður Íslandshreyfingarinnar – lifandi lands, heilsar Andra Snæ Magnasyni rithöfundi sem hélt ræðu á vorþinginu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


Þarftu að fá nýtt skattkort eða fá gamla kortinu skipt?

Nú getur þú sótt um *Nýjung!*

**skattkort**
**á skattur.is**

**og fengið það sent**




**1 -** Umsækjandi sækir um skattkort á **skattur.is**

**2 -** Skattstjóri fer yfir umsóknina

**3 -** Skattkortið berst í pósti

*Sótt er um skattkort á:*

**www.skattur.is**

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI




**STYRKVEITING** Úthlutað var úr Umhverfis- og orkurannsóknasjóði Orkuveitu Reykjavíkur á sunnudag.

Styrkveiting Orkuveitunnar:

# Fjörutíu verkefni fá 100

**STYRKUR** Tvö verkefni, byggð á hugmyndum um meðferð gróðurhúsalofttegunda, hlutu hæstu styrki úr Umhverfis- og orkurannsóknasjóði Orkuveitu Reykjavíkur, samanlagt 21,4 milljónir króna. Athöfnin fór í fyrsta sinn fram í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur á sunnudag.

Stjórn sjóðsins þótti verkefnin njóta sérstöðu í ýmsu tilliti, meðal annars þar sem virtir fræðimenn stýrðu þeim og því meiri líkur á að þær leiddu til vísindalegrar þekkingar á heimsvísu. Orkuveita Reykjavíkur styrkti alls 40 umhverfis- og orkurannsóknir um 100 milljónir króna. **- rve**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

## Þyrlan sótti slasaða konu

Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti í gær konu sem hafði fótbrotnað í gönguferð við Botnssúlur. Ekki var bílfært á staðinn og því var þyrlan kölluð á staðinn.

## Erill hjá lögreglunni

Talsverður erill var hjá lögreglunni vegna ölvunar í miðborg Reykjavíkur aðfaranótt sunnudags. Allar fangageymslur voru fullar í gærmorgun og ein líkamsárás hafði verið kærð.



Þjónustuver VÍS er opið alla virka daga milli kl. 8.00 og 17.30, sími **560 5000**. Þar geta korthafar fengið allar upplýsingar um tryggingavernd sína og viðbrögð við tjónum.

Verið velkomin!

# VÍS býður VISA korthafa velkomna

VISA býður korthöfum Kaupþings, Sparisjóðanna, SPRON, BYRS og Netbankans aðgang að þéttriðnu Þjónustuneti VÍS, öflugusta og stærsta þjónustuneti tryggingafélaga á Íslandi. Þar með opnast VISA korthöfum tryggingaþjónusta á 46 þjónustuskrifstofum VÍS, hringinn í kringum landið.
VÍS leggur höfuðáherslu á að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu, hvort sem er á þjónustuskrifstofum eða í þjónustuveri. Þú finnur upplýsingar um staðsetningu þjónustuskrifstofu VÍS sem er næst þér á www.vis.is.

SPARISJÓÐURINN KAUPÞING BYR SPARISJÓÐUR spron SPARISJÓÐUR REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS Netbankinn

Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 vis.is

VISA VÍS Þar sem tryggingar snúast um fólk

Trúnaðarmaður vann mál gegn sveitarfélagi vegna ólögmætrar uppsagnar:

# Snæfellsbær er eins og Kúba

**VINNUMARKAÐUR** „Þetta er eins og að búa á Kúbu, algjört einræði og valtað yfir hvern sem er,“ segir Sumarrós Hansdóttir, fyrrverandi trúnaðarmaður og starfsmaður hjá Snæfellsbæ. Hún vann nýlega mál gegn Snæfellsbæ vegna ólögmætrar uppsagnar frá störfum.



**ÓLAFSVÍK** Trúnaðarmaðurinn líkir stjórnarháttum meirihlutans í Snæfellsbæ við þá sem þekkjast á eyju Fídels Kastró í Karíbahafi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sex starfsmönnum bæjarins var sagt upp störfum síðastliðið sumar. Síðan voru þeir allir endurráðnir nema Sumarrós, trúnaðarmaður hópsins. Að auki voru þrír nýir starfsmenn ráðnir til starfa. „Ég var trúnaðarmaður og þurfti að beita mér fyrir hópinn,“ segir hún og vísar til deilu sem kom upp vegna breytts starfsfyrirkomulags.

Uppsögn Sumarrósar var dæmd ólögmæt og bærinn bótaskyldur. Eftir sem áður er hún atvinnulaus og svartsýn á framtíðarhorfur. „Það eru afskaplega litlir möguleikar hér í Snæfellsbæ, ég tala ekki um hjá konu sem er að verða sextug. Það er gífurlegur sársauki sem fylgir því að vera sviptur öllu án þess að hafa brotið nokkuð af sér.“ Sumarrós lofar þó afstöðu minnihluta bæjarstjórnar, sem hafi beitt sér eftir megni í málinu. Sérstaklega nefnir hún Gunnar Örn Gunnarsson. „Hann á heiður skilið fyrir drengilega framkomu.“ - kóþ

Risi vaknar af dvala og skelfir Reykvíkinga um næstu helgi:

# Hola ógurlegs risa í miðbænum

**LISTIR** Götuleikhúsið Royal de Luxe frá Frakklandi mun um næstu helgi setja á svið ævintýri um risa sem vakinn er af værum blundi í Reykjavík og gerir mikinn usla í höfuðborginni. Umgjörð ævintýrisins er sjálf miðborgin.

Verkið er upphafsatriði Listahátíðar í Reykjavík sem standa mun til 26. maí. Hefst verkið er franskir fornleifafræðingar að störfum vestan við Kaffi Reykjavík vekja risann af árþúsunda löngum dvala. Brýst hann upp úr risastóru eggi sem rýfur yfirborðið. Lætur hann öllum illum látum þar til dóttir hans er fengin til að róa kappann og tæla hann í átt að höfninni. Dóttirin er átta metra há Risessa sem stýrt verður með miklum búnaði um götur og torg Reykjavíkur. - gar



**HOLA RISANS** Gríðarleg hola er komin í bílaplanið við Kaffi Reykjavík. Í henni verður egg reiða risans sem tröllríða mun Reykjavík kosningahelgina næstu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







# RISAVIKA Í HÁTÆKNI




**Frábær tilboð á plasmasjónvörpum, mögnurum og fleiru – bara þessa viku!**

**HITACHI**

42" plasmasjónvarp - 42PD8600
Verð áður 229.995 kr.
**Tilboðsverð 179.995 kr.**

PIPAR • SÍA • 70834

**YAMAHA**

## FRÁBÆRIR TILBOÐSPAKKAR – TAKMARKAÐ MAGN

### TILBOÐSPAKKI 1




Verð áður 259.995 kr.
**Tilboðsverð 189.995 kr.**
Palladine 42" LCD sjónvarp - EPT4210M
Yamaha HTIB359 heimabíósett

### TILBOÐSPAKKI 2




Verð áður 229.290 kr.
**Tilboðsverð 159.995 kr.**
Palladine 37" LCD sjónvarp - EPT3710D
Yamaha HTIB-359 heimabíó

### TILBOÐSPAKKI 3




Verð áður 187.985 kr.
**Tilboðsverð 149.995 kr.**
Palladine 32" LCD sjónvarp - EPT3230
Yamaha YSP900 heimabíó
Yamaha YSTFSW100 bassabox

### TILBOÐSPAKKI 4




Verð áður 322.979 kr.
**Tilboðsverð 279.995 kr.**
Hitachi 37" LCD sjónvarp - 37LD8500
Yamaha YSP900 heimabíó
Yamaha YSTFSW100 bassabox
YSP 900 sérhannað sjónvarpsborð

### TILBOÐSPAKKI 5




Verð áður 78.990 kr.
**Tilboðsverð 59.995 kr.**
Palladine 19" LCD sjónvarp - EPT1930M
Cubo útvarp með innbyggðum geislaspilara

### TILBOÐSPAKKI 6



Verð áður 229.995 kr.
**Tilboðsverð 179.995 kr.**
KEF KHT6000 heimabíó
PSW3500 bassabox



Yamaha RXV2700 magnari
Verð áður 169.995 kr.
**Tilboðsverð 149.995 kr.**



Yamaha RXV1700 magnari
Verð áður 129.995 kr.
**Tilboðsverð 99.995 kr.**



Yamaha RXN600 magnari
Verð áður 69.995 kr.
**Tilboðsverð 54.995 kr.**



Yamaha RXV659 magnari
Verð áður 69.995 kr.
**Tilboðsverð 54.995 kr.**



Yamaha RXV559 magnari
Verð áður 59.995 kr.
**Tilboðsverð 39.995 kr.**



Logitech Harmony 1000 fjarstýring
Verð áður 59.995 kr.
**Tilboðsverð 49.995 kr.**



Logitech Harmony 895 fjarstýring
Verð áður 39.995 kr.
**Tilboðsverð 33.995 kr.**



Logitech Harmony 555 fjarstýring
Verð áður 14.995 kr.
**Tilboðsverð 11.995 kr.**

Sjónvarpið, DVD-tækið, heimabíóið, hljómflutningstækin – öllum græjum heimilisins stjórnað með einni fjarstýringu.

**Hátækni**

**Opnunartími:** virka daga 9-18 | laugardaga 11-15

**Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is**



**UMDEILDUR LEIÐTOGI** Kínverskir listunnendur virða fyrir sér styttu af leiðtoga Norður-Kóreu, Kim Jong Il, þar sem hann heldur á AK47-riffli og handsprengju. NORDICPHOTOS/AFP

Capacent Gallup leiðréttir ofreiknaðan auglýsingakostnað Framsóknarflokksins:

# Tvíbókuðu birtingar flokksins

**STJÓRNMÁL** Kostnaður Framsóknarflokksins vegna auglýsinga var ofreiknaður um rúmar 4,3 milljónir króna við samantekt á auglýsingakostnaði stjórnmálaflokkana á föstudag. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Capacent Gallup þar sem fyrirtækið biðst velvirðingar á mistökunum, en greinir jafnframt frá því að villan hafi verið tilkomin vegna tvíbókunar á birtingum flokksins.

Í leiðréttum niðurstöðum sem Capacent sendi frá sér í gær kemur fram að Samfylkingin hefur varið mestu til auglýsinga til þessa, eða 11,7 milljónum króna, sem eru 41,8 prósent af þeim 28 milljónum króna sem heimilt er að verja til auglýsinga. Framsóknarflokkurinn hefur varið rúmlega 10,6 milljónum, eða 38,1 prósenti. Vinstri græn hafa varið 9,1 milljón, eða 32,6 prósentum, og Frjálslyndi flokkurinn rúmum 8,3 milljónum, eða 29,9 prósentum. Sjálfstæðisflokkurinn hefur varið rúmlega 6,5 milljónum, eða 23,3 prósentum. Alls hafa flokkarnir því varið 46,4 milljónum af þeim 140 milljónum sem þeim er leyfilegt að verja til auglýsinga í kosningabaráttunni.

Í samantektinni kemur fram að flokkarnir nýta sér prentmiðla að stórum hluta til baráttu sinnar en minnst er auglýst í útvarpi. Aðeins Framsóknarflokkurinn og Vinstri græn höfðu nýtt sér auglýsingar í sjónvarpi þegar úttektin var gerð 2. maí. - shá




**AUGLÝSING** Samfylkingin hefur varið mestu til auglýsinga í kosningabaráttunni ekki Framsóknarflokkurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Brotlending á Sínaí-skaga:

## Flugvél friðargæsluliða fórst

**EGYPTALAND, AP Níu friðargæsluliðar létust þegar flugvél sem þeir voru farþegar í hrapaði í afskekktu fjallendi á Sínaí-skaga í Egyptalandi í gær. Átta þeirra voru Frakkar og einn Kanadamaður.**

**Reynt var að nauðlenda flugvélinni á þjóðvegi í fjalllendinu en eftir að hafa rekist í vörubíl brotlenti hún nálægt veginum. Bílstjórinn komst ómeiddur út úr vörubílnum eftir að það kviknaði í honum.**

**Fleiri voru um borð í flugvélinni en venjulegt er að sögn talsmanns alþjóðlega friðargæsluliðsins í Egyptalandi. Orsök slyssins var ókunn. - sdg**

Auður í krafti kvenna:

## Haldið áfram í verkefninu Mannauður

**JAFNRÉTTISMÁL** Undirritaður hefur verið samstarfssamningur Háskólans í Reykjavík við Landsbankann, Deloitte, Morgunblaðið og Nýsköpunarsjóð um verkefnið Mannauður. Um nýtt verkefni er að ræða sem er sjálfstætt framhald verkefnisins „Auður í krafti kvenna“ og er því nú ætlað að ná jafnt til karla og kvenna.

Í fréttatilkynningu segir að tilgangurinn sé að virkja betur mannauð Íslands og stuðla þannig að auknum hagvexti og betri lífsgæðum. Þetta verði gert með því að efla þekkingu fólks á fjármálum, frumkvæði og forystu. Jafnframt verði leitast við að skilgreina leiðir til þess að tryggja jafnvægi milli einkalífs og vinnu. - ghs

Neytendasamtökin:

## Grimmari samkeppni en áður

**NEYTENDAMÁL Jóhannes Gunnarsson, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, telur að miðað við minni verðbreytingar á eldsneyti hér á landi upp á síðkastið og þá vitneskju að verð hafi hækkað erlendis komi sér ekki á óvart að FÍB komist að þeirri niðurstöðu að álagning olíufélaganna sé óvenjulág á eldsneyti þessar vikurnar, eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku. „Það er alveg greinilegt að samkeppni á eldsneytismarkaði er grimmari nú en oftast áður,“ segir Jóhannes og bætir við: „Raunar hefur Atlantsolía verið að saka hin olíufélögin um undirverðlagningu en það er samkeppnisyfirvalda að rannsaka það.“ - ghs**

# Brennuvargar eru ófundnir

**Íbúðarhús við Lundargötu á Akureyri stórskemmdist í bruna í gærmorgun. Á sama tíma barðist slökkviliðið við elda sem kveiktir voru í ruslagámum og ferðaklósettum í miðbænum. Sömu brennuvargar kunna að hafa verið á ferðinni í öllum tilfellum. Málið er í rannsókn hjá lögreglunni á Akureyri.**

**BRUNI** Tilkynnt var um eld í kjallara húss að Lundargötu 17 um klukkan sex í gærmorgun. Þá var allt lið slökkviliðsins að störfum í miðbænum við að slökkva elda sem kveiktir höfðu verið í ruslagámum og ferðaklósettum á fjórum stöðum í miðbænum.

Ingimar Eydal, aðstoðarslökkviliðsstjóri á Akureyri, segir að greiðlega hafi gengið að slökkva eldinn á Lundargötu en slökkvistarfi var lokið um klukkan átta. „Við höfðum þegar kallað út aukavakt og dælubíla til þess að slökkva elda í ruslagámum og því höfðum við góðan mannafla til þess að glíma við eldinn á Lundargötunni,“ segir Ingimar.

Húsið er tveggja hæða forskalað timburhús með tveimur íbúðum. Íbúar hússins höfðu komið sér út af sjálfsdáðum en ekki var vitað um afdrif eins þeirra þegar slökkvilið bar að garði. Reykkafarar fóru því inn í húsið til að tryggja að það væri mannlaust.

Ingimar segir að talsverður eldur hafi verið í húsinu. „Eldurinn kemur upp í kjallaranum og nær fljótlega að læsa sig í gólfið þar fyrir ofan. Þaðan fer hann inn í millivegg sem er einangraður með sagi og spæni svo það tók dágóðan tíma að slökkva hann,“ segir Ingimar.

Ekki er ljóst að svo stöddu hvernig eldurinn kviknaði en lögreglan á Akureyri fer með rannsókn málsins. Ingólfur segir að margt bendi til þess að kveikt hafi verið í.



**GRUNUR UM ÍKVEIKJU** Húsið við Lundargötu er óíbúðarhæft eftir brunann. Eldurinn kom upp í kjallara hússins og þar eru ummerki um mannaferðir. MYND/HREIÐAR JÚLÍUSSON




„Það er hægt að komast inn í kjallarann utan frá og eldurinn virðist hafa kviknað í rusli,“ segir Ingimar.

Hermann Karlsson, varðstjóri hjá lögreglunni á Akureyri, segir að ekkert liggi fyrir um upptök eldsins og að ekkert sé útilokað í rannsókninni. „Það er ljóst að það höfðu verið mannaferðir í húsinu og einhver hefur farið inn í kjallarann,“ segir Hermann.

Hvað varðar íkveikjuna í ruslagámunum og á ferðaklósettunum segir Hermann að líklegast sé að þar hafi sömu einstaklingar verið á ferð. „Þessir eldar kvikna allir á sama hálftímanum. Hins vegar er of snemmt að segja til um hvort brennuvargarnir sem þar voru á ferð séu þeir sömu og voru á ferð í Lundargötunni,“ segir Hermann.

Það verður að teljast harla óvenjulegt að slökkviliðið á Akureyri sinni svo mörgum brunaútköllum á einum morgni. Á þessum sama sólarhring sinnti slökkviliðið auk þess tveimur sjúkraflugum og bjargaði páfagauki úr lífsháska.

thorgunnur@frettabladid.is

**TILKYNNINGAR UM ELD Á AKUREYRI Á TÍMABILINU 5.37 TIL 6.30 Á SUNNUDAG**

1) Eldur í gámi við Hótel Norðurland
2) Eldur í ruslagámi við Kaffi Akureyri
3) Eldur í ruslagámi við Skipagötu 12
4) Eldur í íbúðarhúsi við Lundargötu
5) Eldur í klósettgámi við Borgarbíó





Hlutabréfareikningur II

100% höfuðstólstrygging!

**Nýr fjárfestingarkostur**

- tekur mið af erlendum hlutabréfavísitölum

**Hlutabréfareikningur II**

- 100% höfuðstólstrygging
- Lágmarksupphæð kr. 500.000
- Ávöxtun tekur mið af erlendum hlutabréfavísitölum í V-Evrópu, A-Evrópu og Asíu.
- Ekkert þak á ávöxtun
- Binditími 2 ár

***Sölutímabil er 2.-10. maí 2007***

Nánari upplýsingar á **spron.is** eða hjá þjónustufulltrúa í síma **550 1200**
*M.v. 20. apríl sl. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíðinni.
Hlutabréfavísitölur geta hækkað jafnt sem lækkað.

75 ára | spron

ARGUS 07-0301

Samningur um bóluefni:

# Tryggja 300.000 skammta af lyfi

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisráðherra hefur undirritað samning við lyfjafyrirtækið GlaxoSmithKline um að fyrirtækið tryggi Íslendingum 300 þúsund skammta af bóluefni gegn inflúensuheimsfaraldri. Kostnaður íslenskra stjórnvalda vegna hans er um 19,5 milljónir króna á þessu ári og 19,5 milljónir á því næsta.

Gerðir hafa verið samningar um kaup á inflúensulyfjum, dreypilyfjum og hlífðarbúnaði vegna hugsanlegs inflúensufaraldurs. Einnig er unnið að því að tryggja birgðir af nauðsynlegustu lyfjum til að standast heimsfaraldur á borð við inflúensu. - jss

Útskriftarnemar í vélstjórn við VMA vilja að verknámi sé gert hærra undir höfði:

# Níðstöng gegn menntastefnu

**MENNTAMÁL** „Við erum óánægðir með það hvernig staðið er að verknámi í landinu og vildum vekja athygli á því með þessu uppátæki,“ segir Þorbjörn Jóhannsson, útskriftarnemi í vélstjórn við Verkmenntaskólann á Akureyri. Hann reisti á föstudag níðstöng á skólalóðinni ásamt félögum sínum á vélstjórnarbraut.

Níðstöngin er óhugnanleg enda prýðir hana hestshaus sem félagarnir fengu hjá slátrara. Á stönginni var fest blað með texta sem fuðraði upp þegar kveikt-ur var eldur undir stönginni. Þar sagði meðal annars: „Hér höfum vér reist níðstöng og snúum vér níði þessu að íslenska menntakerfinu fyrir það að sniðganga verknám og verknemendur með öllu fjárhagslega. Snúum vér níði þessu á landvættir þær er land þetta byggja svo allar fari þær villur vegar.“

Þorbjörn segir að hugmyndin að níðstönginni hafi kviknað í íslenskutíma þar sem piltarnir lásu Egils sögu. Hann segir að kennarar og nemendur hafi tekið uppátækinu vel en hann grunar þó að skólameistara, sem er mikill hestamaður, hafi verið svolítið brugðið þegar hann sá hestshausinn. - þo



**NÍÐSTÖNG** Útskriftarnemar á vélstjórnarbraut við VMA reistu níðstöng á dimmisjón. Hér dansar Þorbjörn Jóhannsson í kringum stöngina. MYND/GUÐJÓN ÓLAFSSON

Kjör lögmanna á stofum:

# Karlar fleiri í hálaunaflokki

**VINNUMARKAÐUR Rúmur fjórðungur lögmanna á lögmannsstofum tekur 14.000 krónur eða meira í þóknun fyrir hvern útseldan tíma, fyrir utan virðisaukaskatt. Tæp tvö prósent lögfræðinga eru með undir 7.900 krónur á tímann.**

**Flestir lögmenn raðast þó í launaflokkinn 10.000 til 13.900, eða 64,45 prósent. Í þessum flokki eru 75 prósent kvenna, en 61,22 prósent karla.**

**Í næsta flokki fyrir ofan, 14.000 til 17.900, eru hins vegar 15 prósent kvenkyns lögfræðinga á móti 21,43 prósentum karla.**

**Könnunina vann Lögmannablaðið í janúar þessa árs. - kóþ**



**VIÐ UNDIRRITUN** Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra við undirritun samningsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SÁÁ gerir þjónustusamning:

# Fær 80 milljónir upp í kostnað

**HEILBRIGÐISMÁL Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra og Ásgerður Björnsdóttir, framkvæmdastjóri hjá SÁÁ, undirrituðu í liðinni viku nýjan þjónustusamning sem framlengir eldri samning og færir SÁÁ aukna fjárveitingu. Samningurinn gildir til áramóta og fær SÁÁ samtals 80 milljónir; 40 milljónir króna fyrir árið 2006 og 40 milljónir fyrir 2007.**

**Ari Matthíasson, framkvæmdastjóri hjá SÁÁ, segir að kostnaður hafi aukist gríðarlega 2006 og 2007, til dæmis í viðhaldsmeðferð ópíumfíkla og í sambandi við fasteignagjöld. Hallinn nemi nærri 230 milljónum króna þannig að SÁÁ beri 75 milljónir fyrir hvort ár, og SÁÁ ráði við það. „Við erum býsna dugleg að afla fjár,“ segir hann. - ghs**

Neytendastofa faggilt:

# Hlýtur alþjóðlega vottun til stöðlunar mælitækja

**NEYTENDUR** Neytendastofa hefur hlotið faggildingu frá bresku faggildingarstofunni um alþjóðlega hæfni til stöðlunar mælitækja.



**TRYGGVI AXELSSON**

Neytendastofa staðlar mælitæki á borð við vogir og hitamæla og getur hér eftir veitt alþjóðlega viðurkennda stöðlun.

Í sumum tilvikum er kveðið á um stöðlun mælitækja í lögum en í öðrum tilvikum kjósa fyrirtæki að láta staðla tæki sín til að uppfylla gæðakröfur. - bþs

## ÍSAFJÖRÐUR

### Misdýr niðurrifsföl

Gríðarmikill munur var á tilboðum sem bárust bæjarstjórninni á Ísafirði í niðurrif á húsum við Árvelli í Hnífsdal. Tekið var tilboði upp á 15,5 milljónir króna. Langhæsta tilboðið í verkið var hins vegar 82,2 milljónir. Kostnaðaráætlun var 30 milljónir.


Einstakt tilboð fyrir Vörðufélaga Landsbankans:

# Tilboð á Vildarpunktum á þrjá nýja áfangastaði

**Vörðufélögum býðst 50% punktaafsláttur á ferðum til Halifax, Bergen og Gautaborgar***

- Halifax 25.000 Vildarpunktar í staðinn fyrir 50.000 punkta
- Bergen 19.000 Vildarpunktar í staðinn fyrir 38.000 punkta
- Gautaborg 19.000 Vildarpunktar í staðinn fyrir 38.000 punkta
- Barnaafsláttur Vildarklúbbsins gildir í þessar ferðir.

Með því að bóka á www.vildarklubbur.is sparast 2.000 kr. þjónustugjald. Þú getur líka bókað í síma 5050 100 gegn 2.000 kr. þjónustugjaldi. Nánari upplýsingar á www.landsbanki.is og www.vildarklubbur.is

**Sölutímabil 7., 8., og 9. maí. Ferðatímabil: 17. maí til 20. júní**

*Ath. Flugvallaskattar eru ekki innifaldir.

## Aðild að Vörðu Landsbankans margborgar sig

Í Vörðunni nýtur þú ávinnings af því að vera með heildarviðskipti þín hjá Landsbankanum, færð betri yfirsýn yfir fjármálin, persónulegri ráðgjöf og þjónustu. Auk þess getur þú safnað Vildarpunktum með debet-og kreditkortinu þínu.

Með aðild að netklúbbi Vörðunnar færðu reglulega sendar fréttir af nýjungum í þjónustu bankans og spennandi tilboð. Það er einfalt að skrá sig á www.landsbanki.is undir Varðan eða að hringja í Ráðgjafa-og þjónustuver Landsbankans í síma 410-4000.




ICELANDAIR Vildarklúbbur

Landsbankinn

## „ORÐRÉTT“

### *Ákafur elskhugi*

**„Þetta lítur ekki vel út,“ sagði ég áhyggjufull og beygði mig neðar til að skoða blæðandi sárið á vinstri rasskinn tauga-óstyrku vinkonu minnar.“**

ELLÝ ÁRMANNS DREGUR EKKERT UNDAN ÞEGAR HÚN LÝSIR ÁSTANDI VINKONU SINNAR EFTIR HARÐHENTAN ELSKHUGA.

**www.ellyarmanns.blog.is/blog/ ellyarmanns/ 6. maí**

### *Árás á einkalífið*

**„Með því að birta upplýsingar sem Kastljós hefur fengið með ólögmætum hætti um umsókn stúlkunnar hefur verið brotið gegn friðhelgi einkalífs hennar.“**

JÓNÍNA BJARTMARZ UMHVERFISRÁÐHERRA SEGIR UPPLÝSINGAÖFLUN KASTLJÓSS UM UMSÓKN TENGDADÓTTUR SINNAR VERA ÓLÖGLEGA.

**Fréttablaðið 6. maí.**

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SR. SOLVEIG LÁRA GUÐMUNDSDÓTTIR

## *Síldarævintýri og sauðburður*

„Það er allt gott að frétta af mér. Sauðburðurinn er að fara af stað og við bíðum bara eftir því núna að fyrsta ærin beri,“ segir Solveig Lára Guðmundsdóttir, sóknarprestur á Möðruvöllum í Hörgárdal. Solveig hefur haft í nógu að snúast undanfarið. „Fermingarnar hafa verið í fullum gangi og svo hef ég verið að sinna Hríseyingum líka því sóknarpresturinn þar er í námsleyfi,“ segir Solveig en bætir því við að minna verði um messuhöld meðan sauðburðurinn stendur yfir.

Félagslífið tekur einnig sinn tíma því síðustu vikur hefur Solveig tekið þátt í uppfærslu leikfélags Hörgdæla á verkinu Síldin kemur, síldin fer eftir Iðunni og Kristínu Steinsdætur. „Við frumsýndum 22. mars og nú eru sýningarnar orðnar um 20 talsins. Þetta hefur verið heilmikil törn því það hefur verið sýning um hverja helgi, oftast tvær en stundum allt upp í fjórar og uppselt á þær allar nema eina,“ segir Solveig en verkið er sýnt í félagsheimilinu á Melum í Hörgárdal. „Ég leik Málfríði á símanum sem er stórskemmtilegt hlutverk og maðurinn minn, Gylfi Jónsson, leikur Ófeig bónda. Við tókum þátt í leiksýningu leikfélagsins fyrir fimm árum síðan og skemmtum okkur svo vel að við ákváðum að vera aftur með núna,“ segir Solveig.



Síðasta sýning leikfélagsins var í gær en Solveig æltar ekki að liggja og hvíla sig í kvöld. „Nei, nei, ég verð í Dalvíkurkirkju í kvöld á sameiginlegum tónleikum kirkjukórs Möðruvallaklaustursprestakalls og söngkórs Svarfdæla,“ segir Solveig.

## FRANKENSTEIN:
### HÖFUNDURINN 19 ÁRA

■ Frankenstein var gefin út í London árið 1818 og vakti mikla hneykslan. Höfundurinn, Mary Shelley, fékk hugmyndina að sögunni þegar hún dvaldi í Sviss 1816, ásamt eigimanni sínum Percy Shelley, Byron lávarði og fleirum. Vegna slæms veðursfars efndi hópurinn til samkeppni í hrollvekjugerð og varð Frankenstein framlag Mary. Hún var þá aðeins 19 ára. Þegar bókin kom út var höfundar ógetið og gaf Mary sig ekki fram fyrr en 1823 þegar meðbyrinn var orðinn meiri.



## SJÓNARHÓLL
**UMDEILDUR RÍKISBORGARARÉTTUR**

### *Jafnt á yfir alla að ganga*

Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra hefur verið borið á brigsl að hafa greitt götu kærustu sonar síns fyrir því að hún fengi ríkisborgararétt, sem hún og fékk. Jónína neitar því og segir málið hafa hlotið eðlilega meðferð.



**RAGNHEIÐUR EIRÍKSDÓTTIR** Tónlistarkona

Ragnheiður Eiríksdóttir tónlistarkona segir erfitt að dæma um málið út frá því sem fram hefur komið í fjölmiðlum. „Ég hef svo sem ekki verið á límingunum yfir þessu,“ segir hún. „Auðvitað á jafnt yfir alla að ganga en stundum verður maður var við hér á Íslandi að það skiptir máli hvort um Jón eða séra Jón er að ræða. Ef svo er í þessu tilfelli fyndist mér það ömurlegt.“ Hún minnir þó á að enn séu ekki öll kurl komin til grafar. „Við eigum líka að stíga varlega til jarðar, Jónína og fjölskylda hennar mega heldur ekki líða fyrir stöðu hennar. Ef umræðan verður til þess að öll mál hljóta jafna meðferð væri það gott en við eigum heldur ekki að vera að velta okkur upp úr hlutunum.“

# List auglýst á netinu í leyfisleysi

**Verk íslensku listakonunnar Bjargar Þórhallsdóttur hafa verið auglýst upp á síðkastið á vef Dagbladet í Noregi, dagbladet.no, af fyrirtækinu Fine Art. Björg er ein af söluhæstu grafíklistamönnum Noregs og er eini Íslendingurinn af 400 listamönnum á skrá Kunstklubben sem rekur gallerí og gefur út pöntunarbæklinginn Aktuell Kunst fyrir félaga sína. Klúbburinn er í nánu samstarfi við Fine Art sem heldur uppboð og selur grafíklistaverk á netinu.**



**GÓÐ SALA Á NETINU** Grafíklistamarkaðurinn í Noregi er mjög stór og salan á netinu góð, að sögn Elsu Ævarsdóttur hjá Kunstklubben.



**AUGLÝST GEGN VILJA HENNAR** Þetta er eitt þeirra verka Bjargar sem er auglýst á netinu í trássi við vilja hennar.

Björg Þórhallsdóttir grafíklistakona er ein af fimm söluhæstu grafíklistamönnum Noregs. Á síðasta ári seldi hún átta þúsund myndir, þar af tvö þúsund myndir í Stokkhólmi. Hún gerir líka steinda glugga, nú síðast fyrir norsku sjómannakirkjuna á Spáni. Nú nýlega hóf Fine Art að auglýsa verk hennar til sölu á heimasíðu norska Dagblaðsins, en Björg segist ósátt við þá auglýsingu.

„Það kemur verðbólga í listina, fólk hættir að kaupa í galleríinu og kaupir bara á netinu fyrir miklu lægra verð. Þetta netgallerí er búið að eyðileggja nafnið á ansi mörgum listamönnum í Noregi og ég vil ekki að það hendi mig,“ segir hún og kveðst hafa mótmælt netsölunni kröftuglega við Fine Art.



**BJÖRG ÞÓRHALLSDÓTTIR**

Björg er fædd á Ísafirði en flutti tæplega tveggja ára til Noregs. Hún hefur búið víða um heim, meðal annars í Malasíu og Mexíkó og í tíu ár hefur hún verið við nám við virta listaháskóla í Frakklandi og á Spáni. Björg verður afar upptekin næstu tvo til þrjá mánuði því þá mun hún opna að meðaltali eina sýningu á viku úti um allan Noreg auk þess að taka þátt í samsýningum. Björg hefur heimspekileg yrkisefni. „Ég fjalla um það hvernig fólk á að taka sér tíma til að njóta lífsins og flýta sér ekki of mikið, leggja rækt við ástina,“ segir hún. „Mér hefur gengið rosalega vel. Ég sel miklu meira en ég get búið til.“

Elsa Ævarsdóttir sér um að finna listamenn og verk fyrir Kunstklubben. Hún segir að félagar í Kunstklubben séu um tíu þúsund talsins og þeir fái sendan bæklinginn Aktuell Kunst níu sinnum á ári. Í því séu listamenn kynntir og sömuleiðis myndirnar þeirra, alls tuttugu verk hverju sinni. Verk Bjargar hafi verið kynnt í þessum bæklingi. Þeir sem panti í gegnum bæklinginn fái 20 prósenta afslátt.

Elsa segir að grafíkmarkaðurinn í Noregi sé mjög stór miðað við hin Norðurlöndin og salan á netinu sé góð. Hún nemi 20 milljónum íslenskra króna á mánuði og fari vaxandi. Þetta sé með því besta sem gerist í listaverkasölu á netinu á Norðurlöndunum.

**ghs@frettabladid.is**


## KJÖRSTAÐIR Í REYKJAVÍK
### við alþingiskosningar 12. maí 2007

**Í Reykjavíkurkjördæmi suður:**
Hagaskóli
Hlíðaskóli
Breiðagerðisskóli
Ölduselsskóli
Íþróttamiðstöðin Austurbergi
Árbæjarskóli
Ingunnarskóli

**Í Reykjavíkurkjördæmi norður:**
Ráðhús
Kjarvalsstaðir
Laugardalshöll
Íþróttamiðstöðin í Grafarvogi
Borgaskóli
Ingunnarskóli
Klébergsskóli

**Kjörfundur hefst laugardaginn 12. maí kl. 9.00 árdegis og lýkur kl. 22.00.**

**Sérstök athygli kjósenda er vakin á að kjósandi, sem ekki hefur meðferðis persónuskilríki, getur átt von á því að fá ekki að greiða atkvæði.**

Yfirkjörstjórn í Reykjavíkurkjördæmi suður mun á kjördegi hafa aðsetur í Hagaskóla og þar verða atkvæði talin. Símanúmer yfirkjörstjórnarinnar verður á kjördegi 411 4920.

Yfirkjörstjórn í Reykjavíkurkjördæmi norður mun á kjördegi hafa aðsetur í Ráðhúsi Reykjavíkur og þar verða atkvæði talin. Símanúmer yfirkjörstjórnarinnar verður á kjördegi 411 4910.

**Borgarstjórinn í Reykjavík**
**Yfirkjörstjórnin í Reykjavíkurkjördæmi suður**
**Yfirkjörstjórnin í Reykjavíkurkjördæmi norður**


Barnasprengja í Ingunnarskóla í Grafarholti:

# Sautján börn á einu skólaári

**FÓLK** „Ég hef aldrei heyrt um jafn mikla barnasprengju í nokkrum skóla, en það verður ekki annað sagt en að þetta sé alveg yndislegt,“ segir Guðlaug Sturlaugsdóttir, skólastjóri í Ingunnarskóla í Grafarholti, þar sem mikil fjölgun er innan kennarastéttarinnar.

„Ég veit um sautján börn sem eru komin eða á leiðinni í heiminn á þessu skólaári,“ segir Guðlaug en í málrómi hennar má greina vissar grunsemdir um að ekki sé loku fyrir það skotið að enn fleiri börn kunni að bætast í hópinn. Hún segir skýringarnar á þessum barneignum líklega helgast af því að börnin í Ingunnarskóla séu með eindæmum stillt og prúð. „Það er frábært að fá fleiri börn í þetta góða hverfi þótt vissulega þurfi að auglýsa mikið eftir kennurum til að fylla skarð þeirra kennara sem fara í barneignarfrí,“ segir Guðlaug og hlær.

**- kdk**



**FJÖLGUN Í KENNARASTÉTTINNI** Skólastjórinn í Ingunnarskóla segir ástæðuna fyrir barnasprengjunni líklega þá að börnin í skólanum séu með eindæmum stillt og prúð. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

www.toyota.is




## Upplifðu Avensis í dag

Það getur verið erfitt að einbeita sér að hversdagslegum hlutum þegar maður hefur kynnst **Avensis**. Hugurinn er alltaf fullur af tilhlökkun fyrir næstu ökuferð. Þetta er skemmtilegt vandamál. Ennþá skemmtilegra er að njóta reynslunnar og upplifa útlit bílsins, auk allra þeirra þæginda sem einkenna **Avensis** meira en nokkru sinni fyrr.

**Avensis** verður ekki lýst með orðum.
Komdu og reynsluaktu **Avensis** í dag.

Ps. Ekki gleyma að þú komst á öðrum bíl í reynsluaksturinn.

Verð frá 2.570.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

## Svona erum við

> Flokkaður fiskúrgangur í tonnum




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: ÞRIÐJU KYNSLÓÐAR FARSÍMAKERFI

# *Margfaldur flutningshraði og myndsímtöl*



Farsímafyrirtækin tvö, Síminn og Vodafone, hafa nú orðið sér úti um rekstrarleyfi fyrir þriðju kynslóðar farsímanet. Búist er við að þjónustan verði komin í gagnið í lok þessa árs.

**Hvað þýða þessar kynslóðir?**
Þróun í farsímatækni hefur hingað til verið skipt í kynslóðir. Þá er helst litið til þess hvernig tal og gögn eru flutt, og hvað er hægt að gera með kerfinu. GSM-kerfið, sem flestir Íslendingar nota nú til dags, er af annarri kynslóð vegna þess að það flytur tal á stafrænan hátt. NMT-kerfið flytur tal á hliðrænan hátt sem þýðir að það er af fyrstu kynslóð. Gömlu talstöðvarnar eru oft sagðar vera af núlltu kynslóð.

**Hvað er þriðja kynslóðin?**
Það sem einkennir þriðju kynslóðar farsímakerfi er möguleikinn á að senda og taka á móti gögnum á margfalt meiri hraða en áður. Einnig geta gagnaflutningar (eins og vefráp og tölvupóstsendingar) farið fram á sama tíma og talað er í símann. Miðað við gagnaflutningshraðann hjá þriðju kynslóðar kerfum sem notuð eru erlendis má búast við að hraðinn hér fimmtíufaldist eða svo miðað við burði GSM-kerfisins.

**Hvað þýðir þetta fyrir neytendur?**
Þegar farsímafyrirtækin tvö sem fengið hafa leyfi til að reka þriðju kynslóðar farsímakerfi, Síminn og Vodafone, ljúka við uppsetningu þeirra má búast við nýjum þjónustum sem ekki hefur verið hægt að bjóða upp á áður. Þar má nefna sjónvarpsútsendingar í fullum gæðum, meiri hraða þegar vafrað er á netinu og myndsímtöl þar sem notendur geta séð viðmælanda sinn. Einnig opnast fyrir möguleika á því að tengja fartölvur við háhraðatengingu hvar sem er með gagnakortum sem sett eru í tölvurnar.

**SPURT & SVARAÐ**
LÖGBROT Á NETINU

## *Netlögregla gæti verið nauðsynleg*



GEIR JÓN ÞÓRISSON
Yfirlögregluþjónn

Lögreglan rannsakar nú hvort eigandi að íslenskri heimasíðu hafi brotið lög um dreifingu og birtingu á barnaklámi og öðru klámefni. Heimasíðan var uppfull af ógeðfelldum myndum af fólki sem hefur látist á voveiflegan hátt og grófu dýra- og barnaklámi. Myndefnið þykir með því ógeðfelldasta sem lögregluyfirvöld hafa komist í snertingu við hér á landi. Geir Jón Þórisson er yfirlögregluþjónn.

**Þarf að skerpa á lögum í tengslum við netnotkun hér á landi?**
Ég held að þess þurfi með hliðsjón af ýmsu skelfilegu sem þar er að finna. Netlögregla sem myndi hafa þann starfa að sía út efni sem klárlega varðar við lög gæti verið nauðsynleg. Það þarf sérhæfingu til að rannsaka ýmisleg mál þessu tengdu. Svo sem barnaklám og öðru skelfilegu og stórhættulegu.

**Hvern er hægt að sækja til saka í málum sem þessu?**
Þeir sem setja þetta inn á netið geta skapað sér refsiábyrgð. Rannsókn á eftir að leiða í ljós með hvaða hætti verður brugðist við en það sem ég sá var klárlega brot á lögum. Þarna var barnaklám og annað sem ekki þarf að deila um að er ólöglegt. Fyrir utan annan viðbjóð sem þó brýtur ef til vill ekki í bága við lög.

# Íslandi sett mannréttindastefna

**„Mannréttindi snerta alla, alls staðar og eru óháð tíma og rúmi," segir í inngangi að ritinu „Mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu" sem Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra kynnti á fundi í Háskólanum á Akureyri síðastliðinn mánudag. Þar boðaði hún einnig hugmyndir um að koma á fót nýrri landsstofnun um mannréttindamál, sem hér verða skoðaðar nánar.**

Þetta er í fyrsta sinn sem fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands er mótuð heildstæð stefna í mannréttindamálum, og markar hið 34 síðna rit frá utanríkisráðuneytinu því allnokkur tímamót.

Í tengslum við kynninguna boðaði ráðherrann að Ísland myndi sækjast eftir setu í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Hún greindi enn fremur frá því að Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri hefði verið falið að kynna sér svonefndar Parísarreglur Sameinuðu þjóðanna um landsstofnun í mannréttindamálum og skila skýrslu þar um, með það að markmiði að veita ráðgjöf um það hvort koma beri slíkri stofnun á fót hérlendis.

### Vekur spurningar um MRSÍ

Þetta síðasta atriði hefur valdið ýmsum heilabrotum, með tilliti til þess að síðan árið 1995 hefur hér verið starfandi Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ). Enda segir í fréttatilkynningu sem Mannréttindaskrifstofa Íslands sendi frá sér, að skrifstofan árétti að hún sé sjálfstæð stofnun sem allt til ársins 2005 hafi starfað „sem landsstofnun, á fjárlögum".




NÝMÓTUÐ MANNRÉTTINDASTEFNA
Stefnumið Íslands í mannréttindamálum eru tíunduð í þessu riti sem utanríkisráðuneytið gaf út 30. apríl.

„Það er frábært ef kominn er vilji til þess að styrkja mannréttindastarfsemi á landinu," segir Guðrún D. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri MRSÍ, í samtali við Fréttablaðið. „En að mínu viti er augljóst að beinast liggur við að nýta þá sérþekkingu sem byggzt hefur upp hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands á síðustu tólf árum, og reynslu okkar af þátttöku í alþjóðasamstarfi." Til að koma hér á fót landsstofnun sem uppfyllti svonefndar Parísarreglur SÞ segir Guðrún að einfaldasta leiðin væri að styrkja starfsemi MRSÍ í samræmi við Parísarreglurnar, sem væntanlega þyrfti að gerast með nýrri löggjöf. Guðrún tekur fram að MRSÍ gegni nú þegar mörgum af þeim hlutverkum sem Parísarreglur SÞ kveða á um.

### Ekki vegið að MRSÍ

Ágúst Þór Árnason, aðjúnkt við Félagsvísinda- og lagadeild HA sem á sæti í stjórn MRSÍ, segir það vera mikinn misskilning að hugmyndir um stofnun landsstofnunar í mannréttindamálum kunni að vera til þess fallnar að sniðganga Mannréttindaskrifstofu Íslands eða grafa undan henni með nokkrum hætti. „Íslenska ríkið hefur sett um átta milljónir árlega til MRSÍ, það var sú upphæð sem hún fékk þar til fyrirkomulaginu á fjárveitingum til hennar var breytt árið 2005," segir Ágúst Þór í samtali við Fréttablaðið. „En ég tel að ef íslensk stjórnvöld komast að þeirri niðurstöðu að koma beri á fót landsstofnun þá sé það grundvallað á þeim vilja að styrkja mannréttindastarf verulega og reikna megi með að kostnaður við slíkt sé 30-50 milljónir á ári."

Með þessu vill Ágúst undirstrika, að á engan hátt sé að Mannréttindaskrifstofunni vegið með áformum um stofnun nýrrar landsstofnunar. Í áformunum myndi öllu heldur felast skuldbinding íslenzkra stjórnvalda til að stórauka framlög til málaflokksins, sem hafi jú lengi verið eitt helzta baráttumál MRSÍ.

Ágúst Þór segir lykilatriðið að slík landsstofnun njóti rekstraröryggis, óháð geðþótta stjórnmálanna frá einu kjörtímabili til annars. Því komi að sínu viti jafnvel til greina að skrifa hlutverk stofnunarinnar inn í stjórnarskrá.

### „Umboðsmaður mannréttinda"

Samkvæmt skilgreiningu í Parísarreglunum svonefndu, sem er að finna í ályktun allsherjarþings SÞ nr. 48/134 frá 20. desember 1993, er landsstofnun í mannréttindamálum (á ensku: National Human Rights Institution) opinber stofnun á fjárlögum viðkomandi ríkis, en þó óháð stjórnvöldum. Fyrirkomulagið má bera saman við umboðsmann Alþingis, sem er opinbert embætti en þó óháð stjórnvöldum og hefur auk þess það skilgreinda hlutverk að hafa eftirlit með og gagnrýna aðgerðir stjórnvalda. Hlutverk lands-mannréttindastofnunarinnar er samkvæmt þessu að vera „umboðsmaður mannréttindamála" í landinu. Hlutverk og starfssvið slíkrar stofnunar er annars margþætt, eins og lesa má nánar um í rammanum hér á síðunni. Til að geta gegnt þessu margþætta hlutverki sínu með skilvirkum hætti þarf stofnunin að vera fær um að fylla sniðmengi opinberrar stofnunar og hins borgaralega samfélags, með öðrum orðum sameina umboð frá ríkinu því að vera sjálfstæð og óháð.



GUÐRÚN D. GUÐMUNDSDÓTTIR



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR



ÁGÚST ÞÓR ÁRNASON

Þar sem Mannréttindaskrifstofa Íslands eru frjáls félagasamtök, sem skortir þetta umboð frá ríkisvaldinu, uppfyllir hún ekki að fullu skilgreiningu Parísarreglnanna á lands-mannréttindastofnun (NHRI), um það er enginn ágreiningur.

Guðrún D. Guðmundsdóttir segir mörg dæmi um það frá öðrum löndum að mannréttindaskrifstofur sem fyrir eru í hverju landi væru styrktar þannig að þær uppfylltu Parísarreglurnar og tækju við hlutverki landsstofnunar í samræmi við þær.

### Tvær leiðir færar

Guðrún vísar einnig til umsagnar mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins, Alvaro Gil-Robles, í skýrslu um stöðu mannréttindamála á Íslandi frá árinu 2005. Í umsögninni segir: „Ég hvet íslensk stjórnvöld til að grípa til ráðstafana sem tryggja að Ísland haldi áfram að njóta góðs af starfsemi sjálfstæðrar landsstofnunar í mannréttindamálum, annaðhvort með því að styðja og efla þá innviði sem þegar eru fyrir hendi eða með því að stofna með lögum stofnun sem uppfyllir Parísarreglurnar að fullu." Mannréttindafulltrúinn segir þannig tvær leiðir færar að því að koma upp slíkri landsstofnun hérlendis, annars vegar að breyta MRSÍ í slíka stofnun eða stofna nýja með lögum.



FRÉTTASKÝRING
**AUÐUNN ARNÓRSSON**
audunn@frettabladid.is

## PARÍSARREGLUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Parísarreglur Sameinuðu þjóðanna um landsstofnanir í mannréttindamálum kveða á um valdsvið og skyldur slíkra stofnana, og hvernig sjálfstæði stofnananna og fjölræði í stjórn þeirra skuli tryggt.

**Hlutverk og starfsemi** Stofnanirnar skulu starfa í heimalandi og hafa vítt umboð til að vinna að eflingu og framkvæmd mannréttinda á breiðum grunni. Hlutverkið er fimmþætt:

1. Eftirlit með stöðu mannréttinda í landinu, í formi rannsókna og skýrslna.
2. Ráðgefandi hlutverk til að aðstoða yfirvöld, þing og aðrar stofnanir. Gera mannréttindabrot opinber, greina hvernig löggjöf samræmist alþjóðlegum mannréttindaskuldbindingum og veita ráðgjöf um framkvæmd réttinda.
3. Að fylgjast með og vera í tengslum við alþjóðlegar mannréttindastofnanir.
4. Menntun og fræðsla. Að aðstoða við þróun og framkvæmd mannréttindafræðslu og rannsókna.
5. Að stuðla að mannréttindaumræðu í fjölmiðlum og aðgerðum til að vinna gegn mannréttindabrotum.

**Form** Stofnunin á að vera þannig uppbyggð að fjölræði sé tryggt og þar eigi borgaralegt samfélag, sem vinnur að eflingu mannréttinda, fulltrúa, en einnig trúfélög, háskólar, þing og áheyrnarfulltrúar frá ríkisstofnunum.

**Fjármagn og sjálfstæði** Stofnunin skal hafa viðunandi fjármagn þannig að hún geti starfað sjálfstætt, ráðið starfsfólk og leigt húsnæði. Fjármögnun má ekki vera þannig háttað að það hafi áhrif á sjálfstæði hennar. Ráðningu fulltrúa stofnunar skal þannig háttað að sjálfstæði sé tryggt.

**Starfshættir** Stofnunin á að taka upp mál sem beint er til hennar frá yfirvöldum eða að eigin frumkvæði. Henni er ætlað að hlýða á mál einstaklinga og nálgast hvaða upplýsingar sem er sem hún telur nauðsynlegar til að leggja mat á stöðu mannréttinda í landinu. Henni er meðal annars ætlað að efla virðingu fyrir mannréttindum meðal almennings í gegnum fjölmiðla. Nauðsynlegt er að stofnunin setja saman vinnuhópa innanhúss og vinni með öðrum stofnunum og frjálsum félagasamtökum.



Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:



# Tölvunám fram á sumar
# Menntun sem gefur þér forskot

1986 - 2007 • 21 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 35.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmu 21 ári. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

PEARSON VUE Authorized Center Select

Microsoft CERTIFIED Partner

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

## Námskeið á næstunni

| Námskeið | Hefst | Lýkur | Tími | Stund. | Klst. | Verð | Ábendingar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Access I: Almenn gagnagrunnsgerð | 21.5.2007 | 25.5.2007 | 9:00-12:00 | 22 | 15 | 25.900 kr. | |
| Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð | 21.5.2007 | 24.5.2007 | 13:00-16:00 | 18 | 12 | 34.900 kr. | |
| Almennt tölvunám | 29.5.2007 | 22.6.2007 | 9:00-12:00 | 90 | 60 | 74.900 kr. | Kennt er alla morgna |
| DreamWeaver - vefsíðugerð | 2.5.2007 | 8.5.2007 | 13:00-17:00 | 27 | 18 | 29.900 kr. | Kennt er til 16:00 þri og fim |
| DreamWeaver - vefsíðugerð | 11.6.2007 | 15.6.2007 | 13:00-17:00 | 27 | 18 | 29.900 kr. | Kennt er til 16:00 þri og fim |
| DreamWeaver og Photoshop | 2.5.2007 | 15.5.2007 | 13:00-16:00 | 49 | 33 | 49.900 kr. | 2., 4. og 7. maí til 17:00 |
| DreamWeaver og Photoshop | 11.6.2007 | 22.6.2007 | 13:00-16:00 | 49 | 33 | 49.900 kr. | 2., 4. og 7. maí til 17:00 |
| Excel I: Almenn töflureiknisnotkun | 21.5.2007 | 25.5.2007 | 9:00-12:00 | 22 | 15 | 24.500 kr. | |
| Excel I: Almenn töflureiknisnotkun | 4.6.2007 | 8.6.2007 | 13:00-16:00 | 22 | 15 | 24.500 kr. | |
| Excel I: Almenn töflureiknisnotkun | 18.6.2007 | 22.6.2007 | 9:00-12:00 | 22 | 15 | 24.500 kr. | |
| Excel IIa: Sérhæfð töflureiknisnotk | 18.6.2007 | 21.6.2007 | 13:00-16:00 | 18 | 12 | 29.900 kr. | |
| FileMaker II: Gagnagrunnsgerð | 14.5.2007 | 16.5.2007 | 9:00-12:00 | 13 | 9 | 24.900 kr. | |
| FileMaker III: Forritun gagnagrunna | 21.5.2007 | 8.6.2007 | 9:00-12:00 | 27 | 18 | 69.900 kr. | |
| Fingrasetning - tölvuvélritun | 16.5.2007 | 18.5.2007 | 13:00-15:00 | 6 | 4 | 6.900 kr. | |
| Flash margmiðlun | 21.5.2007 | 24.5.2007 | 13:00-16:00 | 18 | 12 | 24.900 kr. | |
| Heimasíðugerð fyrir 9-14 ára | 25.6.2007 | 29.6.2007 | 9:00-12:00 | 22 | 15 | 17.900 kr. | Kennt er alla morgna |
| Heimasíðugerð fyrir 9-14 ára | 20.8.2007 | 23.8.2007 | 9:00-12:30 | 21 | 14 | 16.900 kr. | Kennt er alla morgna |
| Internetið og tölvupóstur | 31.5.2007 | 1.6.2007 | 9:00-12:00 | 9 | 6 | 10.900 kr. | |
| Ljósmyndavinnsla með Picasa | 15.5.2007 | 16.5.2007 | 9:00-12:00 | 9 | 6 | 12.900 kr. | |
| Myndbandagerð fyrir 9-14 ára | 18.6.2007 | 22.6.2007 | 9:00-12:00 | 22 | 15 | 17.900 kr. | Kennt er alla morgna |
| Myndbandagerð fyrir 9-14 ára | 13.8.2007 | 17.8.2007 | 9:00-12:00 | 22 | 15 | 17.900 kr. | Kennt er alla morgna |
| Outlook: Póstur, dagbók, verkefni og tengiliðir | 29.5.2007 | 31.5.2007 | 9:00-12:00 | 13 | 9 | 18.900 kr. | |
| Outlook: Póstur, dagbók, verkefni og tengiliðir | 11.6.2007 | 13.6.2007 | 9:00-12:00 | 13 | 9 | 16.900 kr. | |
| Photoshop I: Ljósmyndavinnsla og myndir | 9.5.2007 | 15.5.2007 | 13:00-16:00 | 22 | 15 | 26.900 kr. | |
| Photoshop I: Ljósmyndavinnsla og myndir | 18.6.2007 | 22.6.2007 | 13:00-16:00 | 22 | 15 | 26.900 kr. | |
| PowerPoint I: glærugerð og -notkun | 14.5.2007 | 16.5.2007 | 9:00-12:00 | 13 | 9 | 16.900 kr. | |
| Project verkefnastjórnun | 10.5.2007 | 11.5.2007 | 9:00-17:00 | 22 | 15 | 39.900 kr. | |
| Publisher: útgáfa bæklinga og kynning | 14.5.2007 | 16.5.2007 | 13:00-16:00 | 13 | 9 | 16.900 kr. | |
| Publisher: útgáfa bæklinga og kynning | 11.6.2007 | 13.6.2007 | 13:00-16:00 | 13 | 9 | 16.900 kr. | |
| Stafræn ljósmyndun fyrir 9-14 ára | 11.6.2007 | 15.6.2007 | 9:00-12:00 | 22 | 15 | 17.900 kr. | Kennt er alla morgna |
| Stafræn ljósmyndun fyrir 9-14 ára | 7.8.2007 | 10.8.2007 | 9:00-12:30 | 21 | 14 | 16.900 kr. | Kennt er alla morgna |
| Stafræn ljósmyndun | 14.5.2007 | 16.5.2007 | 9:00-12:00 | 13 | 9 | 16.900 kr. | |
| Tölvusmiðja barna og unglinga | 11.6.2007 | 29.6.2007 | 9:00-12:00 | 67 | 45 | 45.000 kr. | Kennt er alla morgna |
| Tölvusmiðja barna og unglinga | 7.8.2007 | 23.8.2006 | 9:00-12:20 | 67 | 45 | 45.000 kr. | Kennt er alla morgna |
| Verkefna- og tímastjórnun með Outlook | 23.5.2007 | 24.5.2007 | 9:00-12:00 | 9 | 6 | 18.900 kr. | |
| Visio viðskiptagrafík og teikning | 29.5.2007 | 1.6.2007 | 13:00-16:00 | 18 | 12 | 24.900 kr. | |
| Windows XP fyrir byrjendur | 29.5.2007 | 30.5.2007 | 9:00-12:00 | 9 | 6 | 10.900 kr. | |
| Windows, Word og Internetið | 29.5.2007 | 5.6.2007 | 9:00-12:00 | 27 | 18 | 28.900 kr. | |
| Word I: Almenn ritvinnsla | 4.6.2007 | 8.6.2007 | 9:00-12:00 | 22 | 15 | 24.500 kr. | |
| Word Ib: Betri ritvinnsla | 9.5.2007 | 11.5.2007 | 9:00-12:00 | 13 | 9 | 16.900 kr. | |
| Word II: Kraftmikil ritvinnsla | 21.5.2007 | 25.5.2007 | 13:00-16:00 | 22 | 15 | 26.900 kr. | |
| Word: Dreifibréf og markpóstur | 24.5.2007 | 24.5.2007 | 13:00-16:00 | 4,5 | 3 | 6.900 kr. | |
| Word: Töflur og eyðublöð | 25.5.2007 | 25.5.2007 | 13:00-16:00 | 4,5 | 3 | 6.900 kr. | |
| Word: Vinnsla langra skjala | 21.5.2007 | 23.5.2007 | 13:00-16:00 | 13 | 9 | 16.900 kr. | |

## Tölvusumarskólinn



Við bjóðum spennandi námskeið í júní og ágúst fyrir hressa krakka á aldrinum 9-14 ára, 19. árið í röð.

Á þremur námskeiðum er blandað saman kennslu, sjálfstæðum verkefnum og leikjum. Hvert námskeið er ein vika að lengd en einnig er hægt að skrá sig í Tölvusmiðju barna og unglinga og taka þá öll þrjú námskeiðin í einum pakka:

Tölvusmiðja barna og unglinga - 3 vikur

Stafræn ljósmyndun fyrir 9-14 ára - 1 vika
Myndbandagerð fyrir 9-14 ára - 1 vika
Heimasíðugerð fyrir 9-14 ára - 1 vika

Upplýsingar um innihald, lengd, tíma- og dagsetningar er að finna á vefsíðu okkar og í stundatöflunni hér til hliðar.

**Verð**: *Vikunámskeið: 17.900,- staðgreitt*
*Tölvusmiðjan: 45.000,- staðgreitt*
*+ 10% vina- og systkinaafsláttur*

## Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

**Helstu kennslugreinar**

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og Windows XP
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist þátttakandanum í vinnu eða heima við.

**Lengd**: 84 stundir/57 klukkust.
**Verð**: 74.900 staðgr.
**Tímar**: Morgunámskeið hefst 29. maí.

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

**Tölvunám TV til betri verka**
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar**
**– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!**

www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

## REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI NORÐUR

**FJÖLDI Á KJÖRSKRÁ:**
**Árið 2007** 43.775
**Árið 2003** 42.787

**FJÖLDI KJÓSENDA AÐ BAKI HVERJU ÞINGSÆTI**
**Árið 2007** 3.980
**Árið 2003** 3890

**HLUTFALLSLEG FJÖLGUN SÍÐASTLIÐIN ÁTTA ÁR**
**Í kjördæminu** 5,3%
(Reykjavík norður og suður)
**Á landinu öllu** 9,9%

**KOSNINGAÞÁTTTAKA Í KJÖRDÆMINU ÁRIÐ 2003**
**Kosningaþátttaka karla** 85,1%
**Kosningaþátttaka kvenna** 85,9%



**SVEITARFÉLÖG**

Mörk Reykjavíkurkjördæma suður og norður skulu dregin um miðlínu eftirfarandi gatna frá vestri til austurs: Eftir Hringbraut, gömlu Hringbraut, Miklubraut, Ártúnsbrekku og Vesturlandsvegi en frá Vesturlandsvegi á móts við Sóltorg skal dregin bein lína í miðpunkt Sóltorgs og þaðan skulu mörkin dregin eftir miðlínu Kristnibrautar, Gvendargeisla og Biskupsgötu að Reynisvatnsvegi. Kjósendur sem búa við sunnanverða Hringbraut, gömlu Hringbraut, Miklubraut eða Vesturlandsveg verða á kjörskrá í Reykjavíkurkjördæmi suður en kjósendur sem búa við þessar götur að norðanverðu eru á kjörskrá í Reykjavíkurkjördæmi norður. Kjalarnes tilheyrir Reykjavíkurkjördæmi norður.

**ÚRSLIT KOSNINGA 2003**

11 þingsæti; 9 kjördæmissæti, 2 jöfnunarsæti




**KJÖRNIR ÞINGMENN 2003**

Össur Skarphéðinsson (S)
Davíð Oddsson (D) Hætti
varam.: Ásta Möller
Bryndís Hlöðversdóttir (S)
Björn Bjarnason (D)
Guðrún Ögmundsdóttir (S)
Guðlaugur Þór Þórðarson (D)
Halldór Ásgrímsson (B) Hætti
varam.: Sæunn Stefánsdóttir
Kolbrún Halldórsdóttir (V)
Helgi Hjörvar (S)
Sigurður Kári Kristjánsson (D)
Árni Magnússon (B) Hætti
varam.: Guðjón Ólafur Jónsson

# Samgöngur og velferð í öndvegi

Frambjóðendur í Reykjavíkurkjördæmi norður boða ólíka sýn á helstu álitamál kosninganna. Allir eru sammála um að huga þurfi að málefnum aldraðra og ungs fólks, sérstaklega barnafjölskyldna. *Magnús Halldórsson* ræddi við frambjóðendur í kjördæminu um málefni kjördæmisins og hvaða mála kjósendur muni að líkindum horfa til 12. maí.

**KOSNINGAR 2007**

Frambjóðendur í Reykjavíkurkjördæmi norður eru líkt og í suðurhlutanum flestir í framvarðasveit flokka sinna. Þrír þeirra, Katrín Jakobsdóttir hjá Vinstri grænum, Margrét Sverrisdóttir hjá Íslandshreyfingunni og Magnús Þór Hafsteinsson hjá Frjálslynda flokknum, eru varaformenn í flokkum sínum, auk þess sem Jón Sigurðsson er formaður Framsóknarflokksins og Össur Skarphéðinsson hefur verið þingflokksformaður Samfylkingarinnar, og fyrrverandi formaður flokksins.

Líkt og í Reykjavík suður beinir þetta athyglinni að grunnstefnu flokkanna, frekar en sértækum verkefnum kjördæmisins líkt og í landsbyggðarkjördæmunum. Efstu menn á listum eru sammála um að málefni ungs fólks og aldraðra komi til með að skipta miklu máli enda þessir hópar fjölmennir í kjördæminu.

### Frambjóðendur í framvarðasveit

Fimm af sex frambjóðendum kjördæmisins hafa ekki leitt lista áður í kjördæminu. Aðeins Össur Skarphéðinsson var í sama sæti í kosningunum 2003 og tókst þá að verða fyrsti þingmaður Reykvíkinga. Össur telur samgöngur og málefni ungs fólks skipta miklu máli fyrir íbúa í hluta borgarinnar. „Umferðarmál skipta miklu máli í kjördæminu. Ég gleðst sérstaklega yfir því að samgönguráðherra hafi fallist á tillögu Dags B. Eggertssonar, oddvita Samfylkingarinnar í Reykjavík, um að byggja umferðarmannvirki um Sundabraut í jarðgöngum í stað annarra kosta. Hún skiptir miklu máli fyrir íbúa kjördæmisins. Einnig verða málefni ungs fólks eflaust ofarlega í huga íbúanna í kjördæminu, og ég á von á því að kjósendur horfi til markvissrar stefnu Samfylkingarinnar í þeim efnum, sem nefnist Unga Ísland.“

Guðlaugur Þór Þórðarson, efsti maður á lista Sjálfstæðisflokksins, segist horfa á Reykjavík sem eitt kjördæmi. Hann telur stöðu Sjálfstæðisflokksins góða og reiknar með því að grundvallargildi í stefnuskrám flokkanna verða það sem kjósendur horfi til. „Fjölskyldu-, velferðar-, og skattamál skipta vitaskuld íbúa í Reykjavík, sem og annars staðar, miklu máli og ég tel líklegt að kjósendur horfi til þessara málaflokka. Það er mikilvægt fyrir sjálfstæðismenn að halda vöku sinni fram að kosningum því það er raunveruleg hætta á vinstri stjórn ef við slökum of mikið á .“

### Breytinga þörf?

Vinstri græn boða stefnu sem öðru fremur felur í sér hvarf til norræns samfélagsmódels sem byggir á traustu velferðarkerfi og ríkri samábyrgð borgaranna.

Katrín Jakobsdóttir telur mikilvægt fyrir kjósendur að senda skýr skilaboð um breytingar. „Málin sem kjósendur hafa í huga eru velferðarmál. Kannanir hafa sýnt það. Auk þess eru samgöngumál, og nauðsyn þess að bæta samgöngur til og frá borginni, líkleg til þess að vera ofarlega í huga kjósenda þegar nær dregur kjördegi.“

Lengi hefur verið deilt um hvernig haga skuli uppbyggingu samgöngumannvirkja í og við borgina. Á það jafnt við um flugvöll og bifreiðagötur. Margrét Sverrisdóttir segir samgöngu- og velferðarmál skipta íbúana í kjördæminu miklu máli. „Samgöngumálin eru augljóslega mikilvæg fyrir íbúa í Reykjavík.

Þau eru ekkert síður á könnu stjórnvalda heldur en borgarfulltrúa. Sundabrautin, sem reiknað er með að verði í göngum undir Elliðavog og komi upp við Holtagarðana, þarf að okkar mati að komast upp sem allra fyrst. Íbúarnir, sérstaklega í Grafarvogi, vilja það og það þarf að hlusta á þá. Lausnirnar á samgöngumálum í kjördæminu eru öðru fremur afrakstur virks samráðs við íbúa og það tel ég vera leið sem hafa þurfi í fyrirrúmi í meira mæli.“

Margrét nefnir einnig, eins og aðrir, mikilvægi velferðarmála og ekki síst umhverfismála. „Það þarf að efla samgöngur meðal annars með það að markmiði að draga úr svifryksmengun.“

### Reykjavíkurflugvöllur umdeildur

Reykavíkurflugvöllur er fyrst og fremst umdeildur fyrir það hvar hann er. Sumir vilja hann burt úr Vatnsmýrinni, svo að mögulegt sé að byggja þar upp íbúabyggð, meðan aðrir vilja hafa hann þar áfram. Svo virðist sem fólk myndi sér skoðun á málinu þvert á flokkslínur.

Fyrir liggur rannsókn samráðshóps samgönguráðherra og borgarstjóra um ýmsa kosti fyrir flugvöllinn. Þar kemur meðal annars fram að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að færa flugvöllinn upp á Hólmsheiði, Löngusker eða Keflavík.

Stefna allra flokkanna til þessa máls er óljós að því leyti að frambjóðendur telja ótímabært að koma fram með skýra stefnu í málinu þar sem rannsóknir og skoðun á stöðum sem til greina koma hafa ekki farið fram.

### Reyna að ná til fjöldans

„Kjósendur í Reykjavík þurfa að horfa til heildarstefnu flokkanna,“ segir Magnús Þór Hafsteinsson. Hann telur skatta- og velferðarmál skipta kjósendur sköpum. „Velferðarmál í víðasta skilningi þess orðs eru vitanlega öllum mikilvæg en ég hef líka þá trú að skattamálin, og þær tillögur sem flokkarnir boða í þeim efnum, hafi mikil áhrif á hvaða flokk fólk kýs. Heildarstefnan er það sem fólk þarf að gefa sér tíma í skoða og ég er viss um að okkar áherslur eigi upp á pallborðið hjá kjósendum.“

Í viðtali við Fréttablaðið fyrir skömmu lagði Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, áherslu á mikilvægi þess að halda áfram að „efla velferðarkerfið“ og hlúa að atvinnulífinu með skynsömum aðgerðum. „Öðru fremur vill flokkurinn halda áfram á þeirri vegferð sem ríkisstjórnin hefur verið á síðan 1995,“ segir Jón. Hann telur það hafa einkennst af miklum krafti, verðmætasköpun og árangri á öllum sviðum. „Það er ekki ástæða til annars en að halda því áfram,“ sagði Jón meðal annars.

## HVER ERU HELSTU KOSNINGAMÁL REYKJAVÍKURKJÖRDÆMIS NORÐUR?



**JÓN SIGURÐSSON (B)**
Efnahags-, velferðar- og atvinnumál.



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON (D)** Efnahags-, velferðar- og atvinnumál.



**MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON (F)** Velferðar-, atvinnu- og skattamál.



**MARGRÉT SVERRISDÓTTIR (I)**
Efnahags-, velferðar- og umhverfismál.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON (S)**
Velferðar-, efnahags- og samgöngumál.



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR (V)**
Velferðar-, umhverfis- og heilbrigðismál.

## HVERSU MIKILVÆGIR TELUR ÞÚ AÐ EFTIRFARANDI MÁLAFLOKKAR SÉU ÞEGAR KEMUR AÐ ÞVÍ HVERNIG ÞÚ MUNT GREIÐA ATKVÆÐI Í ÞINGKOSNINGUNUM Í MAÍ?

**Á skalanum 1-5, þar sem 1 er mjög léttvægt en 5 mjög mikilvægt.**




*Skv. skoðanakönnun Fréttablaðsins 28. apríl 2007. Hringt var í 600 kjósendur kjördæmisins sem skiptust jafnt eftir kyni. 93,2 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.*



# Diddú veit hvað hún syngur!

Diddú er einn af okkar bestu viðskiptavinum. Í áraraðir hefur hún valið heyrnartækin og þjónustuna sem við bjóðum og notið góðs af reynslu og þekkingu starfsfólks okkar. Komdu með heyrnartækin þín og berðu þau saman við úrvalið hjá okkur. Verðið og gæðin eiga eftir að koma þér á óvart.

ATHUGIÐ!
Tryggingastofnun tekur þátt í greiðslu heyrnartækja.

HEYRNARSTÖÐIN
KRINGLUNNI

Læknastöðin 3. hæð • Tímapantanir virka daga frá 9-17 í síma 568 6811 • www.heyrnarstodin.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Íslenzka ríkinu hefur verið sett stefna í alþjóðlegum mannréttindamálum.

## Tímabært framtak

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Utanríkisráðuneytið gaf fyrir viku út merkilegt plagg, sem ber yfirskriftina „Mannréttindi í íslenzkri utanríkisstefnu“. Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra fylgdi því úr hlaði á fundi við Háskólann á Akureyri.

„Mannréttindi snerta alla, alls staðar og eru óháð tíma og rúmi,“ segir í inngangi að hinu 34 síðna riti þar sem stefnan er tíunduð. Þá segir: „Árangur á mannréttindasviðinu veltur á samþættri nálgun á mismunandi stefnusviðum og samstarfi þar á milli. Nú er víðtækari skilningur en áður á samspili mannréttinda, sjálfbærrar þróunar, friðar og öryggis. Því er nauðsynlegt að mannréttindi fléttist inn í öll svið utanríkis-

*Það er fagnaðarefni að ráðizt skyldi í að móta með þessum hætti heildstæða stefnu fyrir Íslands hönd í alþjóðlegum mannréttindamálum.*

stefnu, þar með talið þróunarsamvinnu, öryggismál og viðskipti. Skuldbindingar Íslands á sviði mannréttinda eru ekki síst í þágu lands og þjóðar og eru skýr skilaboð um vilja Íslands til að taka þátt í að búa til betri heim í þágu alls mannkyns, þar sem íbúum heims eru tryggð grundvallarmannréttindi, öryggi og friður.“

Full ástæða er til að taka undir þetta og fagnaðarefni að ráðizt skyldi í að móta með þessum hætti heildstæða stefnu fyrir Íslands hönd í alþjóðlegum mannréttindamálum.

Er utanríkisráðherra kynnti stefnuna síðastliðinn mánudag sagði hann að Ísland hefði töluvert fram að færa á þessu sviði. Í ljósi þess og aukins vægis mannréttindamála í alþjóðastarfi væri tímabært fyrir Ísland að sækjast eftir setu í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, í samráði og samvinnu við önnur Norðurlönd. Þetta er verðugt verkefni og væntanlega til þess fallið að skerpa vitund Íslendinga fyrir alþjóðlegum mannréttindamálum.

Af nógu er að taka á þeim vettvangi. Sem dæmi má nefna að í rúmlega 150 ríkjum heims eru dæmi um að pyntingum og öðrum grimmilegum aðferðum sé beitt og í um 70 þessara ríkja er slíkt ástand útbreitt eða viðvarandi. Það veitir því ekki af að Ísland beiti þeim áhrifum sem því er unnt á alþjóðavettvangi til að berjast gegn mannréttindabrotum.

Í dag stendur Mannréttindaskrifstofa Íslands fyrir fundi með fulltrúum allra stjórnmálaflokkanna, þar sem þeir lýsa stefnu þeirra í mannréttindamálum. Þetta er líka framtak sem ber að fagna, enda gott að stefna flokkanna í þessum málum komi fram, þótt hún muni tæpast ráða úrslitum í kosningunum á laugardaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bankableyjur

Stundum er sagt að einhver sé með allt niðrum sig ef illa gengur. Sumir tryggja með ýmsum hætti að ekkert illt hendi og eru þá sagðir vera bæði með belti og axlabönd. Í umræðum um afnám verðtrygginga lána í Kastljósi fyrir helgi bætti Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, einum öryggisþættinum enn í þessa samlíkingu. Var hann að gagnrýna að bankarnir tækju sér ekki sjálfir það forystuhlutverk að afnema verðtrygginguna. „Þeir virðast ekki hafa kjark til þess að taka af sér axlaböndin, beltið og bleyjuna, heldur þurfa þeir að hafa þetta allt saman til þess að geta fengið fólk til að borga vexti og verðtrygginguna ofan á það.“



### Hringlandaháttur

Björn Bjarnason tekur nú fullan þátt í kosningabaráttunni eftir veikindi. Rifjar hann upp frétt Stöðvar 2 um að Steingrímur J. Sigfússon teldi bjórverksmiðju til marks um blómlegt atvinnulíf við Eyjafjörð. Á sínum tíma var Steingrímur á móti því að á Íslandi væri hægt að kaupa bjór. „Þá minnti fréttamaður Stöðvar 2 á, að vinstri/græn hefðu bent á Bláa lónið sem dæmi um umhverfisvæna stóriðju, en síðan hefði komið í ljós, að nú yrði lónið talið umhverfisslys. Þeir gleymdu þó mótmælum Steingríms J. gegn Stöð 2 fyrir að þiggja styrk frá Alcan vegna Kryddsíldarinnar á gamlárskvöld og bréfinu, sem vinstri/græn rituðu síðan Alcan með beiðni um 300 þúsund króna styrk til flokksstarfsins,“ skrifar Björn.

### Hæfileikamaður

„Hversu oft eignast þjóð mann sem þekkir landið eins og lófann á sér og miðlar því til landsmanna af þekkingu, mælsku og ástríðu? Mann sem þekkir fjöllin, jöklana og flýgur í gegnum eldgosin. Hversu oft eignast þjóð mann sem er kvikmyndagerðarmaður, kappakstursbetja, flugmaður, rithöfundur, söngvari, dansari og textahöfundur?“ spurði Andri Snær Magnason á vorþingi Íslandshreyfingarinnar í gær. Hvort Ómar Ragnarsson geti bætt einum starfstitlinum enn í safnið ræðst svo næstu helgi.



bjorgvin@frettabladid.is

# Sveifla á Samfylkingunni



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

**Í DAG** | Stjórnmál

Það er sveifla á Samfylkingunni þessa dagana. Mér finnst athyglisvert hversu miklu betur hún kemur út úr vönduðum kjördæmakönnunum, þar sem úrtakið er stórt, og óráðnir spurðir áfram, heldur en í könnunum á landsvísu. Í síðasta þætti um Reykjavík-Suður hafði Samfylkingin bætt við sig ríflega 5% á skömmum tíma. Í Kraganum er flokkurinn að bæta við sig eftir kosninguna í Hafnarfirði, og nú glittir í Guðmund Steingrímsson. Þáttur Stöðvar 2 um Reykjavík-Norður sýndi næstum 30% um miðja síðustu viku. Athyglisvert er að nú hafa þrjár kannanir í röð sýnt að þar eru jafnaðarmenn með 27- 30% fylgi. Mogginn sagði á föstudaginn að frá því í lok apríl hefði fylgið í kjördæminu aukist um 10%. Svo það er gaman í baráttunni, vindurinn er í bakið, og brosin með okkur.

### Brosmildir kjósendur

Stóriðjuofsinn rauk úr umræðunni eftir Hafnarfjörð og síðan hefur Samfylkingin að verulegu leyti sett dagskrá umræðunnar – sem snýst nú aðallega um velferðarmál. Sjálfur er ég einsog þeytispjald um Reykjavík, og hef hitt þúsundir manna sem ég rétti stefnu okkar með mildu brosi, handtaki og hófstilltum orðum. Það heyrir til undantekninga að konur segi nei takk. Karlar eru stundum fálátari – og íhaldssamari. Ég segi þeim þá að sjálfur sé ég alinn upp hjá grenjandi bláu íhaldi, og lofa að þeir verði ekki að verri mönnum eftir lesturinn. Það dugar til að flestir brosa á móti – og taka við boðskapnum. Ég hef staðið fyrir utan alla helstu stórmarkaði höfuðborgarsvæðisins, flestar sundlaugar, World Class í Laugardal og Spönginni, labbað upp og niður Laugaveginn, haldið ræður í farandhátalara Samfylkingarinnar – sem Jakob Frímann riggaði upp áður en hann fór í annað skipsrúm – og það er mikill munur á því hve miklu betur Samfylkingunni er tekið nú þegar hallar í lok baráttunnar en í upphafi. Þétt, málefnaleg og vel skipulögð barátta okkar er að skila miklum árangri.

Ég hef meira að segja gefið Þorsteini Pálssyni, góðum félaga úr ríkisstjórn, rauða rós og hann tyllti mér í sama bláa stofustólinn og hann bauð mér einu sinni í til að drekka viskíglas á hádegi eftir ríkisráðsfund á Bessastöðum.

### Týndir frambjóðendur

Það vekur undrun að einungis á örfáum stöðum hef ég rekist á frambjóðendur annarra flokka. Íhaldið fann ég í Kringlunni þar sem það brynnti mér þyrstum með D-vatnsflösku og óskaði mér velfarnaðar. Á sama stað gaf Framsókn mér tópas. Á einum stað stóð hjá mér lítill og fallegur drengur sem trúði mér fyrir að amma sín ætlaði að kjósa Samfylkinguna. Hann var að dreifa bæklingi sem ég held að væri um ísskápa, en sá svo að var boð frá Sjálfstæðisflokknum í Húsdýragarðinn. Ég bað hann þess lengstra orða að vera hugsjónum sínum trúr – hverjar sem þær yrðu að lokum.

Gamli góði Villi sagðist hafa orðið borgarstjóri á því að heimsækja hundruð vinnustaða í heilan vetur. Ég hef ekki tölu á þeim vinnustöðum sem ég hef farið á – og það vekur furðu að hvergi hefur nokkur annar flokkur reynt að plægja svörðinn. Öðru vísi mér áður brá. Meira að segja í Grafarvogi, sem við höfum straujað með bæklingum og rósum, hef ég ekki séð Guðlaug Þór í fjarlægð. Enda er fylgi Samfylkingarinnar í Grafarvogi komið yfir það sem áður var.

Á Grand Hótel í vikunni áttu flokkarnir að ræða samkeppnishæfni Íslands um menntað vinnuafl. Guðfinna S. Bjarnadóttir var auglýst en mætti ekki. Ég sagðist þekkja íhaldið best og bauðst til að skýra stefnu þeirra. Hugsanlega finnst henni erfitt að verja stefnu menntamálaráðherra. Ég hef samúð með því viðhorfi.

### Frjálslynd jafnaðarstefna

Í síðustu vikunni taka 25% kjósenda afstöðu. Á sjálfan kjördaginn eru 15%, eða 10 þingmenn, á floti. Þeir ná síðustu sveiflunni sem hafa undirbúið endasprettinn best. Miðað við súrefnið og kraftinn sem er eftir í Samfylkingunni er ég að verða meira en bjartsýnn á það sem kemur upp úr kjörkössunum.

Þeir sem vilja halla sér að frjálslyndri jafnaðarstefnu eiga skýran valkost – og í því efni ber að varast eftirlíkingar til hægri og vinstri. Það er kominn tími til að breyta – ekki satt?

# Skýr stefna í þjóðlendumálinu

**UMRÆÐAN**

Þjóðlendumál



HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON

Framkvæmd þjóðlendulaganna er hitamál. Tilgangurinn með setningu laganna um þjóðlendur var að setja lagaramma um ábyrgð ríkisins á einskismannslandi og skýra mörk eignarlanda og þeirra landsvæða. Þetta var að mörgu leyti nauðsynjamál og þarft. Tilgangurinn var ekki að gera eignir landeigenda upptækar til ríkisins né ganga á rétt landlausra sem njóta útivistar. Þarna var ekki um að ræða eignaupptöku af neinu tagi. Þetta var sá almenni skilningur þeirra sem studdu þessa lagasetningu á sínum tíma.

Því miður hefur framkvæmd laganna í meðförum fjármálaráðuneytisins verið með öðrum hætti. Kröfur hafa verið settar fram, þinglýstir pappírar hafa ekki verið teknir gildir og skemmst er frá því að segja að logandi ófriður hefur verið á þeim svæðum sem sæta kröfugerðinni hverju sinni. Svo virðist sem stígandi hafi verið í kröfugerðinni eftir því sem fleiri landsvæði voru lögð undir, kröfur eru þingfestar í jarðirnar og fram undan eru málaferli sem geta tekið langan tíma. Þessu verður að linna. Það styrjaldarástand við landeigendur sem nú ríkir á þessum svæðum er ekki þolandi.

Fjármálaráðherra fer með framkvæmdirnar fyrir hönd ríkissjóðs. Nú hefur verið lýst kröfum og þær þingfestar í stór landsvæði á Norðausturlandi sem eru í eigu einstaklinga og sveitarfélaga. Landeigendur hafa nú ákveðið að bindast samtökum til að styrkja stöðu sína í meðferð þessara mála gagnvart stjórnvöldum. Kröfurnar ganga mun lengra en tilgangur Þjóðlendulaganna segir til um og má segja að kröfugerðin brjóti gegn öllu því sem telst eðlilegt og sanngjarnt.

Á flokksþingi Framsóknarflokksins fór ég ásamt öðrum fyrir málefnahópi sem gerði ályktun um þjóðlendumál. Í henni kemur fram að Alþingi Íslendinga og ríkisstjórn fresti frekari framgangi þjóðlendumála á Íslandi og taki lög um þjóðlendur til endurskoðunar. Með frestun er átt við að ekki verði lýst kröfum í ný svæði. Jafnframt er skorað á fjármálaráðuneyti og kröfunefnd þess að endurskoða kröfugerð sína þar sem mál standa yfir og leiti þar sem fyrst sátta við jarðeigendur. Þá leggja framsóknarmenn áherslu á að ríkisvaldið uni úrskurðum Óbyggðanefndar enda er nefndin skipuð af ríkisstjórn landsins.

Ályktunin var samþykkt með miklum meirihluta atkvæða. Það er því eindregin vilji hjá framsóknarmönnum fyrir því að lagfæra þessa framkvæmd, bæði gagnvart þeim svæðum sem á eftir að taka fyrir og þeim sem lýst hefur verið kröfum í nú þegar. Ef breytingar á lögum eru nauðsynlegar til að vinna að slíku mun ég beita mér fyrir því á Alþingi.

*Höfundur skipar 3. sætið á lista Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi.*








“Power Up for Tomorrow”

DOOSAN
Doosan Infracore
Construction Equipment





www.doosaneurope.com

H.A.G. ehf - Taekjasala •

# Brottför hersins frá Íslandi

**UMRÆÐAN**
Völlurinn


SKARPHÉÐINN SCHEVING EINARSSON

Þann 5. október 1946 var Keflavíkursamningurinn svokallaði samþykktur á alþingi. Þá lauk einni og hálfri þrásetu bandarísks hers í landinu en Bandaríkjamenn vildu 99 ára herstöðvasamning sem ekki gat orðið af. Íslendingar tóku þá við vellinum, bandaríski fáninn var dreginn niður en íslenski fáninn upp. Ólafur Thors tók við vellinum.

30. september 2006 gerðust svipaðir hlutir, fáni Bandaríkjamanna var fjarlægður en hinn íslenski blakti einn. Jóhann R. Benediktsson tók við mannvirkjum, góðum og slæmum, fyrir hönd flokkssystur sinnar, utanríkisráðherra. Engin dramatík og léttir einkenndi þessa athöfn líkt og í október 1946. Herinn flýtti sér upp í flugvél og hélt til Bandaríkjanna. Að mínu mati og margra annarra lauk þar með miklu niðurlægingartímabili í sögu íslensku þjóðarinnar sem staðið hafði í 55 ár. 1946 skipti herinn um föt, úr herklæðum í borgaraleg föt, engin greiðsla fyrir not af landi fylgdi samningnum 1946, aðeins var tekið mið af þörfum Bandaríkjanna. Árið 2006 var illa staðið að samningum. Íslendingar tóku á sig alla hreinsun á menguðum svæðum, sem að áliti fróðra manna mun kosta 5.000 milljónir ef vel á að standa að málum, sem ég held að ekki verði gert.

Íslenska ríkisstjórnin hafði farið margar sneypuferðir til Bandaríkjanna til að fá þessa menn til að vera hér um kyrrt, einnig höfðu verið haldnir fundir hér. Afstaða Bandaríkjanna var alla tíð mjög skýr, stöðin þjónaði ekki hagsmunum Bandaríkjanna lengur vegna breyttrar heimsmyndar, hún var úrelt, þar með taldar fjórar ratsjárstöðvar frá 1990. Tveimur vikum seinna, eftir að herliðið fór frá vellinum og skrifað hafði verið undir nýja viðbót við svokallaðan varnarsamning frá 1951 (sem er ríkisleyndarmál eins og svo margt sem sú ríkisstjórn sem hefur stjórnað hér í 12 ár hefur gert), kom herskipið Geitungurinn (Wasp) til Reykjavíkur.

Þessi geitungur var herskip Bandaríkjamanna sem var að koma frá átakasvæðum nálægt Írak þar sem geisar stríð sem virðist ætlað að verða að öðru Víetnamstríði fyrir Bandaríkin. Íslendingar studdu það stríð til að reyna að halda í óbreytt ástand í herstöðinni hér. Þá komu ráðamenn þjóðarinnar fram í RÚV og lugu að þjóðinni trekk í trekk. Einnig komu spunameistarar ríkisstjórnarinnar fram í Kastljósi og sungu sinn Valhallarblús. Allir vita og vissu að þetta er stríð um bandaríska hagsmuni. Án olíu er ekki hægt að reka stærsta herveldi heims. Bandaríkjamenn framleiða 10% af olíu heimsins og nota 30%, en eru aðeins 5% mannkyns. Þess vegna eru þeir tilbúnir að taka það sem upp á vantar með illu. Persónulega er ég þeirrar skoðunar að aðild okkar að NATO sé hornsteinn númer 2, næst á eftir aðild að Sameinuðu þjóðunum í utanríkisstefnu okkar. Hvað varðar ógn gætu Íslendingar allt eins treyst á aðstoð Breta eða Norðmanna á ögurstund, okkar næstu nágranna, en í dag erum við á friðsömu svæði. Hvað varðar Bandaríkin eigum við að sjálfsögðu að hafa við þá góð samskipti á viðskiptasviði og menningarsviði.

Varðandi framtíðarnot af húsum í gömlu herstöðinni við Keflavík þá má nota 30% af húsum, með miklum breytingum þó. En Íslendingar áttu ekki að greiða fyrir þetta 5.000 milljónir. Þeim fjármunum hefði betur verið varið til bættra kjara aldraðra og öryrkja sem hafa bæði verið vanvirtir með lögum á dóm hæstaréttar sem féll þessum hópum í vil og öðrum hömlum.

Til eru hús í herstöðinni sem nota má sem dvalarheimili fyrir eldri borgara, t.d. hús númer 639, en þá þarf að byggja lyftuhús og skipta um rafmagn svo að það mæti Evrópustaðli. Í þessum húsum er 110 volt 60 rið sem þýðir sverari víra. Einnig má tengja hús saman með tengibyggingum í svokölluðu B og Q hverfi, svo þar verði íbúðir fyrir eldri hjón. En hvernig sem við skoðum þessi mál varðandi nýtingu á húsum er dýrt að breyta rafmagni, leggja yfirborðsvatn í jörð o.fl.

Möguleikar til nýtingar eru margir en í sumum tilfellum væri ódýrara að byggja nýtt. Það sem þarf að rífa þarna er gamla flugstöðin, bíóhús, íþróttahús og sundlaug, hús 771, 501, 506, 44, klúbba yfirmanna og undirmanna, gamlar skemmur o.fl.

Stjórnstöð og ný fjarskiptastöð með 6 feta þykkum veggjum og gólfi úr steypu mætti kannski nota fyrir leyniþjónustu Sjálfstæðisflokksins sem sumir segja að hér hafi verið til í 60 ár. Mikil mengun er þarna grafin í jörð, ég tók sjálfur þátt í að grafa ósómann. Ef utanríkisráðuneytið óskar mun ég glaður fara og benda á hvar þetta er grafið.

*Höfundur er bílstjóri og vann á vellinum í 29 ár.*


Konur og völd

Leiðtoganámskeið sjálfstæðiskvenna í Kópavogi
Glersalnum, Salarvegi 22, miðvikudaginn 9. maí
frá klukkan 18:00 til 22:00.

Mæting 17:45

Ávarp 18:00
Helga Guðrún Jónasdóttir, formaður sjálfstæðiskvennafélagsins Eddu, býður þátttakendur velkomna.

Konur og stjórnmál 18:05
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri og framþjóðandi. Ég þori, get og vil. Látum að okkur kveða.

Konur og atvinnurekstur 18:20
Margrét Kristmannsdóttir, formaður Félags kvenna í atvinnurekstri. Straumar og stefnur í íslensku viðskiptalífi með hliðsjón af sóknarfærum kvenna.

Konur og fjölmiðlar 18:40
Steinunn Stefánsdóttir, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins. Hvernig starfa fjölmiðlar og hvernig við störfum með þeim.

Kvöldverðarsnarl 19:00

Persónuleg forysta og árangur 19:30
Guðrún Högnadóttir, þróunarstjóri stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík, fjallar með gagnvirkum hætti um aðferðir hins virta FranklinCovey leiðtogaskóla og hvernig við beitum þeim með árangursríkum hætti.

Stuttpils í stað stuttbuxna 20:30
Erla Ósk Ásgeirsdóttir, formaður Heimdallar. Reynslusaga ungrar konu um fyrstu sporin.

Konur og tengslanet 20:45
Ragnheiður Guðmundsdóttir, sölu- og markaðsstjóri og varabæjarfulltrúi. Hvað og hvar eru tengslanet kvenna.

Aðferðir almannatengsla 21:00
Áslaug Pálsdóttir, framkvæmdastjóri AP almannatengsla. Hvernig ég kem sjálfri mér á framfæri, hvort heldur á vettvangi stjórnmála eða viðskipta.

Framkoma leiðtogans 21:30
Gísli Blöndal, markaðs- og kynningarráðgjafi. Hvernig ég get eflt sjálfsöryggi og sjálfstraust.

Námskeiðslok 22:00

Þátttökugjald kr. 1.900
Skráning á www.xdkop.is eða í síma 894 1215 frá kl. 13 til 19 mánudag og þriðjudag.



FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


# Innistæðulaust kaupmáttargort

**UMRÆÐAN**
Efnahagsmál


ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa á undanförnum árum snúið baki við stöðugleika og ýtt með ábyrgðarlausum hætti undir ofþenslu í efnahagslífi. Afleiðingin er 8% verðbólga, 27% viðskiptahalli og 14% stýrivextir. Í fálmkenndri vörn hafa stjórnarflokkarnir leitast við að réttlæta óstöðugleikann með því að vísa til þess að kaupmáttur hafi vaxið svo mikið. Í því samhengi hafa þeir bent á að kaupmáttur hafi vaxið um nærri 60% á 10 árum. Röksemdin virðist vera sú að óstöðugleikinn sé fórnarkostnaður sem réttlætanlegt sé að fella á heimilin í landinu til að tryggja óvenjumikinn kaupmátt.

Fyrir það fyrsta er kaupmáttur sem fenginn er við svona aðstæður ótryggur í eðli sínu. Um það vitna gengisfellingahrinur og óðaverðbólguskeið undanfarinna áratuga, sem einatt komu í kjölfar mikillar kaupmáttaraukningar. Einu sinni hafði Sjálfstæðisflokkurinn til þess metnað að tryggja stöðugan og sjálfbæran hagvöxt. Sá tími er greinilega liðinn.

Í annan stað hefur verið sýnt fram á að þessum ávinningi hafi verið gríðarlega misskipt. Kaupmáttaraukningin var mest hjá þeim 10% sem mest höfðu fyrir, eða 120% og minnst hjá þeim 20% sem minnst höfðu fyrir, eða 30%.

Í þriðja lagi er svo ljóst að meðaltalskaupmáttaraukningin var ekkert óvenjuleg. Í ráðstöfunaruppgjöri heimilageirans, sem Hagstofan gaf út 16. apríl sl. kemur fram að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hafi aukist um 56% milli áranna 1994 og 2005. Hækkun kaupmáttar upp á 56% á 11 árum jafngildir árlegri hækkun upp á 4,1%. Eins og taflan hér að neðan sýnir er þessi hækkun ekki óvenju mikil í sögulegu samhengi. Svipuð eða meira hækkun var til að mynda á sjötta, sjöunda og áttunda áratugnum. Kaupmáttaraukningin var hins vegar tiltölulega lítil frá því síðla á níunda áratugnum og fram til aldamóta.

Mikilvæg skýring á mikilli hækkun kaupmáttar síðustu 11 ára er að í upphafi tímabilsins var mikil umframafkastageta í hagkerfinu í kjölfar langvarandi samdráttarskeiðs. Í ofanálag er mikil framleiðsluspenna, eða landsframleiðsla umfram framleiðslugetu hagkerfisins, í lok tímabilsins. Samkvæmt mati Seðlabanka Íslands var spennan um 4,9% af landsframleiðslu árið 2005 en slakinn árið 1994 var metinn um 2,1%. Ef gert er ráð fyrir að hlutdeild launa í landsframleiðslu sé stöðug má gera ráð fyrir að þetta samsvari að kaupmáttaraukningin á tímabilinu sé ofmetin um u.þ.b. 7,2% miðað við líklega þróun kaupmáttar ef jafnvægi hefði ríkt í upphafi og við lok tímabilsins. Að teknu tilliti til þessara áhrifa umreiknast árleg hækkun kaupmáttar ráðstöfunartekna á mann í 3,47%. Meðaltal kaupmáttaraukninga árin 1950-2000 var 3,4%.

Kaupmáttur hefur vissulega verið ágætur síðustu 11 árin og því ber að fagna. Kaupmáttarþróunin er þó ekkert sérlega markverð í sögulegu samhengi og þegar tekið er tillit til framleiðsluspennu kemur í ljós að hún er í meðallagi. Það er ekkert við kaupmáttaraukningu undanfarinna ára sem réttlætir þá alvarlegu aðför að hagsmunum almennings launafólks sem felst í viðvarandi verðbólgu, ofurvöxtum og viðskiptahalla. Metnaðarlausir og huglausir ríkisstjórnarflokkar verða að finna sér eitthvað annað fíkjulauf að skýla sér bakvið.

**ÁRLEG HÆKKUN KAUPMÁTTAR RÁÐSTÖFUNARTEKNA EFTIR ÁRATUGUM**

| Tímabil | Meðalhækkun kaupmáttar ráðstöfunartekna á mann |
|---|---|
| 1951-1960 | 4,0% |
| 1961-1970 | 4,8% |
| 1971-1980 | 5,3% |
| 1981-1990 | 1,5% |
| 1991-2000 | 1,7% |
| 1951-2000 | 3,4% |
| 1994-2005 | 4,1% |
| 1994-2005* | 3,47% |

*leiðrétt fyrir framleiðsluspennu

*Höfundur er lögfræðingur og skipar 4. sætið á lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.*


LÉTT BYLGJAN 967

**Lúxusútgáfum af farsímum** fjölgar sífellt í takt við aukna eftirspurn. Nú er búið að hanna farsíma fyrir vellauðuga sem vilja láta á sér bera. Gripurinn, sem kallast Diamond Crypto farsími, er gerður úr platínum og skreyttur demöntum og 18 karata gulli og kostar litlar 82.732.000 milljónir króna. Nánar á www.photo.wenn.com.



**Slæm birtuskilyrði** eru af sérfræðingum talin helsta ástæða þess að fólk sýnist breiðara á ljósmyndum og myndbandsupptökum en það er í raun og veru. Skuggaleysi er kennt um að draga fram alls kyns útlitsgalla og láta fólk líta út fyrir að vera stærra og flatara, svo það virðist feitara.

**Njósnarar**, eða þeir sem vilja vera njósnarar, geta komist einu skrefi nær draumnum með kaupum á M7 Secret Agent Spy Ear. Þetta er lítið hlerunartæki sem gerir fólki kleift að heyra úr órafjarlægð og er auk þess húðlitað, svo erfitt er að koma auga á það. Sjá gadgetuniverse.com.






PÓLÝHÚÐUM

Innihurðir, innréttingar, veggklæðningar, húsgögn o.fl., glært, hvítt og allir litir Matt, glans eða háglans, einnig Textur, Marmari, Flauel og margskonar annað „SPECIAL EFFECTS"

** EINNIG EFNISSALA TIL ANNARRA **

Mex - byggingavörur
Lynghálsi 3 Sími 567 1300 & 848 3215
www.byggingavorur.com

STIGAR
og handrið, allar mögulegar gerðir
Sjá t.d. ný teikniforrit og verð á
www.timberman.dk - Tegn trappen



Gæða hús handa þér



Bjálkahús ehf

Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.

Hús okkar eru byggð til að endast.

Á fjórðahundarð hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús

www.husogheimili.is

Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818



## Hægt er að fá Bluetooth-einingar í bíla. Tækin virka vel.

Ólöglegt er að tala í síma á meðan ekið er. Því verður sífellt vinsælla að bílar séu búnir Bluetooth-búnaði. Hann er hins vegar dýr, sérstaklega þegar setja á hann í bílinn eftir að hann er kominn á götuna. Það er þó hægt að komast í kringum þetta vandamál.

T-210-DSP er ódýr Bluetooth-eining í bíla sem er einföld í uppsetningu. Einingin virkar vel og er mjög notendavæn. Öfugt við hefðbundnar innbyggðar einingar getur reyndar verið erfitt að finna henni stað en hún kemur með klemmu svo hægt er að festa hana við sólskyggni.

T-210-DSP er hins vegar ekki dýr, kostar 6.990 krónur, og þar hefur hún vinninginn yfir önnur tæki.



“úr dómi Fréttablaðsins”

Farsímalagerinn.is




Kjartan og félagar í Strax dreifa vörum frá öllum helstu símaframleiðendunum til símafyrirtækja um allan heim. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Stærsti dreifingaraðili fylgihluta farsíma í Evrópu

***Fyrirtækið Strax Holdings er stærsti dreifingaraðili fylgihluta farsíma í Evrópu. Fyrirtækið er íslenskt.***

Strax Holdings rekur meðal annars Farsímalagerinn og nýlega festi fyrirtækið kaup á Hans Petersen. Færri vita hins vegar að fyrirtækið er einnig stærsti dreifingaraðili farsímafylgihluta í Evrópu. „Við stofnuðum fyrirtækið árið 1994 með það að markmiði að verða stærsti dreifingaraðilinn í Suður-Ameríku," segir Kjartan Örn Sigurðsson, framkvæmdastjóri HP Farsímalagersins og einn af stofnendum Strax. „Við opnuðum skrifstofur í Miami og í Hong Kong en eftir að við opnuðum í London 1999 tókum við stefnuna á að verða stærstir í Evrópu."

Kjartan segir lykilinn að baki velgengni Strax felast í pan-evrópsku formi fyrirtækisins. Þegar farsímafyrirtækin stækkuðu, og fóru að bjóða þjónustu sína í mörgum löndum, sáu eigendur Strax sér leik á borði og fylgdu þeirri þróun eftir með starfsemi sinni. „Í dag dreifum við vörum frá öllum helstu farsímaframleiðendunum til margra alþjóðlegra símafyrirtækja og verslunarkeðja um alla Evrópu og allan heim," segir Kjartan.

Gegnum Farsímalagerinn og Hans Petersen ætla eigendur Strax að kanna áður óþekktan markað. „Stærsti söluaðili myndavéla í heiminum var Nokia með myndavélasíma sína. Þetta er stafræna byltingin í hnotskurn. Tækifærin sem við sjáum eru að verða bæði stærstir í sölu stafræns búnaðar og einnig í myndvinnslu fyrir þennan nýja markaðshóp," segir Kjartan.

*tryggvi@frettabladid.is*


Þannig er mál með vexti ...



... að það er hægt að létta greiðslubyrðina.

VEXTIR FRÁ AÐEINS 3,4%
Miðað við myntkörfu 4, Libor-vextir 23.4.2007.

Reiknaðu út hvernig greiðslubyrði þín lækkar á www.frjalsi.is eða hafðu samband í síma 540 5000.

SAMANBURÐUR Á LÁNUM

| | MYNTKÖRFULÁN *** | BLANDAÐ LÁN ** | ÍBÚÐARLÁN |
|---|---|---|---|
| LÁNSUPPHÆÐ | 20.000.000 | 20.000.000 | 20.000.000 |
| VEXTIR | 4,0% * | 4,4% * | 5,0% |
| GREIÐSLUBYRÐI**** | 66.500 | 100.800 | 96.600 |

* M.v. 1. mánaða Libor vexti 23.04.2007. ** 50% íbúðarlán/50% erlent lán í CHF og JPY.
*** Vextir á erlendri myntkörfu ráðast af veðsetningu og myntsamsetningu og eru á bilinu 3,4% til 4,5% m.v. myntkörfu 4.
**** Mánaðarlegar afborganir fyrsta árið, lánstími 40 ár, einungis greiddir vextir af myntkörfuláninu fyrstu þrjú árin, án verðbóta eða gengisbreytinga.

FRJÁLSI

Fíton/SÍA

**Slæmt gengi Playstation 3** er talið vera ástæða þess að Ken Kutaragi hættir sem stjórnandi leikjatölvudeildar Sony. Kazuo Hirai hefur verið ráðinn sem arftaki Kutaragi og tekur hann við í sumar.





GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Þýskar álkerrur

fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.
N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

Alltaf betri verð!
Frábær sumartilboð!
320 GB Utanáliggjandi harður diskur, USB 2.0 — 10.700
Þráðlaus vefmyndavél með hreyfiskynjara — 17.900
Stóra tölvuorðabókin útgáfa 6 Þýðir á milli 9 tungumála — 9.900
computer.is
www.computer.is
Skipholti 50c - Sími 551 6700

Sigma linsur fyrir flestar gerðir myndavéla

FOTO VAL
Myndavéla-viðgerðir
Skipholti 50B
Sími 553 9200
www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS




Stolnar tölvur eru lyklar tölvuþrjóta að netárásum. Æ algengara er að fyrirtæki beini árásum gegn samkeppnisaðilum.

# Netárásir enn algengar

***Þrátt fyrir að eðli netárása hafi breyst hefur þeim síst af öllu fækkað.***

Á vef breska ríkissjónvarpsins BBC eru netárásir gerðar að umtalsefni. Netárásir eru þegar tölvuþrjótar koma sér upp svokölluðum bot-tölvum, sem venjulega eru stolnar, og hóta gegnum þær að yfirfylla tölvukerfi fyrirtækja af draslpósti og gagnslausum upplýsingum þannig að þau hrynji.

Eina leiðin fyrir fyrirtækin að forðast árásina er að borga þrjótunum þá upphæð sem farið er fram á. Hrun getur verið dýrkeypt og því er ekki óalgengt að gengið sé að kröfum tölvuþrjóta. Þeim er borgað og svo er beðið og vonað að ekkert verði af árásinni.

Slíkum árásum hefur fækkað þar sem þær eru erfiðar og áhættusamar en tölvuþrjótarnir hafa fundið nýja leið til að nýta hæfileika sína. Nú virðist það færast í vöxt að fyrirtæki fái tölvuþrjóta til að framkvæma árásir á samkeppnisaðila sína. Liggi vefsíða annarra niðri gefur það óneitanlega forskot í hörðum viðskiptaheimi.

Fátt virðist geta komið í veg fyrir þessar árásir. Eftir því sem öryggiskerfi verða öflugri, þeim mun duglegri verða þrjótarnir að finna leiðir til að brjóta þau á bak aftur.

*tryggvi@frettabladid.is*



Margir eru farnir að geyma stafrænar myndir í myndageymslum á netinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Myndir á Flickr í stað Yahoo Photos

***Yahoo Photos hættir.***

Veffyrirtækið Yahoo hefur ákveðið að hætta með Yahoo Photos, sem var fyrsta myndageymsla Yahoo á netinu. Í stað þess mælast forráðamenn fyrirtækisins til þess að fólk noti heldur síðuna Flickr, sem er í eigu Yahoo.

Í júní verður tugum milljóna notenda, sem skráð hafa myndir á Yahoo Photos, tilkynnt um þær leiðir sem þeir geta gripið til, til að færa myndir yfir í Flickr eða aðrar myndageymslur á netinu. Þetta geta verið geymslur sem eru í beinni samkeppni við Yahoo líkt og PhotoBucket, MySpace, Kodak Gallery, Shutterfly Inc. eða Snapfish.

PhotoBucket hefur stækkað gríðarlega að undanförnu og er það talið ástæða þess að Yahoo ræðst í þessar breytingar nú, segir á fréttavef Reuters.



Steve Jobs, forstjóri Apple, hefur kynnt nýja umhverfisstefnu fyrirtækisins.

## Grænna epli lofað

APPLE BREGST VIÐ GAGNRÝNI FRÁ UMHVERFISSINNUM.

Steve Jobs, forstjóri Apple, hefur gefið út yfirlýsingu þess efnis að fyrirtækið muni bæta umhverfisstefnu sína á næstunni. Ætlunin sé að fjarlægja eitruð efni úr tækjum frá Apple, þar á meðal Mac-tölvunum, iPod og MP3-spilurum. Einnig á að auka endurvinnslu eldri framleiðsluvara. Jobs tók fram að Apple myndi hætta að nota arsenik í tæki sín í lok árs 2008, þá ætti að hætta notkun kvikasilfurs í skjái og nota þess í stað LED-skjái en fyrsta Mac-tölvan með LED-tækni verður sett á markað síðar í ár.

Umhverfisverndarsamtök, líkt og Greenpeace, hafa beint spjótum sínum að Apple í baráttu sinni við að fá tæknifyrirtæki til að minnka notkun eitraðra efna í framleiðslu sinni. Baráttan hefur greinlega haft einhver áhrif.

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI

Breiðan ehf
821-6292



Renault Kango árgerð 2002, sendibíll, ekinn 90 þús.km., sk.'08, 100% lánað, verð kr. 660.000,- með vsk., 821-6292



Renault Master diesel, árgerð 2003, langur, háþekja, ekinn 130 þús.km., sk.'08, 100% lánað, verð kr. 1.950.000,- m.vsk. 821-6292 Á sama stað Renault Master árgerð 2001, stuttur, háþekja.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

## Bílar til sölu




Toyota Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýr 2007 frá 4.390þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



Til Sölu Land Cruiser 100 árg. '99, ekin 132 þús., 4,7 bensín , cruise control, toppl., teams, aukadekk. Skipti mögu-leg. Uppl. í s. 895 9066.



Til sölu Subaru Impreza LX 1,6 L. Árgerð 2000. Ek. 86 þús. km. 4x4, 5 dyra, 5 gíra. Nýleg heilsársdekk. Ný tímareim. Ástandsskoðun liggur fyrir og skoðaður '08. Ásett verð 650.þús. en fæst á yfirtöku á láni sem stendur í c.a. 610. þús. Afborgun um 15.þús á mánuði. Upplýsingar í síma 698-6950/552-0711 Þorgrímur



Til sölu Daihatshu Terios árg.'98. Ek. 98 þús. Er á nýlegum heilsárs dekkjum verð 300. þús. Uppl. í s. 892 6830 & 661 5221.



Til sölu Misubishi Pajero árg.'96. Ek. 241 þús. í góðu standi, sumar/vetrad. á felgum. Verð tilboð. Einnig VW Polo árg.'02. Ek. 109 þ. Verð 700 þús. S. 824 4862.



Auðveld kaup á Rav 4.!!! Toyota Rav 4. árg. '04. Ek. 58 þús., 5 gíra, abs, airbag, sk. '08. Ásett 2.190 þús. Lán 2.150 þús. S. 820 0151.



16 þús. á mánuði fyrir topp eintak. Daewoo Kalos Se, árg.'03. Ek. 69 þús. 5 gíra, 1400 vél, sk '08, fæst á láni 650 þús. S. 661 8197.



Til sölu Toyota Corolla XLI special series. Ek. 142 þ. Beinsk. Skoðaður '08. Árg. '95. Í toppstandi. Ásett verð 290 þús. Uppl. í s. 897 2318.

Einn Ódýr! Opel Corsa Swing, árg. '97, 3dyra, svartur, nýskoðaður, ný dekk, ekinn 107 þ. km. Góður bíll. Verð kr 170 þúsund staðgreitt. Uppl. í síma 820 4640.

2 góðir! Subaru Forrester '99, ek. 150 þ. Verð 550 þ. og Renault Megané st. '00 ek. 65 þ. V. 480 þ. S. 690 1433.

Toyota Hilux D/C. Árg. '92. Dísel, 35" dekk, skoðaður, í topp ástandi. Verð 350 þús. Uppl. í s. 694 4561.

## 0-250 þús.



MMC Space Wagon 4wd. Árg. '97. 7 manna. Nýleg ssk. Nýlega sprautað-ur. Rafmagn í rúðum, speglum. Hiti í sætum. Toppbíll. Uppl. í s. 698 8384.

Golf GL '97, Sk'08. ek 147 þús. km. 4d. 5gíra. CD/álfelg,ný dekk. Ásett 350 þ. Tilb. 210 þ. S. 695 3336.

Til sölu Subaru Justy '87 s. 847 0313.

Til sölu Hyundai Accent '99, 3dyra, hvít-ur, ekinn 111 þ. km. Litur vel út, búið að skipta um tímareim. Verð 200 þ. Uppl. í s. 846 6893.

Til sölu Ford Escort árg.'97. Skoðaður. Verð 85 þús. S. 699 2707.

## 250-499 þús.



Mitsubishi Sigma árg 91 ekinn 95 þús í góðu standi með skoðun 08 Verð 300 þús uppl 6914359



Volvo S40 '97, ek.158.000. beinskiptur, sumar og vetrardekk. verð 390.000. s: 867-0434

Grand Cherokee 5,2 l árg 93 í topp-standi,litur vel út, bremsur nyjar ofl.sk 08 til sölu á 270 stgr gsm 8202492

## 2 milljónir +




Nýr 2007 Dodge Caliber. Vandaður & sparneytinn fólksbíll/jeppl. frá 1.995þús. 7,4L/100km. Fæst m/4x4. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

## Bílar óskast

Óska eftir ódýrum bíl sem þarfnast viðgerðar, ekki eldri en '95, má vera ónýtur. Verðhugmynd 0-100 þús. stgr. S. 661 5256.

## Jeppar




Jeppaútsala: 2006-2007 Jeep Grand Cherokee frá 2,590, Ford Explorer frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

## Pallbílar



Ford F150. Árg ,,05. Ek 39þ. m/öllu. Sumar/vetar.d á álf. Palllok. Nýtt í bremsum. Áhvl 3 mill c.a 40 þ/mán. Ásett 3.730 þ. Ath sk. S. 696 1002




Pallbílar Útsala: Ford F150 frá 1.750þús! Toyota Tacoma frá 1990þús. Einnig Ford 350/Dodge RAM 3500 4x4 dísel án hraðatakmarkara. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir mark-aðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www. islandus.com

## Hópferðabílar



Til sölu M.Benz Turismo 49 farþ, árg '99, ekinn 346þ, öryggisbelti, Klósett, kaffivel, Dvd, Sjónvarp, vinna getur fylgt, uppl. www.allrahanda.is og í síma 660 1305 & 660 1303

## Vörubílar

**www.trukkur.is**
Sími 893 8327.

## Húsbílar



Til sölu húsbíll Fiat Ducato árg. 2oo1 2,8 disel 6 manna uppl. í s.5540864 eða 8930579

## Mótorhjól



Kínversk hjól, bestu verðin. Ennþá meiri verðlækkun. Það litla 90cc aðeins 109.900,-. Vespur, svartar, bláar, silfurlit-ar eða rauðar á aðeins 165.900,-. 200cc hjólin, hægt að götuskrá, núna á aðeins 179.900,-. Uppl. í s. 895 7272.



Kavasaki Mean street 1500. 2001 Ek. 11.000 mílur. Glæsilegt hjól, fullt af aukahlutum og í toppstandi. Uppl. í s. 899 9769.



Suzuki GSX-R 1000 2005 árg. Ekið 2300 km. Áhvílandi 700 þús. Verð: 1300 þús eða besta tilboð ! S: 8973393



1300 Hayabusa árg. '04. Ek. 9þ. Áhv. 850þ. Verð 1.350þ stgr. Engin skipti. Uppl. í s. 863 7463.



TT-R125/LW 2005. Lítið notað og vel með farið. Verð.280.Þús. S. 868 2211.

## Hjólhýsi



Til sölu Hobby 540UFE 2004 mjög lítið notað er staðsett í Danmörk á dönsku numeri tilvalið fyrir þá sem vilja ferðast um evrópu og taka heim með Norrænu gott verð. s6905588

## Fellihýsi









Fellihýsa og húsbílaleiga. Einnig felli-hýsaviðgerðir og varahlutaþjónusta. S. 863 9755 & 899 7188

**Nýtt fortjald til sölu**
Passar á Palomino Colt, gott verð. S. 863 9755 & 899 7188

Coleman Yuma fellihýsi, 10. fet, árg. '03. Sólarsella (220V/12V). Fortjald fylgir, rafgeymir, rafmagnsvatnsdæla, alvöru ísskápur og gaskútur. Mjög lítið notað. S. 896 5613 & 896 4217.

## Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.




## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

## Varahlutir

**Bílapartar ehf**
**S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. bilapartar@bilapartar.is

www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.




# fasteignir

Mest lesna fasteignablað landsins

7. MAÍ 2007


Fjóluvellir 3 er fallegt hús með 80 fermetra sólpalli.

## Einstök hönnun úti og inni

**Hjá Remax á Garðatorgi er til sölu einnar hæðar einbýlishús með innbyggðum bílskúr og stórum palli á Völlunum í Hafnarfirði.**

Húsið er að mestu steinað og klætt með harðviði að utanverðu. Það stendur við Fjóluvelli og er í göngufæri við skóla og leikskóla. Innréttingar eru allar sérsmíðaðar og blöndunartæki í eldhúsi og baðherbergjum eru innbyggð. Gólfefni og flísar á baðherbergisveggjum eru náttúrusteinn og hiti er í gólfi í öllu húsinu með þráðlausri hitastýringu. Innihurðir eru innfelldar.

Í eldhúsinu er gott skápapláss, stór eyja með granítborðplötu og sæti fyrir fjóra. Einnig vönduð stáltæki og span helluborð sem háfur er yfir.

Stofa og borðstofa eru bjartar og rúmgóðar og gluggar eru háir. Gert er ráð fyrir arni. Innbyggðar hillur eru í stofunni og tveir útgangar á sólríkan pall. Tvö baðherbergi eru í húsinu. Bæði eru flísalögð í hólf og gólf með fallegum innréttingum, upphengdum salernum og vönduðum blöndunartækjum. Á aðalsnyrtingunni er stórt nuddbaðkar og á gestasalerninu er sturta. Inni af rúmgóðu hjónaherbergi er fataherbergi og barnaherbergin eru þrjú með sérsmíðuðum skápum.

Úr þvottahúsi er útgengt í garðinn og gengið er í bílskúrinn úr forstofu. Milliloft er í bílskúrnum og inni af honum er geymsla.

Ásett verð er 56,9 milljónir króna.




Þannig er mál með vexti …



… að það er hægt að létta greiðslubyrðina.

VEXTIR FRÁ AÐEINS 3,4%

Miðað við myntkörfu 4, Libor-vextir 23.4.2007.

Reiknaðu út hvernig greiðslubyrði þín lækkar á www.frjalsi.is eða hafðu samband í síma 540 5000.

SAMANBURÐUR Á LÁNUM

| | MYNTKÖRFULÁN *** | BLANDAÐ LÁN ** | ÍBÚÐARLÁN |
|---|---|---|---|
| LÁNSUPPHÆÐ | 20.000.000 | 20.000.000 | 20.000.000 |
| VEXTIR | 4,0% * | 4,4% * | 5,0% |
| GREIÐSLUBYRÐI**** | 66.500 | 100.800 | 96.600 |

* M.v. 1. mánaða Libor vexti 23.04.2007. ** 50% íbúðarlán/50% erlent lán í CHF og JPY.
*** Vextir á erlendri myntkörfu ráðast af veðsetningu og myntsamsetningu og eru á bilinu 3,4% til 4,5% m.v. myntkörfu 4.
**** Mánaðarlegar afborganir fyrsta árið, lánstími 40 ár, einungis greiddir vextir af myntkörfuláninu fyrstu þrjú árin, án verðbóta eða gengisbreytinga.

FRJÁLSI

Fíton/SÍA

Tjáðu þig!

Stæsta bloggsamfélagið! Yfir 150.000 notendur!




Viltu sýn'eikkað?

Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg

BlogCentral.is

Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi



ESTIA constructions

Heilsárshús á draumaeyjunni Krít




Allar nánari upplýsingar hjá Gissuri Tryggvasyni
símar: 438-1280 eða 892-2280

Frum



FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI

Fyrirtækjasala Íslands

Valgeir Kristinsson, hrl., lögg. faseignasali

Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.fyrirtaekjasala.is

**SÉRVERSLUN Í KRINGLUNNI og LAUGAVEGI** **Til sölu** sérverslun velstaðsett í Kringlunni og á Laugavegi. Mjög skemmtileg vara. **Frábært tækifæri.**

**VINSÆLL SKYNDIBITASTAÐUR Til sölu** þekktur skyndibitastaður í austurborginni með fína afkomu. Bullandi traffic. Hér er á ferð frábært tækifæri. **Leitið upplýsinga.**

**FLUTNINGAFYRIRTÆKI til sölu** af sérstökum ástæðum, Nýlegur bílafloti. Góð vaxandi velta. Traust viðskiptasambönd. **Uppl. aðeins á skrifstofu, ekki í síma.**

**INNRÖMMUN Til sölu innrömmunarstofa** á frábærum stað í góðu húsnæði í austurbæ. Tilvalið fyrir tvo samhenta einstaklinga. **Góður tækjakostur Verð 7,5 millj.**

**HÁRGREIÐSLUSTOFA TIL SÖLU** Mjög þekkt og vel staðsett stofa með 2 þvottastöðvar og 6 vinnustöðvar. **Hefur starfað á sama stað sl. 10 ár. Gott verð.**

**PÚSTÞJÓNUSTA og BÍLAVERKSTÆÐI** Þekkt og gróið fyrirtæki í topp húsnæði 320 fm. **Besti tíminn framundan.**

**GÆLUDÝRAVERSLUN til sölu** af sérstökum ástæðum, þekkt verslun miðsvæðis með vinsæla vörur. Gæludýraunnendur, hér er gott tækifæri á ferðinni. **Gott verð.**

**ÍSBÚÐ OG SÖLUTURN. Til sölu glæsileg ísbúð og söluturn í góðu hverfi** Besti íssölutíminn framundan. Vilyrði fyrir löngum leigusamningi. Góð aðstaða til koma upp veisluþjónustu, eða vísir að hverfisverslun. **Einstakt tækifæri. Verð aðeins 5,9 millj.**

**SKILTAGERÐ og MERKINGAR** Vegna flutnings erl. er til sölu mjög gott og ört vaxandi fyrirtæki í skiltagerð. Er vel staðsett og með góðan tækjakost. **Verð aðeins 9 millj.**

***Mikill fjöldi fyrirtækja á skrá. Endilega leitið nánari upplýsinga.***

Frum



búmenn

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Suðurlandsbraut 54
108 Reykjavík
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is

www.bumenn.is

## Búmenn auglýsa íbúðir

### Blásalir 24 í Kópavogi

Til endurúthlutunar er nýleg 2ja herbergja íbúð í Blásölum 24. Íbúðin er um 78 fm. Íbúðin er í 10 hæða fjölbýlishúsi með miklu útsýni og getur verið til afhendingar strax.

### Miðnestorg 3, í Sandgerði

Til endurúthlutunar er búseturéttur í 2ja herbergja íbúð sem er um 71 fm. Íbúðin er á þriðju hæða lyftuhúsi. Íbúðin getur verið til afhendingar fljótlega.

### Prestastígur 8 í Grafarholti

Til endurúthlutunar er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð rúmlega 94 fm. Íbúðin er í fjögurra hæða lyftuhúsi og fylgir stæði í bílakjallara undir húsinu. Íbúðin getur verið til afhendingar fljótlega.

### Prestastígur 4 í Grafarholti

Til endurúthlutunar er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð rúmlega 91 fm. Íbúðin er á jarðhæð í tveggja hæða fjórbýlishúsi. Íbúðin getur verið til afhendingar fljótlega.

### Árnastígur 5 í Grindavík

Til endurúthlutunar er búseturéttur í nýlegri 2ja herbergja íbúð í parhúsi við Árnastíg í Grindavík. Íbúðin er um 76 fm. ásamt um 25 fm bílskúr. Íbúðin gæti verið afhendingar fljótlega.

***Umsóknarfrestur er til 14. maí n.k.***

***Réttur til kaupa miðast við 50 ára og eldri***

***Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins að Suðurlandsbraut 54 í síma 552-5644 milli kl. 9-15.***

Frum

# Búseti auglýsir

## – lausar íbúðir til úthlutunar 16. maí

## umsóknarfrestur er til og með 15. maí

**Skólavörðustígur 20** Íbúð: 202
101 Reykjavík



2 herb. 65,0 fm
Lán með tekjumarki
Afhending að ósk eiganda:
Strax

Hámarksverð: 1.751.950 -kr
Lágmarksverð:
Búsetugjald: 53.799 -kr

**Frostafold 20** Íbúð: 803
112 Reykjavík



2 herb. 62,1 fm
Lán með tekjumarki
Afhending að ósk eiganda:
Sem fyrst

Hámarksverð: 1.342.243 -kr
Lágmarksverð:
Búsetugjald: 46.250 -kr

**Laugavegur 137** Íbúð: 101
105 Reykjavík



2 herb. 51 fm
Almennt lán
Afhending að ósk eiganda:
júní/júlí

Hámarksverð: 1.366.129 -kr
Lágmarksverð: 1.127.680 -kr
Búsetugjald: 60.188 -kr

**Laugavegur 137** Íbúð: 201
105 Reykjavík



2 herb. 51 fm
Almennt lán
Afhending að ósk eiganda:
Strax

Hámarksverð: 1.366.129 -kr
Lágmarksverð: 1.127.680 -kr
Búsetugjald: 60.188 -kr

**Garðhús 4** Íbúð: 301
112 Reykjavík



4 herb. 115,2 fm
Lán með tekjumarki
Afhending að ósk eiganda:
1. júní

Hámarksverð: 2.843.338 -kr
Lágmarksverð: 2.568.211 -kr
Búsetugjald: 62.162 -kr

**Breiðavík 9** Íbúð: 301
112 Reykjavík



4 herb. 90 fm
Almennt lán
Afhending að ósk eiganda:
Miðjan júní

Hámarksverð: 1.386.870 -kr
Lágmarksverð: 1.145.316 -kr
Búsetugjald: 79.357 -kr

Frum

**Blikaás 21** Íbúð: 202
221 Hafnarfjörður



4 herb. 114 fm
Almennt lán
Afhending að ósk eiganda:
1. september

Hámarksverð: 1.908.377 -kr
Lágmarksverð: 1.626.417 -kr
Búsetugjald: 100.411 -kr

**Kirkjustétt 9** Íbúð: 104
113 Reykjavík



4 herb. 106,9 fm
Almennt lán
Afhending að ósk eiganda:
ágúst/september

Hámarksverð: 2.455.318 -kr
Lágmarksverð: 1.886.949 -kr
Búsetugjald: 102.027 -kr

**Þrastarás 10** Íbúð: 102
221 Hafnarfjörður



5 herb. 151 fm
Almennt lán
Afhending að ósk eiganda:
1. september

Hámarksverð: 2.787.731 -kr
Lágmarksverð: 2.256.580 -kr
Búsetugjald: 119.681 -kr

**Almenn lán veita rétt til vaxtabóta. Lán með tekjumarki veita rétt til húsaleigubóta. Til að geta sótt um íbúð með tekjumarksláni verður viðkomandi að vera undir eigna- og tekjumörkum.**
**Eignamörk: 2.900.000**
**Tekjumörk einstaklinga: 2.686.000**
**Tekjumörk hjóna: 3.760.000**
**Vegna barns: 450.000**

Fyrirvari er um mögulegar prentvillur og breytingar á verði.

Skeifunni 19, 108 Reykjavik • Sími 520 5788 • www.buseti.is • Netfang buseti@buseti.is

**Búseti hsf.**



FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI
MIÐSTÖÐ ATVINNUHÚSNÆÐIS

**Björgvin Ó. Óskarsson**
Löggiltur leigumiðlari og eignaskiptalýsandi
**Óskar Mikaelsson,**
ráðgjafi, atvinnuhúsnæði og fyrirtæki
**Valgeir Kristinsson,**
Hrl., Lögg. faseignasali

**Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.atv.is • atv@atv.is**

**Rauðarárstígur - Fyrir verktaka!**



Sérlega vel staðsett 1.440 fm húsnæði miðsvæðis við Rauðarárstíg. Húsið er 3 hæðir auk kjallara. Verið er að vinna í skipulags- og deiliskipulagsbreytingu til að breyta efri hæðum í íbúðir og verslunar- og þjónusturými á jarðhæð. Hver hæð er í dag um 360 fm. Möguleiki er að stækka húsið um ca 570 fm m.a. með aukahæð ofaná húsið. Frábært tækifæri fyrir verktaka. Fáið nánari upplýsingar á skrifstofu okkar

**Súðarvogur 240 fm.**



Til sölu sérlega vel staðsett og standsett atvinnuhúsnæði á 2 hæðum. Neðri hæðin er 120 fm, með innkeyrsluhurð, rýmið er einn salur/lager. Efri hæðin er 120 fm þar sem nú eru skrifstofur, opið og bjart rými, mjög fallegt útsýni. Húsnæðið er með góða aðkomu Dugguvogsmegin. Eignin er sérlega vel viðhaldið.

**Völuteigur, 270 fm, 365 fm eða 635 fm.**



Til sölu, í nýju glæsilegu stálgrindarhúsi tvö iðnaðarhúsnæði sem eru hvor um sig 10,8 x 25 mtr. að grunnfleti. Hægt er að fá iðnaðarrýmin stök eða bæði saman þá samtals 635 fm. Annarsvegar er um að ræða 270 fm iðnaðarhúsnæði, stærð 10,8 mtr x 25 mtr, mikil lofthæð, 4x innkeyrsluh. -tvær á hvorum enda, og hinsvegar 365 fm iðnaðarhúsnæði, endabil með 95 fm milligólfi, innkeyrsluhurðir og gegnumkeyrsla.

**Fiskeldisstöð í rekstri m/fasteignum.**



Til sölu fiskeldisstöð ásamt atvinnuhúsnæði og kerjum, staðsett í landi Saurbæjar í Hvalfirði. 2x 200 rm útikör með ca. 500 fm gólfradíus, 1x 80 rm útikar og 2x 60 rm útikör. 3ja ára lífmassi nú. Áætlaður lífmassi 2008 er um 100 tonn. Áætlaður lífmassi 2009 er um 140 tonn. Vatnshitakerfi svo ekki frjósi í kerjum. Fullkomið eftirlitskerfi stýranlegt í gegnum netið. Fullkomin sjálfvirk skömmtun. Í húsnæðinu eru 7 seiðaker í kjallara og 5 á efri hæð þess. Auk þess eru skrifstofur og vinnuaðstaða.

Frum

**Dvergshöfði 250 fm.**



Til leigu í iðnaðarhúnsæði við Dvergshöfða um 250 fm rými með aðgengi að innkeyrsluhurð. Tveir inngangar mögulegir í rýmið auk vörumóttöku um innkeyrsluhurð. Húsnæðið er laust og til afhendingar nú þegar.

**Tunguháls, allt að 2770 fm.**



Í einkasölu samtals 1070 fm iðnaðarhúsnæði í eftirsóttasta iðnaðarhverfi Reykjavíkur. Með fylgir sambykktur byggingarréttur eignarhlutans fyrir samtals 1700 fm á tveimur hæðum. Samtals yrði þá um að ræða 2770 fm heildarstærð þar sem grunnflötur hússins yrði um 1560 fm og um 900 fm á 2. hæð. Góðar stórar innkeyrsluhurðir. Fallega innréttaðar skrifstofur, kaffistofa og eldhús um 210 fm. EINSTAKT TÆKIFÆRI. Teikningar og nánari upplýsingar á skrifstofu okkar.

**Við Höfnina 79 fm + 248 fm.**



Til sölu á glæsilegum stað við Hafnargötu á Stokkseyri tvær eignir. Um er að ræða vinnustofu 79,3 fm að grunnfleti auk óskráð milligólfs undir kaffiaðstöðu með glæsilegu útsýni yfir höfnina. Búið er að yfirfara t.d. rafmagnslagnir og gler. Svo er um að ræða viðbyggingu sem er 248,5 fm að grunnfleti sem hýsir listagallerý sem er mikið sótt af ferðamönnum. Mjög góð lofthæð, stórir gluggar sem gera eignina bjarta og skemmtilega.

**Miklabraut - Frábært tækifæri.**



Til sölu sérlega vel staðsettar verslunar- og þjónustueiningar á einu fjölfarnasta og mest áberandi horni höfuðborgarinnar. Hægt er að kaupa eignirnar stakar eða sem ein heild. Kærkomin fjárfesting. Eignirnar eru á verslunarhæð auk rýmis í kjallara hússins og skiptast þannig: 28,5 fm og 52,3 fm rými á verslunarhæð auk 73,5 fm rými í kjallara eða samtals 125,8 fm, jafnframt er 49 fm viðbygging auk 42,3 fm rými í kjallara, einnig er sjálfstæð bygging 36 fm. Samanlagt eru eignirnar á verslunarhæð 165,7 fm og í kjallara 115,8 fm.

**Vesturhraun - Gbæ, 300 fm - 1.500 fm.**



Til sölu nýtt glæsilegt stálgrindarhús. Húsið er að grunnfleti tæpir 1.500 fm. Í boði eru minni stakar einingar allt frá 300 fm að stærð. Stór og rúmgóð lóð með nægu útiplássi Vegghæð er 7,4 mtr. og lofthæð 9 mtr. í mæni. Samtals eru 10 innkeyrsluhurðir á húsinu 3,5 mtr. háar, 8x hurðir á hlið og 2x á gafli. Hægt er að skipta húsinu niður í smærri einingar og auka gólfflöt með milligólfum sökum lofthæðar. Malbikuð lóð. TILBÚIÐ TIL AFHENDINGAR STRAX!

Frum
HÚSEIGN
Fasteignamiðlun

Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • föstud. 10-17


Guðmundur St. Lögg.fast og hdl


Baldvin Ómar Sölustjóri S. 898-1177


Ástþór Sölumaður S. 898-1005


Áslaug Sölumaður S. 822-9519


Þráinn Ingimundarson

## Köllunarklettsvegur

Stærð í fermetrum: 615 fm
Fjöldi herbergja: 15
Tegund eignar: Fjölbýli
Verð: Tilboð óskast

HÚSEIGN KYNNIR FALLEGT OG NÝUPPGERT HÚSNÆÐI SEM ER Í LEIGU.
Húsnæðið er með 15 herbergjum og er í blandaðri leigu með skrifstofum og herbergjum. Góðir tekjumöguleikar fyrir réttan aðila. Fyrstur kemur fyrstur fær!!!

*Allar frekari upplýsingar gefur Ástþór Helgason GSM: 898 1005*

## Fitjabraut

5 Íbúðir til sölu
Stærð í fermetrum: 80-120 fm
Fjöldi herbergja: 3-5
Tegund eignar: Fjölbýli
Verð: 115 þús per fm

HÚSEIGN kynnir: 5 Íbúðir á 115 þús per fm.

Íbúðirnar þarfnast lagfæringar.

*Allar frekari upplýsingar gefur Ástþór Helgason GSM: 898 1005*



## Súðarvogur - 104 Reykjavík

Stærð í fermetrum: 600
Fjöldi herbergja: Íbúðir 5
Tegund eignar: Fjölbýli
Verð: Tilboð óskast

HÚSEIGN KYNNIR: Um er að ræða húsnæði á tveimur hæðum í bakhúsi við Súðarvog, 2 X 300 fm sem eru 5 íbúðir, að öllum stærðum. Eignin selst í einu lagi..Íbúðirnar eru allar mjög vandaðar með góðum innréttingum og tækjum Húsnæðið fæst samþykkt fyrir íbúðarlán að sögn eiganda sjón er sögu ríkari. Góð staðsetning og frábært fjárfestinga tækifæri

*Allar frekari upplýsingar gefur Ástþór Helgason GSM: 898 1005*



## Kleppsvegur

Stærð í fermetrum: 54,4
Fjöldi herbergja: 2
Tegund eignar: Fjölbýli
Verð: 14,9 millj.

Góð 57,4 fm 2ja herb. íbúð á vinsælum stað við Kleppsveg. Íbúðin er töluvert upprunaleg og hentar vel til innréttingar. Skiptist íbúðin í eldhús, svefnherbergi, baðherbergi og stofu. **Nánari lýsing:** Parket er á holi og stofu, Skápur í holi. Eldhús með upprunalega innréttingu og glugga. Svefnh. er með hurð út á svalirnar og góðir skápar eru í herberginu. Stofan er rúmgóð og með góðum gluggum. Baðherbergið er nokkuð rúmgott með baðkerfi og flísum á gólfi og upp á miðja veggi.

*Allar frekari upplýsingar gefur Ástþór Helgason GSM: 898 1005*



## Óseyrarbraut

Stærð í fermetrum: 2,622
Fjöldi herbergja: Atvinnuhúsnæði
Tegund eignar: Atvinnuhúsnæði
Verð: Tilboð óskast

Heil húseign við Óseyrarbraut í Hafnarfirði. Alls er eignin skráð 2030,4 fm og er hún á þremur hæðum. Steypt plan með aðkomu frá Hvaleyrarbraut. Nánari lýsing: Jarðhæðin er 1290 fm og í henni er vélsmiðja með aðkomu frá Óseyrarbraut. Á annarri hæðinni eru skrifstofur, eldhús og mötuneyi, starfsmannaðstaða og renniverkstæði. Önnur hæðin er 370 fm og er hún með aðkomu frá Hvaleyrarbraut. Þriðja hæðin sem er 370 fm er eitt stórt rými, fokhelt. Og annars vegar Atvinnuhúsnæði á jarðhæð með góðri aðkomu, mikil lofthæð, þrjár innkeyrsluhurðir. Stór lóð með góðu útisvæði. Húsið stendur á hornlóð með góð aðkomu, mögul. á byggingarrétti.

*Allar frekari upplýsingar gefur Ástþór Helgason GSM: 898 1005*



## Hvaleyrarbraut

Stærð í fermetrum: 1084
Fjöldi herbergja: Atvinnuhúsn.
Tegund eignar: Atvinnuhúsnæði
Verð: Tilboð Óskast

1084 fm. Húsið var tekið í gegn fyrir ca 5 árum. Hægt er að skipta húsnæðinu upp í þrjár einingar, allar með innkeyrsludyrum. Stórt sérbílaplan á lóð og pláss fyrir gámastæði. Hús á góðum stað rétt við athafnasvæði Hafnarfjarðarhafnar. Húsið er á einni hæð og er samtals 1.084 fm og stendur á 3.000 fm lóð. Góð aðkoma er að húsinu og mikil lofthæð.

*Allar frekari upplýsingar gefur Ástþór Helgason GSM: 898 1005*



## Álftamýri

Stærð í fermetrum: 74
Fjöldi herbergja: 3
Tegund eignar: Fjölbýli
Verð: 17,3 millj.

HÚSEIGN KYNNIR VEL SKIPULAGÐA 3 HERB. ÍBÚÐ. Lýsing: Forst. með parket á gólfi og góðum fataskáp. Baðh. á hægri hönd með baðkari og hengi fyrir sturtu, flísar og gluggi. Hjónah. er rúmgott með skápum og dúk á gólfi. Barnah. er með skáp og parket á gólfi. Eldhús er rúmgott með góðri innréttingu, tengi fyrir uppþvottavél eða þvottavél, dúkur á gólfi, tvöfaldur amerískur ísskápur og þvottavél sem fylgja með í kaupunum. Stofan er rúmgóð, parket, útgengt á suður svalir, parket.

*Allar frekari upplýsingar gefur Ástþór Helgason GSM: 898 1005*



## Fagrabrekka - Kópavogi

Stærð í fermetrum: 227
Fjöldi herbergja: 4 svefnhe
Tegund eignar: Einbýli
Verð: 51,5 millj.

Verulega fallegt einbýli í góðu hverfi í Kópavogi. Fallegur gróinn suður garður. Húsið hefur verið mikið endurnýjað. **Innra skipulag:** Gengið inn á flísalagða forstofu með góðum skápum, eldhús er mjög fallegt með nýl. innréttingu, góðum borðkrók og útgengi í suðurgarð. Rúmgóð stofa og sjónvarpsstofa, parket á gólfi, á efri palli er borðstofa, gestasalerni og herbergi, parket á gólfi nema á baði (flísalagt). Niðri eru 3 rúmgóð svefnh., þvottahús, geymsla, fallegt baðherbergi með horn baðkari, góð innrétting og gott alrými. Bílskúr fylgir eigninni en hann er ekki fullgerður.

*Allar nánari upplýsingar veitir Baldvin Ómar í síma 898-1177*

Hver er staðan?
Silfur Egils • Fréttir • Pólitískt blogg • Viðtöl • Beinar útsendingar • Kannanir og fleira
www.visir.is/kosningar
Kosningavefurinn er í samstarfi við kosningasjónvarp Stöðvar 2
visir.is
Fyrstur með fréttirnar

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Nýstandsett og falleg 96 fm. íbúð til leigu í Hlíðunum í júní og júlí. Verð aðeins 100 þús. Hafið samband við Brynhildi í síma 696 4609.

## Húsnæði óskast

Fyrirtæki vantar 4 3ja herb. íbúðir eða stærri á höfuðborgarsv. til leigu strax. Bæði fyrir íslenska og erlenda starfsmenn. Snyrtimennsku og skilvísum greiðslu heitið. S. 823 7065 & 820 7062.

Vantar íbúð fyrir 2 einstaklinga fyrir max 75 þ. per mánuð. Sími 892 0791 Eggert.

60 ára karlmaður óskar eftir 2.herb. Íbúð sem fyrst er ný fluttur heim eftir 16 ára búsetu erlendis. Uppl. í s. 534 1350 & 662 3136.

## Atvinnuhúsnæði

Verslunarhúsnæði óskast fyrir verslun sem selur fallega heimilis og gjafavöru. Uppl. í s. 898 2139 & amalar@simnet.is

## Geymsluhúsnæði

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Employment agency seeks:**

Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.
- Proventus -

Call Joao, tlf. 864-9873

**AVM Starfsmannalausnir geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Englandi**
-bæði karla og konur, svo sem byggingariðnaði, matreiðslufólk, þjónustufólk, fólk úr tölvugeiranum. Öll hafa mikla reynslu á sínu sviði. AVM Starfsmannalausnir geta boðið upp á lausráðna starfsmenn til skamms tíma, þegar um veikindi, frí eða skamman fyrirvara er að ræða. Við komum vel fram við starfsfólk okkar & afköstin eru eftir því.
Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is

**Skemmtileg og lærdómsrík störf !**
Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Reykjanesi leitar að starfsfólki til sumarstarfa sem og framtíðarstarfa. Erum starfrækt á stórhöfuðborgarsvæðinu. Nánari upplýsingar um störfin eru veitt í síma 525 0900 og á heimasíðunni www.smfr.is

**VIÐHALDSVIRKNI**
Óskar að ráða smiði í utanhúss í viðhald & viðgerðir
http://www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is
Viðhaldsvirkni ehf
Eyrartröð 3 Hafnarfirði
S. 517-0117 GSM 661-0117

**VIÐHALDSVIRKNI**
Menn vanir múrviðgerð um og húsaviðgerðum utanhúss óskast til stjórnunarstarfa.
http://www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is
Viðhaldsvirkni ehf
Eyrartröð 3 Hafnarfirði
S. 517-0117 GSM 661-0117

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar, hentar vel skólafólki. Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum Kleppsvegi. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.

**Íslandsþrif**
Reikalinga darbuotoya valymd darbamas, 75% darbo. Kreiptis nr. 849 0050, Ágústina.

AMERICAN STYLE

**Aktu Taktu**
Aktu Taktu Leitar eftir starfsfólki í 100% vaktavinnu og hlutastarfi. Aðeins reglusamt og duglegt fólk kemur til greina. Ef þú vilt vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá er þetta rétti staðurinn fyrir þig. Umsóknir á aktutaktu.is.

Lystigarðar óska eftir að ráða skrúðgarðyrkjumenn og/eða nema í vinnu.
Fjölbreytt starf og framtíðarvinna í boði.
Upplýsingar veitir Tómas í síma: 864-5892
Lystigarðar -að hætti meistarans

**Þerna-hótelstarf**
Óskum eftir að ráða þernu til starfa við þrif og tiltektir á hótelherbergjum. Starfið er laust nú þegar eða fljótlega. Nánari uppl. veitir Margrét Benjamínsdóttir á Hótel Óðinsvé Óðinstorgi eða sími 511 6200.

**Heimaþjónusta. Kvöld og helgarþjónusta.**
Starfsfólk vantar til sumarafleysinga á kvöld og helgarvaktir í Laugardalshverfi. Uppl. veitir María Þórarinsdóttir síma 4112500. Netf. maria.thorarinsdottir@reykjavik.is

**Heimaþjónusta. Dagvinna.**
Starfsfólk vantar til sumarafleysinga í Laugardalshverfi. Upplýsingar veitir Ragnheiður Gestsdóttir síma 4112500. Netf. ragnheidur.gestsdottir@reykjavik.is

**Aðhlynning - vaktavinna**
Óskum eftir starfsfólki við aðhlynningu í Þjónustuíbúðum Dalbraut 27. Um er að ræða bæði fasta stöðu og sumarafleysingar. Uppl. Veita Guðbjörg Vignisdóttir og Guðný Pálsdóttir sími 4112500. Netf. gudbjorg.vignisdottir@reykjavik.is

**Næturvaktir**
Óskum eftir starfsmanni til sumarafleysinga á næturvaktir í Þjónustuíbúðum Dalbraut 27. Uppl. Veita Guðbjörg Vignisdóttir og Guðný Pálsdóttir sími 4112500. Netf. gudbjorg.vignisdottir@reykjavik.is

**Viltu eiga frí á daginn í sumar ? Ertu 20 ára+ ?**
Öflugt markaðsfyrirtæki býður upp á vinnu við úthringingar 3-5 kvöld vikunnar 4 tíma í senn. Laun 5-12 þús. pr. kvöld.
Hæfniskröfur: góð íslenskukunnátta (talað mál)
Upplýsingar eru veittar virka daga milli kl.10-20 í síma 699 0005

Rizzo Pizzeria. Óskum eftir fólki til starfa nú þegar. Í afgreiðslustörf, til útkeyrslu, og pizzabaksturs. Nánari uppl. gefur Gísli í s. 840 6676.

Íspólska ráðningarþjónustan, býður pólska starfsmenn. Símar 0048 66 958 7238 og 894 7799 eða ispolska@ispolska.com

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Kumbaravogur, Stokkseyri, óskar eftir duglegu fólki til starfa í aðhlynningu frá 1. júní. Um er að ræða vaktavinnu, dagvaktir eða næturvaktir. Húsnæði á staðnum. Nánari upplýsingar í síma 483-1310 og kum@simnet.is.

KOFI TÓMASAR FRÆNDA óskar eftir brosmildum og duglegum starfsm. í fullt- og hlutastarf. Uppl. á staðnum.

Stýrimann og matsvein vantar strax á M/B Mörtu Ágústdóttir frá Grindavík til netaveiða til 15 júlí. Sumarfrí 6 vikur. Uppl. í s. 426 8286 / 898 2013.

**Góð aukavinna !**
Óska eftir fólki í símasölu á mjög góðri vöru 2-3 kvöld í viku, unnið frá kl. 18-22. Uppl. í s. 553 9600 frá kl. 12-22.

Óska eftir bifvélavirkja eða vönum manni vantar einnig á smurstöð. Uppl. í s. 899 4009 & 587 4700.

Potrzebujemy ludzi do pracy w fabryce ryb(w Reykjavíku)od zaraz duzo pracy informacje tel.520-7308

Vélstjóri óskast á 50 tonna línubát upplýsingar og fyrirspurnir sendist á beita@visir.is

Starfsfólk 18 ára og eldri óskast á kvöldin og um helgar til kl. 22:30 í grillsöluturn á svæði 104. Uppl. í síma 892-1532

## Atvinna óskast

**Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal**
í eftirtalin störf : Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.
SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000

**INTJOB STARFSMANNALEIGA ÚTVEGAR FYRIRTÆKJUM ERLENDA IÐNVERKAMENN OG VERKAFÓLK**
Útvegum m.a.:
- Smiði
- Múrara
- Pípara
- Rafvirkja
- Vélvirkja
- Meiraprófsbílstjóra
- Tækjastjórnendur
- Verkamenn
- Hjúkrunarfólk
- Önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda

INTJOB hefur verið starfrækt í þrjú ár með góðum árangri
Hafðu samband í síma 517 4530
INTJOB STARFSMANNALEIGA
Hagasmára 1, 201 Kópavogur, www.intjob.is

Starfsfolk fra Lettlandi: smidir, verkamenn, sudumenn, raestingafolk o.fl. S.8457158

21 árs húsasmíðanemi óskar eftir vinnu og hugsanlegum samning. Matthías 868 2719.

Er 44 ára kk. Óska eftir næturvarðarstarfi eða öðru sambærilegu. Hreint sakav. Uppl. í s. 899 5690.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Ástandsskoðun**
Ástandsskoðun fyrir húseigendur, húsfélög, seljendur, kaupendur. Eins vegna viðhalds og galla á húsnæði. Gerum kostnaðar áætlanir. S. 564 3188.

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

## Einkamál

TANTRA Erotisk verslun
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS





AUGLÝSINGASÍMI 550 5000 FRÉTTABLAÐIÐ






Hver er staðan?
Silfur Egils • Fréttir • Pólitískt blogg • Viðtöl
Beinar útsendingar • Kannanir og fleira

www.visir.is/kosningar

Kosningavefurinn er í samstarfi við kosningasjónvarp Stöðvar 2

vísir.is Fyrstur með fréttirnar



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ – smáauglýsingar sem allir sjá







# Þjóðin veit hvað hún vill

**Fréttablaðið eykur forskotið**

**Auglýsendur athugið.** Nýjasta lestrarkönnun Capacent sýnir að **bilið milli Fréttablaðsins og annarra dagblaða eykst svo um munar**. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið

Fíton/SÍA

MARKAÐURINN

# Hefur vinninginn






## 62% FLEIRI LESENDUR Í ALDURSHÓPNUM 18–49 ÁRA

Þegar borinn var saman lestur á Markaðnum og Viðskiptablaði Morgunblaðsins, í símakönnun Capacent janúar–febrúar 2007, kom í ljós að Markaðurinn hefur umtalsvert forskot hjá öllum aldurshópum. Fylgstu með Markaðnum alla daga vikunnar í hádegisfréttum Stöðvar 2 eða í VefTV á visir.is. Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum.







**Horfðu á Markaðinn í símanum** | **Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2** | **Markaðurinn á visir.is alla daga**

**MARKAÐURINN – VIÐSKIPTAFRÉTTIR ALLA DAGA VIKUNNAR**

ton/SIA FI019902

# Viljum við enn meiri ójöfnuð?

**UMRÆÐAN**
Samfélagsmál

Ríkisstjórnarflokkarnir tveir neita og vilja ekki kannast við fátækt hér á landi. Þeir segja að kaupmáttur landsmanna hafi aukist verulega á síðastliðnum tólf árum. Þeir vilja telja okkur trú um að aukinn ójöfnuður hér á landi sé tilkominn vegna markaðsaflanna en ekki vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar.

Staðreyndin er hins vegar sú að ójöfnuður hefur aukist vegna meðvitaðra aðgerða stjórnarflokkanna. Skattleysismörk hafa ekki fylgt launaþróun og með því hafa ríkisstjórnarflokkarnir leynt þeim skatta-


**HULDA GUÐMUNDA ÓSKARSDÓTTIR**

hækkunum sem hafa einkennt síðastliðin ár. Með þessum aðgerðum þurfa ríkisstjórnarflokkarnir ekki að réttlæta þessar beinu skattahækkanir. Þeir hafa einfaldlega falið þær og kæft okkur kjósendur í umræðu um tölur, útreikninga og útúrsnúninga þegar þeir eru beðnir um svör um skattahækkanir. Þegar ríkisstjórninni er bent á niðurstöður rannsókna Stefáns Ólafssonar sem kveða á um að skattbyrði einstaklinga og fjölskyldna hafi aukist undanfarin ár verða ráðherrar og þingmenn þessara tveggja flokka æfir og reyna að rengja niðurstöður hans. Sumir hafa verið það óforskammaðir að þeir reyna að gera lítið úr færni Stefáns Ólafssonar, eins fremsta fræðimanns landsins á sviðum þjóðfélagsfræða og vinnumarkaðshagfræði. Það segir auðvitað ýmislegt um þá stöðu sem ríkisstjórnin er í að það þurfi að vega persónulega að þeim sem setja fram fræðilega og málefnalega gagnrýni á skattastefnu hennar. Áhugasömum er beint á heimasíðu Stefáns Ólafssonar sem er http://www.hi.is/~olafsson/. Þar er hægt að finna ýmsar greindar tengdar þjóðfélagsfræðum og vinnumarkaðshagfræði.

Fátækt og ójöfnuður er íslenskur veruleiki. Niðurstöður rannsókna og annarra mælinga sýna að hann mun bara aukast ef ekki verður gripið til einhverra aðgerða á næstu mánuðum. Aukinn ójöfnuður getur haft gífurleg áhrif á framtíð landsins. Samkeppni landa mun á næstu árum byggjast upp á þekkingu og nýtingu hennar. Við erum að stíga inn á öld þekkingar þar sem þekking er og verður ein af mikilvægustu auðlindum þjóða. Þar sem þekking býr í huga einstaklinga mun mannauður þjóða skipta mestu máli. Mannauður landsins er smár og fjölbreyttur og við eigum að nýta okkur fjölbreytnina og kraftinn sem býr í honum. Til þess að nýta mannauð landsins sem best þurfum við að veita öllum börnum jöfn tækifæri til að skapa sér möguleika og frelsi til að velja úr þeim. Það er ekki hægt að tala um frelsi þegar aðgerðir ríkisstjórnar leiði til þess að einn eða fleiri hópar eru sviptir raunverulegu tækifæri, eða réttara sagt frelsi til að skapa sér möguleika og velja sér úr þeim.

Jöfn og frjáls er yfirskrift Samfylkingarinnar. Samfylking vill að öll börn hafi sama frelsi til að velja úr og skapa sér tækifæri í lífinu. Hugum að mannauði Íslands og að landinu 12. maí næstkomandi. Fjárfestum í börnum okkar, því þannig fjárfestum við í framtíð okkar. Kjósum að vera jöfn og frjáls.

*Höfundur er náms- og starfsráðgjafi.*

# Aðalsmenn maka krókinn

**UMRÆÐAN**
Kvótakerfið

Fyrrverandi forsætisráðherra Steingrímur Hermannsson skrifar athygliverða blaðagrein um daginn sem hann kallar „Bolvíkingar á báðum buxunum“. Eftir að hafa fjallað um gjafakvótakerfið bendir hann á að vegna þess hafi aðalsmenn á Íslandi aldrei haft það betra.


**JÓN MAGNÚSSON**

Steingrímur Hermannsson var forsætisráðherra þegar gjafakvótakerfinu var komið á en hann hefur lýst því í ævisögu sinni hvernig hagsmunaaðilarnir stórútgerðarmennirnir með arftaka hans í formannsstól Framsóknarflokksins fengu því til leiðar komið að gjafakvótakerfinu var komið á. Gjafakvótakerfið er ranglátt.

Í dag eru leiguliðar kvótagreifanna að leggja úr höfn á hverjum morgni og þurfa að greiða þeim sem heima sofa 200 krónur fyrir hvert kíló af þorski eða ýsu sem þeir koma með heim. Það er það lénsgjald sem Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa lagt á sjómenn sem vilja draga fisk úr sjó. Gjafakvótakerfið þjónar ekki tilgangi sínum. Heildarafli fer minnkandi þannig að forsenda kerfisins, friðun fiskistofna og aukinn afrakstur þeirra, er ekki fyrir hendi.

Gjafakvótakerfið er fjandsamlegt byggðunum og andstætt hugmyndum um einstaklings- og atvinnufrelsi. Gjafakvótakerfið þjónar engum nema eigendum gjafakvótans og lánastofnununum sem hafa lánað með tryggingu í þjóðarauðlindinni. Saman munda þessir aðilar svo sterka hagsmunaeiningu að þeir hafa náð að bægja frá skynsamlegum breytingum og afnámi kerfisins. Með hverju árinu sem líður verður erfiðara að snúa til baka. Þess vegna skiptir máli að kjósendur nú hafni því að nýju lénsskipulagi sé við haldið. Hafni því að gefa árlega hundrað milljarða af þjóðarauðlindinni til fárra útvaldra. Hafni því að beita fiskveiðistefnu sem er fjandsamleg uppbyggingu fiskimiðanna.

Hvaða röksemd réttlætir eiginlega það að kerfinu verði viðhaldið? Hagsmunir hinna fáu á kostnað hinna mörgu? Er það eitthvað annað?

*Höfundur er hæstaréttarlögmaður og frambjóðandi Frjálslynda flokksins.*





**MARÍA EVA DUARTE DE PERÓN (1919-1952) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Ég veit, eins og hver einasta kona, að ég hef meiri styrk en ég lít út fyrir að hafa.“*

***Evíta Perón var önnur eiginkona Juans Perón, forseta Argentínu. Hún er sögð hafa haft mikil pólitísk völd.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 7. MAÍ 1945

## *Þjóðverjar skrifa undir uppgjöf*

Þennan dag árið 1945 skrifaði nasistastjórn Þjóðverja undir skilyrðislausa uppgjöf fyrir hönd landsins. Lauk þar með hörmulegu stríði í Evrópu sem staðið hafði yfir í hátt í sex ár. Fregnirnar bárust fyrst frá Frakklandi en voru seinna um kvöldið hinn sama dag staðfestar af upplýsingaráðuneyti Bretlands. Undirskrift uppgjafarinnar fór fram í borginni í Reims í norðausturhluta Frakklands snemma morguns. Fyrir hönd nasista skrifaði hershöfðinginn Alfred Jodl undir uppgjöfina en fulltrúar Rússa, Frakka og Bandamanna rituðu einnig undir staðfestinguna á uppgjöfinni.



**JODL HERSHÖFÐINGI SKRIFAR UNDIR**

Daginn eftir var haldið upp á daginn víða um heim en Winston Churchill, forsætisráðherra Breta, Jósef Stalín, leiðtogi Sovétríkjanna, og Harry S. Truman, forseti Bandaríkjanna, tilkynntu allir þrír samtímis opinberlega um uppgjöf Þjóðverja í höfuðborgum landanna þriggja.

Uppgjöf Þjóðverja hafði legið í loftinu nokkru áður en hún varð að veruleika. Höfðu herir nasista í suðri meðal annars verið sigraðir auk þess sem herir þeirra í Hollandi, Danmörku og Noregi höfðu gefist upp. Viku áður hafði Adolf Hitler, leiðtogi nasista, svipt sig lífi og Karl Dönitz tekið við af honum. Dönitz hafði þó tilkynnt að Þjóðverjar myndu ekki gefast upp meðan enn væri barist í Rússlandi. Skilyrðislaus uppgjöf Þjóðverja kom því ekki mörgum í opna skjöldu en henni var fagnað vel og lengi.

### MERKISATBURÐIR

- **558** Hvelfing Sófíukirkjunnar í Konstantínópel hrynur. Jústiníanus fyrsti fyrirskipar að hún verði endurbyggð án tafar.
- **1824** Níunda sinfónía Beethovens er frumflutt í Vín.
- **1832** Grikkland verður sjálfstætt ríki.
- **1912** Columbia-háskóli í New York kemur Pulitzer-verðlaununum á laggirnar.
- **1915** Þýskur kafbátur grandar farþegaskipinu Lúsitaníu. Tólf hundruð farast.
- **1940** Winston Churchill verður forsætisráðherra Bretlands.
- **1978** Jarðgöngin í Oddsskarði eru vígð.

# Nýfæddir á netið

Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði hefur sett upp tengil á vef sínum þar sem sjá má nýfædda Ísfirðinga og allar upplýsingar um þá, meðal annars stærð þeirra og fæðingardag, nöfn foreldra og ljósmóður. Þetta kemur fram á héraðsvefnum bb.is.

Að sögn Brynju Pálu Helgudóttur, ljósmóður, hefur síðan mælst alveg ótrúlega vel fyrir en þetta er ekki í fyrsta skipti sem sjúkrahús bryddar upp á þessu. „Við höfum séð þetta hjá öðrum sjúkrahúsum, t.d. á Selfossi og á Akranesi, og langaði til að gera eins. Þetta er góð lausn, því það eru allir svo forvitnir um fæðingar hér á svæðinu, og þykir gaman að heyra um þær. Þetta er að sjálfsögðu gert með leyfi foreldra, og hingað til hefur enginn neitað og öllum bara fundist þetta spennandi,“ segir Brynja Pála í samtali við bb.is.



**NÝBURAR Á NETINU** Fæðingar nýrra meðlimi á Vesfjörðum fer nú ekki framhjá nokkrum manni.



Elsa B. Friðfinnsdóttir Markmið Alþjóðasamtaka hjúkrunarfræðinga er að stuðla að gæðum innan heilbrigðisþjónustunnar.

ALÞJÓÐADAGUR HJÚKRUNARFRÆÐINGA: DAGSKRÁ Í DAG

# Mannekla og öryggi

Alþjóðadagur hjúkrunarfræðinga verður haldinn víðs vegar um heiminn hinn 12. maí. Hér á landi verður aftur á móti haldið upp á hann í dag.

„Við ákváðum að við myndum tapa fyrir Eurovision og kosningunum. Síðan er fulltrúaþing Félags hjúkrunarfræðinga á mánudag og þriðjudag þannig að við ákváðum að halda upp á daginn í tengslum við það,“ segir Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. „Hjúkrunarfræðingar um allan heim halda þennan dag hátíðlegan, en þetta er fæðingardagur Florence Nightingale. Alþjóðasamtök hjúkrunarfræðinga gefa út þetta þema og það er mikið efni sem tengist þessum degi,“ segir hún. „Það sem við köllum vandamál myndi okkar fólk í þróunarríkjunum ekki kalla vandamál, heldur lúxusvandamál. Þetta eru mál eins og mannekla og öryggi sem alls staðar þarf að gæta, bæði með lyfjum og tækjum. Það eru sömu grundvallarþættirnir sem þarf að gæta að um allan heim.“

Markmið Alþjóðasamtaka hjúkrunarfræðinga er að stuðla að gæðum innan heilbrigðisþjónustunnar með því að hvetja til uppbyggingar á góðu starfsumhverfi fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Starfsumhverfið er víða ófullnægjandi og hafa samtökin kallað eftir umbótum á því.

Á fulltrúaþinginu í dag og á morgun verður ýmislegt á efnisskránni, þar á meðal fjárhagsáætlanir og starfsáætlanir auk þess sem veigamiklar breytingar á lögum félagsins verða lagðar fram. Í tilefni alþjóðadagsins býður Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga upp á dagskrá á Grand hóteli í Sigtúni frá klukkan 16.30 til 18 í dag.

**freyr@frettabladid.is**



†

**Jón Sigurðsson**
hljómlistarmaður frá Söndum í Dýrafirði,
Jón bassi,

sem varð bráðkvaddur að heimili sínu þann 30. apríl, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju, mánudaginn 7. maí kl. 15.00. Blóm vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er vinsamlega bent á félagið Einstök börn.

| | |
|---|---|
| **Jóhanna G. Erlingson** | |
| **Sigurður Rúnar Jónsson** | **Ásgerður Ólafsdóttir** |
| **Margrét Rannveig Jónsdóttir** | |
| **Birgir Már Ragnarsson** | **Silja Hrund Júlíusdóttir** |
| **Hildur Jónsdóttir** | **Hjörtur O. Aðalsteinsson** |
| **Guðrún Ólöf Jónsdóttir** | **Michael Valdimarsson** |
| **Sigrún Hjartardóttir** | **Björn Geir Leifsson** |
| **Jón Hörður Jónsson** | **Sigríður Anna E. Nikulásdóttir** |
| **Jóhanna Kristín Jónsdóttir** | **Jón Benediktsson** |



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sveinn Kristinn Magnússon**

sem lést þriðjudaginn 24. apríl sl. verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 8. maí kl. 15.00. Að ósk hins látna eru blóm og kransar afbeðnir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á að láta frjálsíþróttadeild FH njóta þess.
Reikningsnúmer: 327-26-9031 kt. 681189-1229.

| | |
|---|---|
| **Jón Þórir Sveinsson** | **Sigrún Pétursdóttir** |
| **Sveindís Sveinsdóttir** | **Helgi Eyjólfsson** |
| **barnabörn og barnabarnabörn.** | |



## 30 ára

**Sirra Sigrún Sigurðardóttir**

myndlistarmaður og ein af stofnendum Kling & Bang gallerí er þrítug í dag, 7. maí 2007.

# *Íslendingar aðstoða við sjávarútveg*

Fyrsta þjónustumiðstöð fiskimanna, sem Íslendingar láta byggja, var afhent á Srí Lanka í vikunni. Áformað er að reisa 26 slíkar þjónustumiðstöðvar á löndunarstöðum en stuðningur Þróunarsamvinnustofnunar Íslands við fiskimannasamfélögin á Srí Lanka er stærsta verkefni Íslendinga í þróunarsamvinnu landanna.

Árni Helgason, umdæmisstjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands á Sri Lanka, segir að mikilvægi miðstöðvarinnar sé mikið. „Þjónustumiðstöðin mun nýtast sjómönnum frá fimm löndunarstöðum í nágrenninu en dag hvern koma 4-500 fiskkaupendur á staðinn til að kaupa fisk. Um 200 bátar gera út frá þessum fimm stöðum, sjómennirnir eru um 500 talsins og heildarársafli á svæðinu er áætlaður um 2.000 tonn,“ segir Árni.



**NÝJA ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN** Miðstöðin í Toduwawa er á tveimur hæðum. Hún nýtist sjómönnum frá fimm löndunarstöðum í nágrenninu. MYND/ÞRÓUNARSAMVINNUSTOFNUN

Þjónustumiðstöðin í Toduwawa, sem afhent var í vikunni, er tveggja hæða, samtals um 220 fermetrar að stærð. Á neðri hæðinni er aðstaða til að gera við veiðibúnað, en á efri hæðinni er skrifstofa fyrir samvinnufélagið, rými fyrir varahlutaverslun, geymsluaðstaða fyrir utanborðsvélar félagsmanna og hreinlætisaðstaða. Í viðbyggingu við húsið er síðan þvotta- og hreinlætisaðstaða fyrir almenning og brunnur var grafinn fyrir neysluvatn á staðnum.

Stefnt er að því að taka ellefu sambærilegar þjónustumiðstöðvar í gagnið í sumar.

- þo




# Af hverju að borga of háa vexti?

**Hefur þú hugleitt hversu mikið þú sparar með því að vera með yfirdráttinn hjá S24? Borgaðu lægri vexti og gerðu eitthvað skemmtilegt fyrir mismuninn!**






S24 ...og þú hagnast

**Sæktu um... www.s24.is**




# STUÐ MILLI STRÍÐA: Framsókn í Eurovision – Eirík á þing

**ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR** SPÁIR Í SPILIN FYRIR KOSNINGAR



Það eru nokkrir dagar í kosningar og þjóðin er að missa sig. Sjálf er ég löngu búin að ákveða hvað ég ætla að kjósa á laugardaginn. Ég hef meiri áhyggjur af kosningunni í undankeppni Eurovision á fimmtudaginn.

Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki verið nógu dugleg að kynna mér lögin sem taka þátt í undankeppninni. Að sama skapi hef ég ekki verið sérlega dugleg að kynna mér frambjóðendur til alþingiskosninganna. Eurovisionlögin eru öll frekar lík og óspennandi og því miður er hægt að segja það sama um marga þeirra sem bjóða sig fram til Alþingis. Þetta hljómar allt saman eins.

Formúlan í Eurovision er alltaf sú sama. Lögin þurfa helst að hljóma kunnuglega til þess að einhver taki eftir þeim og sömu klisjurnar koma fram ár eftir ár.

Í pólitíkinni er það sama uppi á teningnum. Lofræðurnar eru þær sömu fyrir hverjar kosningar og frambjóðendur reyna að ná til kjósenda á allan mögulegan hátt. Svipað og þegar keppendur í Eurovision reyna að heilla áhorfendur á þremur mínútum með sviðsframkomunni einni saman. Pólitíkusarnir eru duglegir að mæta á alls kyns viðburði þessa dagana og í blöðum og bæklingum brosa þeir sínum „fótósjoppuðu“ brosum og gefa útliti poppstjarnanna lítið eftir. Framsóknarflokkurinn hefur meira að segja gefið út lag þar sem Magnús Stefánsson syngur „Árangur áfram ekkert stopp,“ ásamt heilum kór manna.

Ég fékk hálfgerðan hroll þegar ég heyrði lagið. Það er hins vegar svo grípandi að ég hef verið með það á heilanum síðan ég hlustaði á það. Í kjölfarið hef ég velt því fyrir mér hvort Framsóknarflokkurinn eigi kannski betur heima í Eurovision heldur en í ríkisstjórn. Og fyrst við erum komin út í þessa sálma þá held ég að Eiríkur Hauksson myndi sóma sér vel á þingi. Hann er fínn í utanríkismálin – hann talar jú norsku.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott






Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd er loftkæling, geymsluhólf í skotti og hjól. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

! **20.00**
*Kvennakór Garðabæjar heldur djassaða vortónleika í Kirkjuhvoli – Vídalínskirkju ásamt djasskvartett. Stjórnandi er Ingibjörg Guðjónsdóttir en meðleikari á píanó er Kristinn Örn Kristinsson.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Þverskurður fyrir framtíðina

Sagnfræðingar framtíðarinnar munu rýna í fleira en frímerkt sendibréf þegar þeir leita heimilda. Bretar eru fyrirhyggjusamir en þarlendir spekúlantar hafa séð fyrir að viðfang sagnfræðinganna verður einnig forgengilegur tölvupóstur sem nú er þeytt milli manna. Vefútgáfa þýska blaðsins Der Spiegel greinir frá því að Breska þjóðarbókasafnið, The British Library, óski nú eftir áhugaverðum sýnishornum af breskum tölvupósti og hyggist geyma þann þverskurð af nútímasamskiptum í gagnasafni eða tímahylki fyrir komandi rannsakendur.

Fyrsta sólarhringinn bárust bókasafninu 1.800 sýnishorn og má líklegt teljast að það fari vel um bréfin í safninu sem einnig hýsir bréf skáldkonunnar Jane Austen og fyrstu verk Williams Shakespeare. Pósturinn verður flokkaður eftir inntaki, þar á meðal í flokka sem bera yfirskriftirnar „kvartanir“, „ást og rómantík“, „fjas“ auk þess sem sérstakur flokkur verður fyrir „spam“ eða hinn illa þokkaða ruslpóst.

Tölvupósturinn vekur upp ný vandamál tengd uppruna og fölsunum fyrir sagnfræðinga auk þess sem geymsla bréfanna er ýmsum vandkvæðum bundin. Ekki er því ráð nema í tíma sé tekið að huga að varðveislu þessara framtíðarheimilda.



**ALLS KYNS UPPLÝSINGAR DÚKKA UPP Í TÖLVUPÓSTINUM** Hvað munu fræðimenn í framtíðinni geta ráðið af tölvupóstsamskiptum meðaljóns?



**> Ekki missa af...**

**Goran Bregovic** og stórhljómsveit á **Listahátíð**. Blásið verður í danslúðra og slegið á framsækna **balkanstrengi** um miðjan mánuðinn.

Uppreisn litarins í **Vin** á **Hverfisgötu**. Í dag kl. 13 verður **opnuð samsýning** þar en sýning sú er liður í hátíðinni **List án landamæra**.

# Karlmennskufleyið Óðinn í kvennahöndum

**Það kom víst svipur á varðskipsmenn þegar stöllurnar í Vatnadansmeyjafélaginu Hrafnhildi hófu að bera blúndur, tjull og silki um borð í Óðin. Fimmtíu manns vinna nú að því að umbreyta íslensku karlmennskuvígi í listvettvang og höfnin er líka leiksvið.**

Uppákoma Vatnadansmeyjafélagsins Hrafnhildar er liður í Listahátíð sem hefst á fimmtudaginn en þá mun listafólk úr öllum áttum taka þátt í margþættri sýningu þeirra „Gyðjan í vélinni“.

„Ein okkar, hún Halla Margrét Jóhannsdóttir, vissi af þessu skipi en nú er nýbúið að friða það,“ segir Margrét Vilhjálmsdóttir, leikkona og vatnadansmey, um tildrög verkefnisins. Velmektarfólk í samfélaginu hefur víst stofnað hollvinasamtök skipsins en þar innanborðs eru ekki minni spámenn en fyrrum Glitnisstjórinn Bjarni Ármannsson, Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og sjálfur forsetinn að sögn Margrétar. „Enda er þetta sögulegt fley og eitt af fyrstu varðskipunum. Óðinn var notaður í þorskastríðinu og við ótal frækin björgunarafrek,“ segir hún.



**EINS OG SMÆKKUÐ MYND AF VERÖLDINNI** Vatnadansmeyjafélagið Hrafnhildur setur, ásamt litríkum liðsauka, upp sýningu í varðskipinu Óðni á Listahátíð. Sýningin „Gyðjan í vélinni“ verður tilkomumikil og allt öðruvísi í laginu en fólk á að venjast. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Toppurinn í testósteróni

Vatnadansmeyjarnar eru gjörningahópur sem hefur starfað frá 1991 en félagarnir eru bekkjarsystur úr Leiklistarskólanum. Auk Margrétar og Höllu starfa þær Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, Katrín Þorkelsdóttir og Sigrún Sól Ólafsdóttir saman undir þessum merkjum. Margir muna eftir sjónarspili þeirra á Menningarnótt um árið en þá fengu þær Lögreglukórinn til liðs við sig og frömdu „hjartablóðsgjörning“ við höfuðstöðvar lögreglunnar við Hverfisgötu.

Nú er sviðið eitt mesta karlmennskuvígi landsins en Margrét segir að vart mælist meira testósterón en um borð í varðskipum þar sem konur hafa vart fengið að stíga inn fæti í gegnum árin. „Ja, nema þegar verið er að flytja þær eins hvern annað búfénað,“ útskýrir Margrét.

### Alheimsveruleiki kvenna

„En nú verðum við gyðjurnar í vélinni. Sýningin er gerð til heiðurs hinu kvenlega. Undirtitillinn vísar til sögu kvenna í gegnum árþúsundin, viðfangsefnið er alheimsveruleiki kvenna – jafnvel fyrir tíma tungumálsins,“ bætir Margrét við grafalvarleg í bragði enda er ekkert spaug að skilja heimsmynd kvenna eða hvað? Hún segir að vitaskuld sé verkefnið bullandi pólitískt enda sé það við hæfi nú þegar skammt er til kosninga, en það er stutt í grallaraskapinn hjá þeim. Þannig verður „hugurinn baðaður í hlaupi, hunangi, royal-búðingi og majónesi“ og konan skræluð og skoðuð í nýju samhengi svo vitnað sé til fréttatilkynningar hópsins þar sem þessi frumlegi verknaður er kynntur sem einstök blanda ólíkra listgreina.

### Ótrúleg smíð

Með vatnadansmeyjunum starfar myndarhópur listafólks, þar á meðal kamelljónið Davíð Þór Jónsson sem semur tónlist og hannar hljóðmynd fyrir fjörutíu ólík rými í skipinu og Halla Gunnarsdóttir myndlistarmaður sem hefur unnið um tuttugu verk sem sýnd verða um borð. Innsetningar og önnur listaverk verður að finna innan þessa verkfræðiundurs sem að sögn Margrétar verður skreytt hátt og lágt. „Meira að segja búningarnir verða eins og skúlptúrar,“ segir hún en um hönnun þeirra sjá Þórunn Elísabet Sveinsdóttir og Ríkey Kristjánsdóttir. Fjöldi leikara kemur að sýningunni, þar á meðal Kristjana Skúladóttir, Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir, Rósa Guðný Þórsdóttir, Hera Björk Jónsdóttir, Helga Rakel Rafnsdóttir, Ásta Sighvats Óladóttir, Árni Pétur Guðjónsson, Aðalbjörg Árnadóttir, Harpa Arnardóttir og María Pálsdóttir.

„Skipið sjálft er ótrúleg smíð. Með breyttum atvinnuháttum eru sífellt færri Íslendingar tengdir sjónum svo ég held að almenningur þekki lítið til um borð í svona skipum. En þetta er alveg magnað farartæki – maður verður hálf feiminn, þetta er svo ótrúlegur efniviður.“

Varðskipið Óðinn liggur nú við Reykjavíkurhöfn til móts við Kolaportið og fara sýningarnar því fram í hjarta miðbæjarins. „Leiksviðið byrjar strax við höfnina en áhorfendur verða leiddir um innviði og rangala skipsins, inn í þennan hugarheim,“ segir Margrét sposk. „Þetta verður óvæntari uppákoma og öðruvísi í laginu en fólk á að venjast og við erum mjög þakklátar Landhelgisgæslunni að veita okkur þetta tækifæri – það getur allt gerst.“

Aðeins eru fyrirhugaðar fimm sýningar á Listahátíð, hin fyrsta á fimmtudagskvöld en hinar síðari þann 11., 17., 18. og 19. maí. Hægt er að nálgast miða á heimasíðu þeirra, www.listahatid.is. „Síðan væri náttúrulega draumur að geta seinna leyst festarnar og tekið túr um landið – eða eitthvert lengra, hver veit?“ spyr Margrét að lokum. kristrun@frettabladid.is




Katrín Jakobsdótttir
1. sæti Reykjavíkurkjördæmi Norður

Gestur Svavarsson
3. sæti Suðvesturkjördæmi

Paul Nikolov
3. sæti Reykjavíkurkjördæmi Norður

Kolbrún Halldórsdóttir
1. sæti Reykjavíkurkjördæmi Suður

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

ALLT ANNAÐ LÍF! - með vinstri grænum

# NÝJAR BÆKUR

Forlagið Bjartur gefur út söguna Ungar sorgir eftir Danilo Kis í þýðingu Helga Grímssonar. Bókin kom fyrst út í Belgrad árið 1969. Í bókinni eru nítján tengdar sögur sem segja frá lífi hins unga Andreasar Sam í júgóslavnesku þorpi á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. Á bókarkápu segir: „Í stríði segir fátt af barnssálinni og gjalda börnin þó hörmungar þess með sjálfri æsku sinni. Danilo Kis var af gyðingaættum og ungur drengur á árum seinni heimsstyrjaldarinnar. Í þessari bók minnist hann þeirra daga í svipmyndum sem skipta litum, slær bjarta tóna og dökka, horfir á veröldina með augum Andreasar Sam en margt er líkt með honum og Kis sjálfum. Treginn er samgróinn sögunum öllum, uggur þess sem nemur en skilur ekki, fær engu ráðið um hlutskipti sitt og veit það eitt að ekkert verður framar sem var. Umfram annað eru Ungar sorgir þó óður um barnsins milda hjarta.“ Kis fæddist árið 1935 í norðanverðri Serbíu. Eftir fjöldamorð nasista á gyðingum í Novi Sad í janúar árið 1942 lagði fjölskylda Kis land undir fót og settist að á heimaslóðum föðurins í Ungverjalandi. Tveimur árum síðar var faðirinn fluttur ásamt fjölda ættmenna sinna í útrýmingarbúðirnar í Auschwitz. Þaðan átti hann ekki afturkvæmt. Í bókum Danilos Kis kemur víða fram hve djúpar rúnir æskureynslan risti í sál hans



Þriðji hluti myndlistar-þrenndarinnar MEGA VOTT lítur nú dagsins ljós. Fyrsti liðurinn var sýningin MEGA VOTT sem haldin var í Hafnarborg þar sem húsið var allt virkjað sem vettvangur innsetninga, allt frá aðkomu aðaldyra utanhúss og upp í efstu rjáfur. Listamennirnir Anna Eyjólfsdóttir, Jessica Stockholder, Ragnhildur Stefánsdóttir, Rúrí og Þórdís Alda Sigurðardóttir umbreyttu húsinu í allsherjar innsetningaveislu með verkum sínum. Annar þáttur MEGA VOTT var gjörningurinn TILEINKUN eftir Rúrí sem fluttur var við og í Drekkingarhyl á Þingvöllum í september 2006, meðan á sýningunni stóð og nú er bókin MEGA VOTT, glæsileg bók um sérstakan kafla íslenskrar nútímamyndlistar, komin út. Bókin er prýdd miklum fjölda litmynda af verkum þessara fimm listamanna, bæði frá sýningunni og eins frá fyrri verkum þeirra. Sýningunni eru gerð skil í ljósmyndum eftir Stefán Þ. Karlsson ljósmyndara, en auk þess eru myndir eftir fjölmarga ljósmyndara bæði innlenda og erlenda. Harpa Þórsdóttir listfræðingur, Jón Proppé, gagnrýnandi og sýningarstjóri, og Sigríður Þorgeirsdóttir heimspekingur eru höfundar greina í bókinni.







Debenhams í Smáralind er nýr samstarfsaðili Vildarkorts Icelandair og VISA. Frá og með 1. maí fá handhafar Vildarkorts Icelandair og VISA Vildarpunkta í hvert skipti sem kortið er notað, þegar greitt er hjá Debenhams.

TVÖFALDIR PUNKTAR Í MAÍ

Við bjóðum Debenhams velkomið í hóp samstarfsfyrirtækja okkar í verslun og þjónustu og vekjum sérstaka athygli á að í maí fá viðskiptavinir tvöfalda Vildarpunkta hjá Debenhams.

DEBENHAMS VISA Safnaðu Vildarpunktum

WWW.ICELANDAIR.IS



Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
2. sæti Suðvesturkjördæmi

Árni Þór Sigurðsson
2. sæti Reykjavíkurkjördæmi Norður

Álfheiður Ingadóttir
2. sæti Reykjavíkurkjördæmi Suður

Auður Lilja Erlingsdóttir
3. sæti Reykjavíkurkjördæmi Suður

Ögmundur Jónasson
1. sæti Suðvesturkjördæmi

TÆKIFÆRIÐ ER TÓLFTA MAÍ

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

VILTU FINNA MILLJÓN?
Lau 26/5 AUKASÝNING
Síðasta sýning

HIPP HOPP GESTASÝNING
Pokemon Crew: Gestasýning frá Frakklandi.
Þri 8/5 kl. 20 Mið 9/5 kl. 20
Miðaverð 2.000

LADDI 6-TUGUR
Fim 10/5 kl. 22:30 UPPS.
Þri 29/5 kl. 20 UPPS.
Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Sun 3/6 kl. 14
Mán 4/6 kl. 20 UPPS.
Mið 20/6 kl. 20
Fim 21/6 kl. 20

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Fim 10/5 kl.20 UPPS. Fös 11/5 kl. 20 UPPS.
Lau 12/5 kl.14 Sun 13/5 kl. 20
Lau 19/5 kl.20 UPPS. Sun 20/5 kl. 20UPPS.
Fös 25/5 kl. 20 Lau 26/5 kl. 20 UPPS.
Fim 31/5 kl. 20 UPPS. Fös 1/6 kl. 20
Sun 3/6 kl. 20 Fim 7/6 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvins
Mið 16/5 kl. 20 Síðasta sýning
Styrktarsýning fyrir Eddu Heiðrúnu Backman

DAGUR VONAR
Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20
Fim 24/5 kl. 20
Lau 2/6 kl. 20
Fös 8/6 kl. 20
Ekki er hleypt inní salinn eftir að sýning er hafin

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fös 11/5 kl. 20
Sun 13/5 kl. 20
Fös 25/5 kl. 20
Lau 26/5 kl. 20
Fim 31/5 kl. 20

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 13/5 kl. 13 AUKASÝNING
Sun 13/5 kl.14 AUKASÝNING
Sun 13/5 kl.15 AUKASÝNING
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS. Lau 19/5 kl. 14 UPPS.
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

EILÍF HAMINGJA
Mið 9/5 kl. 20 AUKASÝNING
Síðasta sýning

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ


# Gluggar Gerðar til sýnis

**Steindir gluggar Gerðar Helgadóttur úr einni af mörgum kirkjum sem hún glerjaði í Þýskalandi eru komnir heim og hafa verið settir upp í Gerðarsafni í Kópavogi.**


MYNDLIST Hluti af gluggunum sem var bjargað úr kirkju í Þýskalandi.

Gluggarnir eru hluti af sýningu á völdum verkum úr stofngjöf safnsins sem sett er þar upp í tilefni af Kópavogsdögum. Þar eru verk eftir þau þrjú, Gerði, Barböru Árnason og Magnús Á. Árnason en verk þeirra runnu til Kópavogsbæjar og urðu stofninn í Gerðarsafni.

Gluggarnir eftir Gerði eru úr kirkju í Düsseldorf sem var rifin fyrr á þessu ári. Á sýningunni, sem stendur til 26. maí, eru einnig áður ósýnd verk Gerðar sem vinir og velunnarar hennar hafa gefið safninu auk verka sem safnið hefur keypt, til dæmis einstakt veggverk sem gert var fyrir kaffihús í París 1957. Einnig verða sýnd verk eftir Barböru og Magnús Á. Árnason sem gefin hafa verið til safnsins. Þar á meðal eru teikningar af Maríu Guðmundsdóttur sem Barbara teiknaði af henni þegar hún var barn, löngu áður en María varð alheimsfegurðardrottning.


GERÐUR HELGADÓTTIR MYNDHÖGGVARI

Á neðri hæð safnsins eru módelteikningar og verk úr gifsi og brenndum leir sem Gerður Helgadóttir vann á skólaárum sínum í Flórens og París. Áhugamönnum um hinn verkmikla og glæsilega feril listakonunnar eru þeir safngripir ljómandi búbót: hlutur Gerðar í íslenskri listasögu er mikill og merkur. Elja hennar var einstök og verkaskráin fjölbreytileg.

Gluggar Gerðar úr Melanchtonkirkjunni í Düsseldorf, sem sýndir eru á efri hæðinni, eru mikið meistaraverk, 20 talsins og mynda eina heild. Þeir eru gerðir meðan Gerður stóð á hátindi þess skeiðs á ferli sínum sem kennt er við ljóðræna abstraktsjón. Það er því ómetanlegt að tekist hafi að bjarga gluggunum áður en til niðurrifs kom og koma þeim til varðveislu í Gerðarsafni. Gerður Helgadóttir naut mikilla vinsælda í Þýskalandi. Við gerð hinna frægu glugga fyrir Skálholtskirkju komst hún í kynni við Oidtmann-bræður i Linnich, sem voru fremstu handverksmenn þýsku þjóðarinnar á sviði steindra glugga. Báru þeir hróður hennar víða og fékk hún fjölda verkefna í kjölfarið. Steinda glugga eftir Gerði er meðal annars að finna í sex kirkjum í Þýskalandi.

Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn, er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 11-17.

pbb@frettabladid.is


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



Stóra sviðið kl. 20:00
**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir **Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.**
Sun. 13/5 kl. 20:00 **nokkur sæti laus**. **Allra síðasta sýning!**
**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Fös. 11/5 **nokkur sæti laus**, lau. 19/5 **nokkur sæti laus**, lau. 25/5. **Síðustu sýningar í vor! Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti. Námsmannafslættir!**
**CYMBELINE eftir Shakespeare - í flutningi breska leikhópsins Cheek By Jowl. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.**
Þri. 15/5 **örfá sæti laus**, mið. 16/5, fim. 17/5 **örfá sæti laus**, fös. 18/5 **nokkur sæti laus.**

Smíðaverkstæðið kl. 20:00
**HÁLSFESTI HELENU eftir Carole Fréchette.**
Sun. 13/5, fös. 18/5. Sýningum fer fækkandi **Umræður eftir sýninguna 13/5 með Viðari Þorsteinssyni heimspekingi.**

Kassinn
**HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.**
Sun. 13/5 **uppselt**, **aukasýningar mið. 16/5, örfá sæti laus og fim. 17/5 nokkur sæti laus**, fös. 18/5 **uppselt**, lau. 19/5 **uppselt**, **aukasýning sun. 20/5 örfá sæti laus**, fim. 24/5 **uppselt**.

Kúlan
**SKOPPA OG SKRÍTLA, Leiksýning Hrefnu Hallgrímsdóttur og Lindu Ásgeirsdóttur**
Lau. 12/5 kl. 11:00 **uppselt** og 12:15 **örfá sæti laus**, sun. 13/5 kl. 11:00 **örfá sæti laus** og 12:15 **nokkur sæti laus**, fim.17/5 (uppstigningardag) kl.11:00 og 12:15, lau. 19/5 kl. 11:00 og kl.12:15.

Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!



Viðburðir Landnámsseturs í maí
**fö. 11. maí** kl. 20
Mr. Skallagrímsson *uppselt*
**lau. 12. maí** kl. 20
Svona eru menn - KK og Einar
**mið. 16. maí** kl. 20
Mr. Skallagrímsson *uppselt*
**fös. 18. maí** kl. 20 Mýramaðurinn
**lau. 19. maí** kl. 20
Mr. Skallagrímsson *uppselt*
LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS
Nánanari upplýsingar um sýningar í maí á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600



ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
VesturPort
Í samstarfi við Vesturport
10.maí kl. 20 Uppselt
11.maí kl. 20 Uppselt
12.maí kl. 14
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is




ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
13. maí sun kl. 14
20. maí kl. 14
Síðustu sýningar
Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason
11 maí fös 12 sýning kl 20
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarf. Pantanasími 555 2222 og á www.midi.is




Alma Lísa Jóhannsdóttir
2. sæti Suðurkjördæmi
Björn Valur Gíslason
3. sæti Norðausturkjördæmi
Þuríður Backman
2. sæti Norðausturkjördæmi
Ragnheiður Eiríksdóttir
3. sæti Suðurkjördæmi
Steingrímur J. Sigfússon
1. sæti Norðausturkjördæmi

TÆKIFÆRIÐ ER TÓLFTA MAÍ

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

4 5 6 **7** 8 9 10

### Mánudagur

**TÓNLEIKAR**

☐ 20.00 **Kvennakór Garðabæjar** heldur djassaða vortónleika í **Kirkjuhvoli - Vídalínskirkju** ásamt djasskvartett. Stjórnandi er **Ingibjörg Guðjónsdóttir** en meðleikari á píanó er **Kristinn Örn Kristinsson**.



☐ 22.00 **Bebopfélag Reykjavíkur** heldur tónleika á **Kaffi Kúltúr** við Hverfisgötur. Þessi nýi félagsskapur, hugarfóstur hugsjóna- og djasslistamannanna **Óskars Guðjónssonar** og **Hauks Gröndal**, stendur fyrir tónleikum fyrsta mánudag í hverjum mánuði. Tónleikar hefjast kl. 22 og er frítt inn.

**FUNDIR**

☐ 08.30 Morgunverðarfundur um **stefnu stjórnmálaflokkanna í mannréttindamálum** á **Hótel Loftleiðum**. Frambjóðendur svara fyrirspurnum um stefnu flokks síns í helstu málum er snerta mannréttindi. Aðgangur er öllum opinn og áhugafólk um mannréttindi er hvatt til að mæta. Að fundinum stendur Mannréttindaskrifstofa Íslands.

**SÝNINGAR**

☐ 13.00 Alþýðulistamaðurinn **Ágúst Jónsson** sýnir olíumálverk í **Boganum** í **Gerðubergi**. Tjáningarþörf, skaphiti og óbeisluð litanotkun einkenna verk listamannsins. Sýningar í Gerðubergi eru opnar mánudaga - föstudaga frá kl. 11-17 og um helgar frá kl. 13-16.

☐ 13.00 Myndlistarsýning í **Hallgrímskirkju** í **Saurbæ**, þar sem 28 listamenn draga fram hver sína mynd af sálmaskáldinu **Hallgrími Péturssyni**. Kirkjan er opin alla daga. Enginn aðgangseyrir.

☐ 14.00 Sýning **Aðalheiðar S. Eysteinsdóttur** í **Gallerí+, Brekkugötu 35** á Akureyri er framlengd og mun standa til og með sunnudagsins 13.mai. Opnunartími er laugar- og sunnudaga frá 14-17 og aðra daga eftir samkomulagi í síma 462 7818.

☐ 15.00 Sýning **Guðrúnar Öyahals** í hliðarsal **Gallerý Foldar** nefnist Arakne en þar sýnir Guðrún málverk og skúlptúra. Sýningunni lýkur 20. maí.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



# Nám samhliða starfi

- styrktu stöðu þína á vinnumarkaði

**Kynningarfundur verður haldinn í húsi Endurmenntunar 9. maí kl. 16:30**

**NÁM SAMHLIÐA STARFI**

Rekstrar- og viðskiptanám - **3 misseri, 27 ein.**
Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti - **3 misseri, 27 ein.**
Mannauðsstjórnun - **3 misseri, 18 ein.**
Þjónustustjórnun - **2 misseri, 18 ein.** Í samstarfi við viðskipta og hagfræðideild HÍ nýtt
Verkefnastjórnun, leiðtogaþjálfun - **2 misseri, 12 ein.**
Gæðastjórnun - **2 misseri, 12 ein.** Í samstarfi við verkfræðideild HÍ nýtt

Nýjar og spennandi námsbrautir í boði - kjörið tækifæri fyrir þá sem vilja ná forskoti á vinnumarkaði.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is



Jón Bjarnason
**1. sæti** Norðvesturkjördæmi

Atli Gíslason
**1. sæti** í Suðurkjördæmi

Björg Gunnarsdóttir
**3. sæti** Norðvesturkjördæmi

Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir
**2. sæti** Norðvesturkjördæmi

**ALLT ANNAÐ LÍF!** - með vinstri grænum

X V
VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is



**JESSICA BIEL** Leikkonan segist ekki njóta nægrar virðingar í Hollywood.

## Vill meiri virðingu

Leikkonan Jessica Biel segist ekki njóta nógu mikillar virðingar í Hollywood. „Hluta af því sem ég vil fæ ég ekki," sagði Biel, sem er 25 ára. Segir hún að leikkonur á borð við Scarlett Johansson og Natalie Portman fái öll bestu hlutverkin. Engum detti í hug að tala við hana vegna hlutverka sem krefjist mikilla leikhæfileika.

Næsta mynd Biel er I Now Pronounce You Chuck and Larry þar sem hún leikur á móti Adam Sandler og Kevin James. Hún hefur áður leikið í The Illusionist, Home of the Brave og Next.



**FRAMTÍÐARRÓMANS** Tískuheimurinn er ennþá hrifinn af andstæðum og hjá Alice McCall var flíkkað upp á rómantíska blómakjóla með neongulum armböndum. Star Trek hittir enska blómarós og úr verður farsælt hjónaband.



**BLEIKT OG BLÓMLEGT** Skærbleikur toppur gerir blómakjólinn töluvert skemmtilegri og nútímalegri. Eins og hinir skæru litirnir virkar þessi þó væntanlega best við húð sem hefur fengið á sig dálítinn lit.

# Litagleði í Ástralíu

**Sydney var undirlögð sýningarstúlkum og hönnuðum í síðustu viku, þegar ástralska tískuvikan var haldin með pompi og prakt. Eins og á sýningarpöllunum hérna megin á hnettinum kenndi ýmissa grasa í Sydney. Flestir hönnuðirnir virðast þó hafa verið sammála um að sterkir litir væru bæði a og ö í sumartískunni. Þó að hitastigið hinum megin á hnettinum hríðfalli í takt við að okkar taki loksins kipp upp á við leggja Ástralarnir línurnar fyrir komandi sumar. Litir, litir, litir lífga upp á allan klæðnað, eins og myndirnar sýna.**



**EITURGRÆNA** Eiturgrænt belti brýtur upp einfaldan eða einlitan klæðnað og er óneitanlega sumarlegt.



**KÓRALRAUTT OG KLÆÐILEGT** Stórt og mikið hálsmen í kóralrauðum lit gerir kraftaverk fyrir annars litlitinn fatnað hönnuðarins Brigid McLaughlin. Rauður og aðrir hefðbundnir litir þurftu margir að víkja fyrir neonlitum á sýningarpöllunum, en fyrir þá sem vilja ekki skoppa um í eiturgrænu gerir rauður alveg svipað gagn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**BEÐMÁL Í SYDNEYBORG** Litsterk rós hönnuðarins Madame Marie fetar rétta veginn á milli rómantíkur og litagleði. Svo minnir hún líka óneitanlega á tískufyrirmyndina Carrie úr Beðmálum í borginni, sem skartaði oft á tíðum stórum blómum við fatnaðinn sinn.



**SKRAUTLEG SKYRTA** Stuttbuxnatískan og sterku litirnir sameinast í þessari hönnun Carli Turland. Þetta skemmtilega hálsmál á skyrtunni gerir líka að verkum að skartgripir eru algjör óþarfi.



**SUMARLEGUR** Matthew Eager fór alla leið og einskorðaði sterku litina ekki bara við fylgihluti. Þessi appelsínugyllti kjóll færi einstaklega vel við sólarlag á sumarlegri strönd.



**EITT SMÁTT** Eitt smátt gerir margt stórt hjá Arabellu Ramsay. Það þarf ekki meira en eyrnalokka í æpandi lit til að lífga upp á sumarföt í ljósum litum. Þær sem leggja í bleika varalitinn eiga svo heiður skilinn.


www.volkswagen.is




**Umhverfisvænt**
Það þarf 113 metanbíla til að menga jafnmikið og sambærilegur bensínbíll.

**Ódýrt**
Metan sem skilar jafnmikilli orku og 1 lítri af bensíni kostar í dag 88 kr. Verðið er óháð duttlungum olíumarkaðarins.

**Íslenskt**
Metan er framleitt á Íslandi og er mengun vegna flutninga því hverfandi.

# Þreföld vandræði Köngulóarmannsins

Myndir Sams Raimi um Peter Parker, betur þekktan sem Köngulóarmanninn, hafa fest sig í sessi sem einhverjar bestu ofurhetjumyndir allra tíma. Sam Raimi hefur tekist að gera Köngulóarmanninn að breyskri manneskju sem hefur sína kosti og sína galla. Sektarkennd og stolt voru ekki tilfinningar sem hurfu þegar erfðabreytta köngulóin beit Parker í höndina forðum daga.

Raimi hefur yfirleitt farið þá leið að láta Parker berjast við einn þrjót í einu og tekist ótrúlega vel upp. The Green Goblin og Doc Ock eru þrjótar sem leikstjórinn gerði að manneskjum og áhorfendur fengu samúð með. Og þar liggur einn mesti styrkur myndanna um Lóa.

Í þriðju myndinni þarf Köngulóarmaðurinn fyrst og fremst að kljást við sjálfan sig og sitt egó. Peter Parker hefur smám saman misst sjónar á því sem mestu máli skiptir í lífinu enda athyglin sem Köngulóarmaðurinn fær orðin gríðarleg. Við þetta bætist að hugsanlegum morðingja frænda hans, Flint Marko, hefur tekist að sleppa úr haldi lögreglunnar og til að bæta gráu ofan á svart hefur hann umbreyst í Sandmanninn eftir tilraunaslys. Og vandræðin hrannast upp hjá Parker því svart efni utan úr geim heltekur hann, Mary Jane vill ekki sjá hann og Parker neyðist til að særa besta vininn sinn lífshættulega. Til að strá salti í sárin mætir síðan nýr óvinur til leiks, öflugri en nokkur annar. Lífið er því að verða nokkuð flókið hjá ljósmyndaranum Peter Parker.

Og þar liggja einmitt einu mistökin hjá Sam Raimi. Óþjóðalýðnum er einfaldlega ofaukið. Fyrir vikið verður ekki jafnmikið rými fyrir persónusköpun illmennanna sem hingað til hafa verið ein helsta skrautfjöðurin í hatti leikstjórans. Atburðarásin verður nánast klúðursleg um miðbik myndarinnar en Raimi nær þó tökum á þessu öllu og siglir skipinu örugglega til hafnar með tilheyrandi lúðraþyt og amerísku fánanum.

Tobey Maguire, Kirsten Dunst og James Franco leika sínar rullur af miklu öryggi. Thomas Haden Church fer létt með hlutverk Marko/Sandmannsins en því miður fær Topher Grace ekki úr miklu að moða. Raimi klikkar hins vegar ekki í mesta fjörinu og þar fá áhorfendur mikið fyrir sinn snúð.

Þriðja Köngulóarmyndin er sísta myndin, því miður. Hún ber þess kannski merki að einhver þreyta sé komin í mannskapinn enda hafa hvorki leikarar né leikstjóri viljað staðfesta að fjórða myndin sé í burðarliðnum. Það verður hins vegar enginn svikinn af þeirri skemmtun sem ævintýrið um Lóa vissulega er þótt einhverjum kunni að þykja Raimi hafa kannski færst full mikið í fang.

**Freyr Gígja Gunnarsson**



**KVIKMYNDIR**

**Köngulóarmaðurinn 3**

Leikstjóri: Sam Raimi

Aðalhlutverk: Tobey Maguire, Kirsten Dunst og Thomas Haden Church

★★★

Þriðja myndin um Köngulóarmanninn er síst af þeim og Sam Raimi færist því miður of mikið í fang. En skemmtanagildi Lóa stendur fyrir sínu.



**NÝTT AFL** Svart efni utan úr geim heltekur Parker og gerir hann sterkari en um leið siðblindari.


# Hilludagar
# 20 - 40% AFSLÁTTUR







Á Hilludögum færðu lagervagna og brettatrillur í miklu úrvali. Fáðu netta og fyrirferðalitla lagervagna og brettatrillur sem henta vel jafnt á lagerinn sem og í verslunum.

Hjá okkur færðu Mezzaine gólf með mikla burðargetu, P90 lagerkerfi og fjölda annarra hillukerfa fyrir lagerinn og skrifstofuhúsnæðið.







PIPAR / SÍA

**Nú er tilvalið að koma geymslunni eða bílskúrnum í röð og reglu!**

Hringdu og pantaðu fría úttekt á lagerrýminu í síma **511 1100**.

RÝMI

Háteigsvegur 7 · Reykjavík · Furuvellir 13 · Akureyri · www.rymi.is





FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI **550 5000**





metan
Volkswagen
Ecofuel

Metanbílar Volkswagen eru einhver umhverfisvænasti kosturinn á markaðinum í dag.
Þú fórnar hvorki afli né eiginleikum en uppskerð hreinna loft og lægri eldsneytiskostnað.
**Í boði eru metanútgáfur af Volkswagen Caddy og Volkswagen Touran.**

**Er metan fyrir þig?**
Komdu og kynntu þér metanbílana frá Volkswagen og fáðu nánari upplýsingar á **www.hekla.is/metan.**

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is




| SMÁRABÍÓ | SÍMI 564 0000 |
|---|---|
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 - 8 - 11 B.I. 10 ÁRA |
| SPIDERMAN 3 SÝND Í LÚXUS | kl. 5 - 8 - 11 |
| NEXT | kl. 5.45 - 8 - 10.15 B.I. 14 ÁRA |
| PATHFINDER | kl. 5.45 - 8 - 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 10.30 B.I. 18 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 8 B.I. 16 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 |
| TMNT | kl. 4 - 6 B.I. 7 ÁRA |

| REGNBOGINN | SÍMI 551 9000 |
|---|---|
| SPIDERMAN 3 | kl. 2.30 - 5.30 - 8.30 - 11.20 B.I. 10 ÁRA |
| PATHFINDER | kl. 8 - 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| INLAND EMPIRE | kl. 2.30 - 5.45 - 9 B.I. 16 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 3 - 6 - 8 - 10 B.I. 18 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 3 - 6 |

| Borgarbíó | SÍMI 462 3500 |
|---|---|
| SPIDERMAN 3 | kl. 6 - 8 - 10.40* B.I. 10 ÁRA |
| NEXT | kl. 6 - 9 - 11 B.I. 14 ÁRA |
| *KRAFTSÝNING | |

MIÐASALA Á midi.is

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað







HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8- 10.30 | B.I. 16 ÁRA |
| NEXT | kl. 8 - 10.15 | B.I. 14 ÁRA |
| SUNSHINE | kl. 10.20 | B.I. 16 ÁRA |
| MÝRIN 2 FYRIR 1 | kl. 5.40 - 8 | B.I. 12 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ 2 FYRIR 1 | kl. 5.50 - 8 | B.I. 12 ÁRA |
| HOT FUZZ | kl. 5.40 - 10.10 | B.I. 16 ÁRA |

HAGATORG www.haskolabio.is SÍMI 530 1919

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


# Lindsay gripin glóðvolg

**Unglingastjarnan Lindsay Lohan virðist vera búin að koma sér í mikil vandræði. Breska blaðið News of the World birti í gær myndir af leikkonunni að taka kókaín í miklu magni og virðist ekki um einangrað tilvik að ræða.**



**LOHAN** Gripin glóðvolg við eiturlyfjaneyslu á skemmtistað samkvæmt breska blaðinu News of the World.

Samkvæmt News of the World eru myndirnar teknar af myndbandi sem náðist af Lohan aðeins tuttugu dögum eftir að hún hafði skráð sig út af meðferðarheimilinu Wonderland í Los Angeles. Lohan sést á myndunum draga upp poka með hvítu púðri á kvennaklóseti skemmtistaðar, gefa vinkonu sinni en fá sér síðan sjálf. Og svo heyrist hún segja. „Ég er að fara að sænga hjá Jude Law í New York eftir helgina.“

News of the World hefur eftir heimildarmanni sínum, sem er náin vinkona leikkonunnar, að Lohan sé gjörsamlega búin að missa öll tök á vímuefnaneyslu sinni. Sést hafi til hennar í partíum þar sem hún hafi notað kókaín og brennivín óspart, strippað fyrir gesti og gangandi og grobbað sig af villtum kynlífsleikjum með söngvaranum James Blunt og fyrirsætunni Calum Best. „Hún gengur um með flösku af vatni og segir við alla að hún sé alveg hætt að drekka. Þegar tækifæri gefst er vatnið horfið og vodka og tónik komið í staðinn,“ segir vinkonan við blaðið.

Og það eru ekki bara vímuefnin sem Lohan hefur áhuga á. News of the World hefur eftir vinkonunni að Lohan geti ekki látið frægu leikarana í Hollywood í friði. Meðal nýlegra bólfélaga Lohan má nefna Joaquin Phoenix, Benicio Del Toro, Jared Leto og James Franco auk áðurnefndra Blunt, Law og Best. „Hún elskar breska karlmenn,“ sagði vinkonan við blaðið.


Réttu tækin í þrifin

Háþrýstingur á bílinn, stéttina og húsið

Vortilboð 2007
Nilfisk-ALTO háþrýstidælur



Bjarnþór Þorláksson
bílstjóri RV

51.888 kr.



Nilfisk-ALTO P160 1-15 B X-tra
Dæluþrýstingur: 160 bör.
Vatnsmagn: 650 l/klst.

12.888 kr.



Nilfisk-ALTO C120 2-6
Dæluþrýstingur: 120 bör.
Vatnsmagn: 520 l/klst.

TUNGLIÐ RV6234C

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

Tilboðið gildir út maí 2007 eða meðan birgðir endast.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
















SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SPIDER MAN 3 | kl. 3:30 - 6 - 9 - 10:30 | B.i.10 | THE GOOD SHEPERD | kl.10:10 | B.i.12 |
| SPIDER MAN 3 VIP | kl. 6 - 9 | | MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| BLADES OF GLORY | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 | ROBINSON F... M/- ÍSL TAL | kl. 4 | Leyfð |
| SHOOTER | kl. 8 | B.i.16 | WILD HOGS | kl. 8 | b.i 7 |
| BREACH | kl. 8:10 - 10:30 | B.i.12 | BECAUSE I SAID SO | kl. 6 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| NEXT | kl. 6 - 8 - 10 | B.i.12 | |
| BLADES OF GLORY | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | B.i.12 | |
| THE MESSENGERS | kl. 8 | B.i.16 | |
| ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 6 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| 300. | kl. 10 | B.i.16 | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SPIDERMAN 3 | kl. 8 - 10 | B.i. 10 |
| BLADES OF GLORY | kl. 8 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BLADES OF GLORY | kl. 8 - 10 | B.i.12 |
| BREACH | kl. 8 - 10 | B.i.12 |

www.SAMbio.is


# Guðlegur svanasöngur

Nú rétt undir ævilok Playstation 2 kemur gullmoli frá Sony sem ber nafnið God of War II. Leikurinn er framhald hins afbragðsgóða God of War sem kom út fyrir tveimur árum.

Þar var spilarinn í hlutverki Kratos, herforingja í Grikklandi til forna, sem seldi sálu sína stríðsguðinum Ares í skiptum fyrir lífsgjöf. Eftir svik, blóð og frábæra skemmtun endaði leikurinn þegar Kratos drap Ares og tók sæti hans á Ólympusfjalli.

Framhaldið hefst stuttu eftir að fyrri leiknum lauk, og er Kratos enn stríðsguð. Vegna óstöðvandi blóðþorsta skipar hann herjum Spörtu að eyðileggja hinn byggilega heim eins og hann leggur sig, og uppsker óvild hinna guðanna á Ólympsfjalli. Seifur svíkur hann og sviptir hann guðatölunni, en títaninn Gaia kemur Kratos til bjargar og hjálpar honum að leggja á ráðin gegn Seifi. Með það hefst leikurinn og er markmiðið að elta uppi sjálfan konung guðanna til að drepa hann.

God of War II spilast á mjög svipaðan hátt og upprunalegi leikurinn, en nánast allt er aðeins betra en síðast. Sem fyrr svipar leiknum til bíómyndar, með löng og flott atriði inni á milli bardaga, og sagan er jafnvel enn stórfenglegri en áður. Bardagakerfið er lítið breytt enda var það nokkurn veginn fullkomið í fyrri leiknum.

Grafíkin er aðeins betri en áður og í raun magnað hvað framleiðendurnir ná að kreista mikið úr vélbúnaðinum. Hljóðið er óaðfinnanlegt og tónlistin með því besta sem ég hef heyrt í tölvuleik.

Það skal tekið fram að leikurinn er gríðarlega ofbeldisfullur, svo vægt sé tekið til orða, líkt og fyrirrennari hans. Ef eitthvað er hann enn blóðugri og hvorki fyrir viðkvæma né börn.

God of War II er nánast hinn fullkomni þriðju persónu hasarleikur. Sagan er stórfengleg, bardagakerfið frábært, tónlistin góð og allt eins epískt og á verður kosið. Þeir örfáu gallar sem hægt er að finna eru svo smávægilegir að það tekur ekki að nefna þá.

Þeir sem hafa gaman af þessari tegund leikja og hafa ekkert á móti töluverðu ofbeldi geta varla gert betri kaup en þennan leik.

**Salvar Þór Sigurðarson**



**GOD OF WAR II** Svipar til fyrri leiksins en næstum allt er betur heppnað.




**TÖLVULEIKIR**

**God of War II**

Æviskeiði Playstation 2 er að ljúka, og hún kveður svo sannarlega með stæl. Framhald eins besta leiksins fyrir tölvuna bætir um betur á nánast allan hátt. Epíkin hreinlega lekur úr tölvunni.

★★★★★


**SUMARTILBOÐ**

Íbúðir á Benidorm til leigu á ótrúlegu verði.
Í maí og júní bjóðum við glæsilegar íbúðir til leigu á einum besta stað á Benidorm.

Hver íbúð hefur svefnpláss fyrir fjóra.
Vikuverð í maí aðeins 27.000 kr, í júní 30.000 kr.

Upplýsingar og bókanir hjá espis@espis.net
Símar: 0034-697-586-424 og 0034-687-797-778.
**www.espis.net**




xelenta



Úrval af stórum marmarastyttum í stærðum frá 80-180cm

Skeifan 7 - Reykjavík
Sími: 553 2882

KVIKMYNDAKLÚBBURINN FJALAKÖTTURINN
MÁNUDAGUR 7. MAÍ
TJARNARBÍÓI
FILMFEST.IS

KLUKKAN 17:00
RONJA RÆNINGJADÓTTIR
(SWE), Tage Danielsson, 1984.

KLUKKAN 20:00
REYKJAVIK DOCUMENTARY WORKSHOP:
GLAÐVAKANDI
(Wide awake)
(USA), Alan Berliner, 2006.

2 fyrir 1 í bíó



Námufélagar fá tvo miða á verði eins í Smárabíó, Regnboganum, Borgarbíó Akureyri og Laugarásbíó mánudaga til fimmtudaga gegn framvísun Námukortsins.

Tilboðið gildir ekki í lúxussal né á íslenskar myndir.

Landsbankinn

FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR FYLKISMÖNNUM 5. SÆTINU Í LANDSBANKADEILD KARLA 2007



## > LYKILMAÐURINN

**Ólafur Stígsson** er kletturinn á Fylkismiðjunni og sá leikmaður sem Fylkismenn mega alls ekki missa í meiðsli í sumar. Ólafur kom sér aftur af stað síðasta sumar eftir að hafa slitið krossband og tók strax að sér leiðtogahlutverk í liðinu. Leiðtogahæfileikar Ólafs koma ekki síst fram í ósérhlífni og harðfylgni hans inni á vellinum og hann verður eins og áður í mjög mikilvægu hlutverki í liði Fylkis.

# Fylkismenn á tímamótum

Fréttablaðið heldur áfram að telja niður að Íslandsmótinu í knattspyrnu og við spáum Fylkismönnum fimmta sætinu.

Það má segja að Fylkismenn standi á ákveðnum tímamótum í sumar. Eftir að hafa barist um Íslandsmeistaratitilinn á árunum 2000 til 2004 hefur liðið fallið í verði og hrunið niður stigatöfluna síðustu tvö sumur. Fylkir endaði í áttunda sætinu á síðasta tímabili og nú þarf eitthvað gott að fara að gerast í Árbænum ætli Fylkismenn að komast aftur í efri hluta deildarinnar. Þeir hafa ekki hækkað sig í fimm ár og það þarf að breytast ætli Árbæingar að forðast fallbaráttuna sem þeir kynntust óvænt í lok móts í fyrra.

Fylkismenn voru í raun heppnir að falla ekki eftir skelfilegan endasprett þar sem þeir unnu ekki leik í síðustu átta umferðunum. Frammistaða liðsins framan af sumri gaf þó tilefni til bjartsýni og er eitthvað til að byggja á í sumar. Leifur Garðarsson fékk dýrmæta reynslu á sínu fyrsta ári og er væntanlega búinn að finna lausnina á vandamálum síðasta sumars sem snerust oft um að nýta sér betur yfirburði í leikjunum og fá eitthvað fyrir góða spilamennsku. Fylkisliðið hefur gengið í gegnum talsverðar breytingar en það hefur gengið vel að styrkja liðið. Valur Fannar Gíslason, David Hannah og Halldór Hilmisson hafa allir sannað sig sem leikmenn í deildinni og koma með dýrmæta reynslu inn í Fylkisliðið og þá er vonandi fyrir Árbæinga að menn eins og Haukur Ingi Guðnason og Ólafur Stígsson sleppi við meiðsli og nái fullum styrk. Liðið er reynslumeira en í fyrra og hefur alla burði til þess að komast aftur upp í efri hluta deildarinnar.



## > X-FAKTORINN

**Haukur Ingi Guðnason** hefur ekki náð að spila 18 leiki samanlagt á síðustu þremur tímabilum og tími hans í Árbænum hefur einkennst af erfiðum meiðslum og aðeins 8 mörkum í 35 leikjum á fjórum sumrum. Bæði Haukur Ingi og Fylkir þurfa að fá frá honum gott sumar.

FYLKIR — OKKAR EINKUNN 1-10

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ÞJÁLFARI | 6 | VÖRN | 7 | SÓKN | 5 | LIÐSSTYRKUR | 7 | ÁHORFENDUR | 6 |
| MARKVARSLA | 8 | MIÐJA | 7 | BREIDD | 4 | HEIMAVÖLLUR | 8 | HEFÐ/REYNSLA | 7 |

Gengi í vormótum 2007




GENGI SÍÐUSTU ÁRA: **2006** 8. sæti | **2005** 5. sæti | **2004** 4. sæti | **2003** 4. sæti | **2002** 2. sæti | **2001** 5. sæti

Áfall fyrir Fylki:

# Fjalar meiddur – Bjarni í Fylki?

**FÓTBOLTI Fjalar Þorgeirsson, markvörður Fylkis, meiddist í æfingaleik gegn Þór um helgina. Ekki er vitað hversu alvarleg meiðslin eru og mun það ekki koma í ljós fyrr en síðar í vikunni.**

**Komi í ljós að þau séu alvarleg getur Fylkir kallað á Bjarna Þórð Halldórsson úr láni hjá Víkingi. Það myndi setja Víkinga í verulega vond mál enda var Bjarni fenginn til að leysa Ingvar Kale af hólmi sem er meiddur. Það bíða því margir spenntir eftir fréttum af heilsufari Fjalars.** - hbg

Ágúst Þór Jóhannsson:

# Áfram með Valsstelpur

**HANDBOLTI** Ágúst Þór Jóhannsson verður áfram þjálfari kvennaliðs Vals en hann skrifaði undir nýjan samning við Val í gærkvöldi sem gildir til eins árs í senn. Ágúst segir að liðið ætli sér stóra hluti þó að stór skörð hafi verið höggvin í hópinn síðustu misseri.

„Pavla markvörður fer frá okkur. Svo er Alla hætt og þær Ágústa Edda og Arna Grímsdóttir eru óléttar. Nú verður farið í að styrkja liðið og vonandi kemur Berglind Íris í markið til okkar. Við erum að skoða markaðinn þessa dagana og höfum meðal annars verið að horfa út fyrir landsteinana,“ sagði Ágúst, sem hafnaði tilboði um að þjálfa karlalið Fram á dögunum.

„Við þurfum að styrkja útilínuna hjá okkur enda misst mikið þar. Við ætlum að vera samkeppnishæf við Stjörnuna og Gróttu næsta vetur.“ - hbg

# Tilfinningin er yndisleg

**Birgir Leifur Hafþórsson náði ellefta sæti á ítalska meistaramótinu í golfi. Þetta er hans besti árangur á Evrópumótaröðinni og besti árangur Íslendings á alþjóðamóti. Birgir Leifur fékk tvær og hálfa milljón króna í verðlaunafé.**

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson náði sínum besta árangri á Evrópumótaröðinni í gær þegar hann hafnaði í ellefta sæti á ítalska meistaramótinu. Sökum veðurs voru aðeins leiknir þrír hringir á mótinu og Birgir Leifur kom í hús á þréttán höggum undir pari, aðeins þremur höggum á eftir sigurvegaranum Spánverjanum Gonzales Castano. Fyrstu tvo hringina lék Birgir á fimm höggum undir pari en í gær kom hann í hús á þrem höggum undir pari.

„Þetta er með betri dögum hjá manni. Tilfinningin er yndisleg og þetta er mjög ánægjulegt,“ sagði Birgir Leifur kátur við Fréttablaðið eftir mótið í gær en vann sér inn tvær og hálfa milljón króna í vinningsfé. Á hinum sex mótunum sem hann hafði tekið þátt í hafði hann samtals unnið sér inn rúma milljón króna í vinningsfé þannig að hann er loksins farinn að fá almennilegan pening upp í kostnað. „Þetta snýst um að vinna sér inn fé enda er þetta lifibrauð manns. Ég var ekkert að spá í peningunum meðan á mótinu stóð en ég veit að það er hægt að hafa það gott ef maður stendur sig vel.“

Það var glæsileg umgjörð á mótinu og það var ákaflega vel sótt af áhorfendum.

„Þetta var meiri háttar skemmtilegt mót. Ég hef aldrei spilað fyrir framan svona marga áhorfendur og var óneitanlega stressaður í upphafi og það var gott að vinna bug á stressinu og koma svona sterkur út úr því. Ég hefði viljað fá annan hring en ef ég hefði verið efstur þá hefði ég ekki viljað annan hring,“ sagði Birgir léttur.



**EINBEITTUR** Birgir Leifur sést hér einbeittur á átjándu holunni á Ítalíu. Hann missti dýrmætt pútt þar í gær sem rann rétt framhjá holu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

„Að vera aðeins þrem höggum frá efsta manni sýnir að það er ótrúlega stutt í toppinn. Ég missti tvö mikilvæg pútt á síðustu fjórum holunum og þau voru dýrmæt. Ég hef verið að lýsa því yfir að ég ætti heima svona ofarlega og það gefur mér mikið að ná loksins svona góðum árangri,“ sagði Birgir, sem átti best 32. sætið á Evrópumótaröðinni fyrir.

„Ég tel mig eiga heima þarna uppi á meðal þeirra bestu og það er gaman að hafa sannað það fyrir sér. Ég vissi að ég gæti þetta. Ég var á tímabili í bullandi baráttu á toppnum og þetta er stórt skref áfram fyrir mig.“

Birgir Leifur heldur í kjölfarið til Spánar, þar sem hann tekur þátt í sterku móti í Andalúsíu.

„Það er svipað sterkt mót en kannski aðeins sterkara. Það geta samt allir unnið á góðri viku og ég mun mæta fullur sjálfstrausts til Spánar,“ sagði Birgir Leifur.

henry@frettabladid.is



**VIGGÓ SIGURÐSSON** Vildi fá betur borgað en Framarar treystu sér til að borga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Handknattleikslið Fram:

# Á eftir erlendum þjálfara

**HANDBOLTI** Framarar eru þessa dagana í viðræðum við erlendan þjálfara um að taka við af Guðmundi Guðmundssyni sem þjálfari karlaliðs félagsins.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að Ágúst Þór Jóhannsson hefði hafnað tilboði Safamýrarfélagsins en Framarar höfðu áður rætt við Viggó Sigurðsson sem var þeirra fyrsti kostur.

Framarar spjölluðu við Viggó fljótlega eftir að Guðmundur hætti en hann gaf málið frá sér. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var launapakkinn sem Fram gat boðið Viggó ekki í samræmi við væntingar þjálfarans.

„Við erum að ræða við erlendan þjálfara og erum nálægt því að ná saman. Þegar það tekst munum við fara utan og hitta viðkomandi og ganga frá pappírunum. Það er samt ekkert í hendi fyrr en búið er að skrifa undir,“ sagði Jón Eggert Hallsson, formaður handknattleiksdeildar Fram. - hbg


Alþingiskosningar 2007
Hverju svara stjórnmálaflokkarnir þegar spurt er um íþróttir ?
Svörin eru á www.isi.is



Loftpressur
Mikið úrval loftpressa fyrir iðnfyrirtæki, iðnaðarmenn og í bílskúrinn. Hagstætt verð.





ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is


Meistarakeppni KSÍ fór fram í nokkrum kulda og trekki í Kaplakrika í gær:

# Sanngjarn sigur FH á Keflavík

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar FH unnu sanngjarnan sigur á bikarmeisturum Keflavíkur í hinni árlegu Meistarakeppni KSÍ. Það var Bjarki Gunnlaugsson sem skoraði eina mark leiksins á 18. mínútu leiksins.

Aðstæður til knattspyrnuiðkunar voru ekkert sérstakar á frjálsíþróttavellinum í Krikanum í gær. Nokkur vindur gerði leikmönnum erfitt fyrir en eftir að leikmenn höfðu vanist aðstæðum mátti sjá góð tilþrif. Flest voru þau FH-inga, sem réðu lögum og lofum á vellinum og voru klaufar að skora ekki fleiri mörk í leiknum. Miðju- og sóknarleikur Keflavíkur var máttlítill lengstum en með smá heppni hefðu Keflvíkingar getað knúið fram framlengingu undir lokin er þeir settu FH undir smá pressu.



**SIGURHRINGUR** Þeir Daði Lárusson, Tryggvi Guðmundsson og Sigurvin Ólafsson hlaupa hér sigurhring með bikarinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

FH-liðið lítur vel út fyrir sumarið og erfitt að sjá á þessum tímapunkti hvernig stöðva eigi liðið. Það er ógnarsterkt og tilkoma tvíburanna Arnars og Bjarka hefur hleypt enn frekara lífi í sóknarleikinn. Matthías Guðmundsson ógnar einnig mikið með hraða sínum.

Keflavíkurliðið lítur einnig ágætlega út og það hefur ekkert breyst þar á bæ að menn reyna að spila fótbolta í stað þess að kýla boltanum fram. - hbg

# HÆTTU Í ALVÖRU



- Skynsöm leið til að hætta því þú hættir á eigin hraða.
- NicoBloc hindrar allt að 99% af nikótíni og tjöru í filternum.
- Þú venur þig af nikótíni áður en þú drepur í.




**HÆTTU Í ALVÖRU MEÐ NICOBLOC**

Þú setur NicoBloc í filter sígarettanna sem þú reykir. Það hindrar nikótínið og tjöruna í filternum og þú byrjar að venjast af nikótíninu. Um leið minnkar þú reykingar þínar smám saman, eftir sex vikur drepur þú í sígarettunni og sleppur við venjulegu fráhvarfseinkennin. Flestir sem nota Nicobloc til að hætta, byrja ekki aftur að reykja.*

Nicobloc er gert úr 100% náttúrulegum efnum, það er ekki lyf og inniheldur ekki nikótín, þannig skiptir þú ekki sígarettufíkn út fyrir aðra fíkn.

*Skv. rannsóknum sem skoða má á www.nicobloc.is

RÁÐGJÖF Í REYKBINDINDI
800 6030

Aðstoð fyrir alla þá sem vilja hætta að reykja

Sölustaðir: Lyfja, Lyf og Heilsa, Apótekið, Apótekarinn



**ROY KEANE** Hefur unnið kraftaverk með Sunderland í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Enska B-deildin:

## Sunderland sigurvegari

**FÓTBOLTI** Sunderland tryggði sér í gær titilinn í ensku B-deildinni. Liðið lagði Luton 5-0 og á meðan tapaði Birmingham fyrir Preston, 1-0. Ótrúlegu tímabili félagsins undir stjórn Roys Keane er þar með lokið en liðið var á botninum þegar Keane tók við stjórnartaumunum af Niall Quinn.

Sunderland og Birmingham fara beint upp í úrvalsdeildina en WBA, Wolves, Southampton og Derby fara í umspil um þriðja lausa sætið í ensku úrvalsdeildinni. - hbg

Mikil dramatík í úrslitaleik hollenska bikarsins:

# Ajax lagði AZ Alkmaar í vítaspyrnukeppni

**FÓTBOLTI** Ajax varð í gær hollenskur bikarmeistari í knattspyrnu eftir sigur á AZ Alkmaar í vítaspyrnukeppni sem fór alla leið í bráðabana.

Dembele kom AZ yfir á 4. mínútu en hinn magnaði framherji Klaas-Jan Huntelaar jafnaði metin fyrir Ajax á 50. mínútu. Meira markvert gerðist ekki í venjulegum leiktíma fyrir utan að Gabri, leikmaður Ajax, var rekinn af velli á 89. mínútu.

Einum færri hélt vörn Ajax og leikurinn endaði í vítakeppni. Þar skoruðu bæði lið úr sjö fyrstu spyrnum sínum. Stekelenburg varði áttundu spyrnu AZ frá Van Donk og Edgar Davids tryggði Ajax síðan sigurinn.

Grétar Rafn Steinsson spilaði allan leikinn fyrir AZ og skoraði úr þriðju vítaspyrnu Alkmaar. Þetta er annar bikarinn sem Grétar og félagar missa af en þeir urðu af hollenska meistaratitlinum á grátlegan hátt um síðustu helgi.

Það mun eflaust taka leikmenn drjúgan tíma að jafna sig á þessum áföllum. - hbg



**BIKARMEISTARAR** Edgar Davids og félagar í Ajax gátu leyft sér að fagna í gær þegar þeir urðu hollenskir bikarmeistarar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**... OG BERUM HÖFUÐ HÁTT** José Mourinho, stjóri Chelsea, hefði eflaust viljað fá KR-lagið spilað í leikslok því hann sagði stuðningsmönnum að bera höfuðið hátt enda væru leikmenn hans hetjur. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Valdaskipti á Englandi

**Manchester United varð Englandsmeistari í knattspyrnu í gær þegar Chelsea og Arsenal gerðu jafntefli, 1-1, á Emirates-vellinum. Chelsea varð að vinna leikinn til að eygja von um titilinn þriðja árið í röð.**

**FÓTBOLTI** Manchester United er Englandsmeistari í knattspyrnu leiktíðina 2006-07. Meistarar síðustu tveggja ára, Chelsea, horfðu á eftir bikarnum til Manchester eftir þeim mistökst að leggja Arsenal á Emirates-vellinum. Stórleikur Chelsea og United á miðvikudag er þar með þýðingarlaus.

José Mourinho, stjóri Chelsea, bar sig vel eftir leikinn og kallaði leikmenn sína hetjur. Hann gekk um völlinn og bað áhorfendur um að klappa fyrir hetjunum sínum og bera höfuðið hátt. Að hans mati hefur lið hans margt til að vera stolt af. Spurður hvort besta liðið hefði unnið titilinn sagði Mourinho:

„Það skiptir ekki máli. Það sem skiptir máli er að liðið sem er með flest stig á töflunni er meistari. Ég óska meisturunum til hamingju sem og öllum sem hjálpuðu þeim að verða meistarar. Annars verð ég að segja að ég er hugsanlega stoltari í dag en þegar ég varð meistari með liðið," sagði Mourinho upprétttur og ákveðinn.

„Leikmennirnir mínir eru hetjur. Það hefur verið margt á móti þeim í allan vetur en þeir hafa staðið sig frábærlega. Þetta tímabil var frábært og leikurinn í dag er leikur sem fólk á að muna eftir. Chelsea-strákarnir sýndu hvaða karakter þeir hafa að geyma og ég gæti ekki verið ánægðari með það hvernig hlutirnir enduðu hjá okkur. Ég er mjög stoltur af leikmönnum mínum."

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, var eðlilega mjög kátur enda efuðust margir um að hann gæti farið með þetta United-lið alla leið, sérstaklega miðað við hversu lítinn liðsstyrk hann fékk síðasta sumar og svo var mikið um meiðsli í vetur.

„Þetta er frábær dagur fyrir félagið og stuðningsmennina. Enska úrvalsdeildin er gríðarlega sterk og erfið deild og við lögðum mikla áherslu á að vinna þennan titil. Lykillinn var að byrja vel og við litum aldrei til baka eftir það," sagði Ferguson kampakátur en honum hefur fundist erfitt að horfa á eftir titlinum til Chelsea síðustu ár og slagurinn við José Mourinho virðist hafa kveikt nýtt líf í kallinum. „Ég var áður með það á heilanum að vinna Evrópukeppnina en núna er það enska úrvalsdeildin sem er í forgangi hjá mér."



**KAMPAKÁTUR** Sir Alex var að vonum sáttur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Ferguson er ekkert á því að hætta með United og eflaust vilja margir halda honum áfram næstu árin eftir afrek vetrarins en ekki er langt síðan margir afskrifuðu skoska stjórann.

„Viljinn og metnaðurinn í hópnum gefur mér von og kveikir í mér líf. Til hvers ætti maður eiginlega að hætta? Ég mun halda áfram en hversu lengi hef ég ekki hugmynd um. Ég nýt þess að stýra liðinu og meðan svo er mun ég halda áfram," sagði Ferguson.

henry@frettabladid.is



**LOUIS SAHA** Talið er að hann verði seldur frá Man. Utd í sumar.

Louis Saha:

## Orðaður við Lyon

**FÓTBOLTI** Jean-Michel Aulas, forseti franska félagsins Lyon, hefur gefið í skyn að hann muni bera víurnar í franska sóknarmanninn Louis Saha en talið er að Sir Alex Ferguson vilji selja hann frá Man. Utd þar sem hann sé orðinn langþreyttur á meiðslavandræðum framherjans.

„Hann er góður leikmaður. Allir franskir landsliðsmenn sem leika erlendis vekja áhuga okkar," sagði Aulas en United keypti Saha frá Fulham fyrir þrem árum á tæpar 13 milljónir punda.

Þessi 28 ára gamli framherji hefur aðeins komið þrisvar sinnum inn af bekknum síðustu tvo mánuði. - hbg

## ÚRSLIT

*Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| ARSENAL - CHELSEA | 1-1 |

1-0 Gilberto Silva (43.), 1-1 Michael Essien (70.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **MAN. UNITED** | **36** | **28** | **4** | **4** | **83-26** | **88** |
| CHELSEA | 36 | 24 | 9 | 3 | 63-23 | 81 |
| **LIVERPOOL** | **37** | **20** | **7** | **10** | **55-25** | **67** |
| ARSENAL | 37 | 19 | 10 | 8 | 63-35 | 67 |
| **EVERTON** | **37** | **15** | **12** | **10** | **51-35** | **57** |
| BOLTON | 37 | 16 | 7 | 14 | 45-50 | 55 |
| **READING** | **37** | **16** | **6** | **15** | **49-44** | **54** |
| PORTSMOUTH | 37 | 14 | 11 | 12 | 45-42 | 53 |
| **TOTTENHAM** | **35** | **15** | **8** | **12** | **52-52** | **53** |
| BLACKBURN | 36 | 15 | 5 | 16 | 48-50 | 50 |
| **ASTON VILLA** | **37** | **11** | **16** | **10** | **41-39** | **49** |
| MIDDLESB. | 37 | 11 | 10 | 16 | 41-48 | 43 |
| **NEWCASTLE** | **37** | **11** | **9** | **17** | **37-46** | **42** |
| MAN. CITY | 37 | 11 | 9 | 17 | 28-42 | 42 |
| **FULHAM** | **37** | **8** | **15** | **14** | **37-57** | **39** |
| SHEFF. UTD | 37 | 10 | 8 | 19 | 31-53 | 38 |
| **WEST HAM** | **37** | **11** | **5** | **21** | **34-59** | **38** |
| WIGAN | 37 | 9 | 8 | 20 | 35-58 | 35 |
| **CHARLTON** | **36** | **8** | **9** | **19** | **32-56** | **33** |
| WATFORD | 37 | 5 | 12 | 20 | 28-58 | 27 |



**SIR BOBBY** Starfar sem ráðgjafi hjá írska knattspyrnusambandinu.

Sir Bobby Robson:

## Greindur með krabbamein

**FÓTBOLTI** Lífið er ekki dans á rósum hjá hinum aldna höfðingja Sir Bobby Robson en hann hefur verið greindur með krabbamein í fimmta skiptið á ævinni. Robson hefur verið að berjast við krabbamein meira og minna síðustu fimmtán ár og hann mun gera það áfram.

„Auðvitað eru þetta ekki beint bestu fréttir í heimi en ég hef barist allt mitt líf og ég mun halda áfram að berjast," sagði Robson við enska fjölmiðla.

„Ég fór í aðgerð síðastliðinn ágúst sem gekk vel en læknarnir segja að það sé ekki hægt að leggjast undir hnífinn að þessu sinni. Vonandi dugar hefðbundin meðferð. Mér er ráðlagt að vera virkur í starfi og leik og það mun ég gera eins og alltaf." - hbg





**CARLOS BOOZER** Átti mjög góðan leik fyrir Utah. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

NBA-úrslitakeppnin:

## Utah skellti Houston

**KÖRFUBOLTI Óvæntir hlutir halda áfram að gerast í úrslitakeppni NBA-deildarinnar en Utah Jazz varð um helgina síðasta liðið til að tryggja sér þátttökurétt í annarri umferð er það lagði Houston á útivelli, 99-103, í oddaleik.**

**Þetta var sögulegur sigur enda aðeins í nítjánda skipti í sögu NBA sem útilið vinnur sjöunda leik. Utah hafði þess utan tapað sex leikjum í röð á útivelli fyrir leikinn gegn Houston og svo er þetta í fyrsta skipti sem Utah vinnur einvígi í úrslitakeppni NBA síðan Stockton og Malone hættu hjá félaginu.**

**Stórstjarnan Tracy McGrady grét á blaðamannafundi eftir leikinn en hann hefur ekki enn komist í aðra umferð úrslitakeppninnar í sex tilraunum. „Ég get þetta ekki," sagði McGrady grátandi á blaðamannafundinum og gekk út.**

**Detroit Pistons vann síðan auðveldan sigur á Chicago Bulls, 95-69, í fyrsta leik liðanna í annarri umferð.** - sb


**EGGERT MAGNÚSSON** Rólegur yfir hótunum fjögurra andstæðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Eggert Magnússon:

## Engar áhyggjur af kærumálum

**FÓTBOLTI** Eggert Magnússon, stjórnarformaður West Ham, segist ekki hafa neinar áhyggjur af yfirvofandi kæru frá félögunum sem berjast á botni ensku úrvalsdeildarinnar við West Ham. Charlton, Fulham, Sheff. Utd og Wigan hafa hótað að kæra þá ákvörðun forráðamanna deildarinnar að draga ekki stig af West Ham vegna mála Argentínumannanna Carlos Tevez og Javier Mascherano.

„Ég tel að málið sé vandamál forráðamanna deildarinnar. Ég skil nokkurn veginn hvað liðin eru að segja en ég skil engan veginn af hverju þau eru í blöðunum á hverjum einasta degi að tala um þetta," sagði Eggert við enska fjölmiðla.

„Ef félögin ætla að kæra ættu þau að koma út og segja það þegar það er ákveðið. Annars tel ég að þessi mál eigi að ráðast á vellinum," sagði Eggert. - hbg

Dýrasti boxbardagi sögunnar fór fram í Las Vegas aðfaranótt sunnudags:

# Mayweather vann de la Hoya á stigum

**BOX** Það var mikið um dýrðir þegar tveir fræknustu hnefaleikakappar síðari ára – Floyd Mayweather og Oscar de la Hoya – öttu kappi í Las Vegas í dýrasta boxbardaga sögunnar. Talið var að de la Hoya hefði fengið að lágmarki 25 milljónir dollara í sinn hlut en Mayweather tíu milljónir.

Ekki var boðið upp á rothögg heldur börðust þeir hetjulega út tólftu lotu og varð því að grípa til stiga dómara. Tveir dómarar dæmdu Mayweather sigur en einn de la Hoya. Það þóttu nokkuð sanngjörn úrslit en bardaginn var jafn.

„Hann kýldi mikið en hitti lítið," sagði Mayweather, sem lýsti því yfir í kjölfarið að hann væri hættur keppni, ósigraður. „Þetta var svakalegur bardagi en auðvelt verk fyrir mig. Ég hitti oftar og boxaði betur. Hann var sterkur en gat ekki unnið mig.

Ég sá höggin hans koma og hélt mér í hæfilegri fjarlægð og sá til þess að hann hitti ekki. Hann er besti boxari þessarar kynslóðar og ég vann hann. Nú er ég hættur. Ég á ekki eftir að gera neitt og hef ekkert að sanna lengur. Ég er búinn að moka inn peningum og vil eyða meiri tíma með konunni og krökkunum," sagði Mayweather, sem hefur unnið titla í fimm þyngdarflokkum.

De la Hoya var auðmjúkur eins og alltaf eftir bardaga og tók tapinu, sem var hans fimmta, af karlmennsku. Hann ýjaði einnig að því að hann væri að hugsa um að hætta.

„Mér fannst ég ná góðum höggum inn. Ég vissi sem var að ef ég myndi ekki pressa yrði þetta enginn bardagi. Ég veit ég meiddi hann með nokkrum höggum. Ég reyndi að pressa og stöðva hann. Ég er samt meistarinn og það þarf að gera meira en þetta til að leggja meistarann," sagði De La Hoya.

Það var mikill stjörnufans í húsinu en rapparinn 50 Cent gekk inn á undan Mayweather og rappaði allan tímann. Þeir félagar voru ekki vinsælir og var baulað á þá alla leið í hringinn. - hbg


**STJÖRNUFANS** Það var fullt hús af frægu fólki á bardaganum og leikkonan Helen Mirren stríðir hér Will Ferrell sem er upptekinn að sumbli. GETTY IMAGES


**HÖGGÞUNGUR** Floyd Mayweather náði nokkrum þungum höggum í andlit De la Hoya en engu rothöggi þó. Bardaginn fór alla leið í tólf lotur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES


Frá kr. 1.430.000
Getz

- ABS með ESP hemlavörn
- Innbyggð árekstrarvörn
- 240/977 ltr. farangursrými
- Geislaspilari / MP3 og 4 hátalarar
- Hiti í sætum (Getz Sport)
- Topplúga (Getz Sport)

Frá kr. 16.900 á mánuði*

Hyundai hefur gæðin

Flottur er algjört skilyrði

Fáðu þér Getz og vertu á bíl sem uppfyllir öll skilyrði.



Frá kr. 16.900 á mánuði*

Flottur
Rúmgóður
Öruggur
Hagstæður
Traust bílaumboð
Góð þjónusta

B&L
Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Getz GLS 5 dyra á 16" álfelgum. Bílasamningur miðast við 80% lánshlutfall af kr.1.430.000 í 84 mánuði og í erlendri myntkörfu, JPY 50%, CHF 50%.

HYUNDAI www.hyundai.is

## > James Woods

James ætlaði sér að verða herflugmaður en faðir hans starfaði í leyniþjónustu Bandaríkjahers. James komst inn í bandaríska herflugskólann en örfáum vikum áður en námið átti að hefjast lenti hann í slysi og meiddist svo illa á hendi að honum var vísað úr skólanum. James leikur í þáttunum Shark á Stöð 2 kl. 23.30.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON HEFUR MISST AF 500 ÞÚSUND ÞÁTTUM Í RÖÐ

# *Með grillaða rækju í annarri og byssu í hinni*



Sjónvarpsstöð í Ástralíu er búin að framleiða 500 þúsund þætti um fáeinar manneskjur sem búa í sex húsum við götu eina í smábænum Erinsborough. Eins og gefur að skilja hefur fólkið sem um ræðir upplifað flest það sem við hin þekkjum, en auk þess drepa þau hvert annað og sofa hjá hvert öðru þvers og kruss. Safaríkara verður sjónvarpsefni ekki. Eitt aðalsmerki þáttanna er persónusköpunin. Til dæmis má nefna gæðablóðið Harald Biskupsson sem er stórt nafn í Hjálpræðishernum í bænum en hann á sér einnig leyndar ástríður. Hann elskar matargerð og blóm, hann er barnakall og spilar á túbu. Hann dreymir líka um að drepa í frístundum sínum, sem hefur byggt undir trú hans á fyrirgefningu syndanna. Óþarfi er að nefna lækninn Karl sem spilar á gítar, hann þekkja allir. Eða tvíburabræðurna geðveiku en geðþekku. Allt eru þetta hlutir sem við þekkjum úr okkar næsta nágrenni og helsta ástæða þess að fólk situr sem límt við skjáinn. Eins eru þetta rök þeirra sem missa ekki af þætti: Þetta er venjulegt fólk og það er óvenjulegt að sjá slíkt í sjónvarpi; „eitthvað sem líkist því sem ég er að ganga í gegnum.“

Allir þættirnir hafa verið sýndir í íslensku sjónvarpi og stór hópur Íslendinga (lesist: kvenna) á öllum aldri er tilbúinn að fórna elsta sveinbarni fjölskyldu sinnar fyrir það eitt að missa ekki af. Ég er miðbarn og hef því ósegjanlega mikla ánægju af því að skakkyrðast um þessa þætti við konurnar í lífi mínu. Þær taka því illa og segja mig hafa fordóma. Það er rétt, býst ég við.

Þér finnst kannski efni þessa pistils léttvægt. En þá vil ég benda á að bróðir minn hefur búið í Noregi 18 ár. Hann stríddi mömmu líka oft á því að hún horfir alltaf á Nágranna.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.15** Lífsháski SJÓNVARPIÐ



▶ **20.50** American Idol STÖÐ 2



▶ **20.00** Confessions of a Dangerous Mind STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.35** Girls Next Door SIRKUS



▶ **20.00** The O.C. - Lokaþáttur SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**14.45 Helgarsportið**
**15.10 Alþingiskosningar 2007 - Kjördæmin** (5:6)
**16.10 Ensku mörkin**
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Myndasafnið**
**18.01 Fyndin og furðuleg dýr** (22:26)
**18.06 Lítil prinsessa**(12:30)
**18.16 Halli og risaeðlufatan** (8:26)
**18.30 Vinkonur** (33:52)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Miðbaugur** (2:2) (Equator) Hollensk heimildamynd í tveimur hlutum um náttúru og dýralíf við miðbaug.
▶**21.15 Lífsháski** Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Flokkakynning - Vinstrihreyfingin grænt framboð** (1:7) Vinstrihreyfingin grænt framboð kynnir stefnumál sín fyrir Alþingiskosningarnar 12. maí.
**22.40 Flokkakynning - Sjálfstæðisflokkurinn** (2:7) Sjálfstæðisflokkurinn kynnir stefnumál sín fyrir alþingiskosningarnar 12. maí.
**23.00 Ensku mörkin** e.
**23.55 Kastljós**
**00.40 Alþingiskosningar 2007 - Kjördæmin (6:6) e.**
**01.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Confessions of a Dangerous Min**
**08.00 Ocean´s Twelve**
**10.05 Foyle´s War 2**
**12.00 The Day After Tomorrow**
**14.00 Ocean´s Twelve**
**16.05 Foyle´s War 2**
**18.00 The Day After Tomorrow**
▶**20.00 Confessions of a Dangerous Mind** Chuck Barris er einn sá þekktasti í sjónvarpsbransanu.
**22.00 True Lies**
**00.20 Confidence**
**02.00 Straight Into Darkness**
**04.00 True Lies**

## STÖÐ 2

**07.20 Batman**
**07.40 Myrkfælnu draugarnir** (82:90)
**07.50 Myrkfælnu draugarnir** (83:90)
**08.05 Oprah**
**08.50 Í fínu formi 2005**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Forboðin fegurð** (43:114)
**10.10 Most Haunted** (16:20)
**11.05 Fresh Prince of Bel Air 4**
**11.35 Man/s Work** (3:15)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Sisters** (9:24)
**13.55 The Robinsons**
**14.25 Neyðarfóstrurnar** (3:16)
**15.15 Punk´d** (1:16)
**15.50 Tvíburasysturnar** (21:22)
**16.15 Galdrastelpurnar** (6:26)
**16.55 Froskafjör**
**17.03 Hjólagengið**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 Kosningar 2007 - nærmynd**
**20.05 Grey´s Anatomy** (20:25)
▶**20.50 American Idol** (34:41) Það eru aðeins fimm söngvarar eftir en í lok kvöldsins fáum við að vita hverjir verða þeir fjórir efstu.
**21.35 American Idol** (35:41)
**22.20 Love Lies Bleeding** Hádramatísk framhaldsmynd um milljónamæring sem kemst í hann krappann þegar gamall skólafélagi hefur upp á honum, en sá hefur ekkert gott í hyggju. Aðalhlutverk: Martin Kemp, Hugo Speer, Claire Goose. 2006.
**23.30 Shark** (17:22) Nýir bandarískir spennuþættir sem fjalla um stjörnulögfræðinginn harðsvíraða Sebastian Stark sem söðlað hefur um og gerst opinber saksóknari.
**00.15 Rome** (2:10)
**01.10 Las Vegas NÝTT** (3:17)
**01.55 Pendulum**
**03.25 Tokyo Godfathers**
**05.00 Man/s Work** (3:15)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
▶**19.35 Girls Next Door** (4:15) (e) (What Happens In Vegas.......) Þær eru oftast ljóshærðar, metnaðargjarnar og alltaf fallegar. Þær eru ungar konur sem ferðast þvert yfir Bandaríkin í þeirri von að fá að taka þátt í draumi eins manns. Hugh Hefner og Playboy-höllinni hans. Í þessari einstöku þáttaröð fá áhorfendur að kíkja inn fyrir hlið hallarinnar og inn í heim Hug Hefner, sem er engu líkur, og að sjálfsögðu færðu að fara í partý með honum. Bönnuð börnum.
**20.00 Entertainment Tonight**
**20.25 Pussycat Dolls Present**
**21.15 Trading Spouses** Er grasið grænna hinumegin? Nokkrar fjölskyldur taka sig til og prófa nýtt líf. Er líf þeirra ekki nógu gott eða eru þau vanþakklát? Við fylgjumst með nokkrum fjölskyldum þar sem mæður og feður skipta um fjölskyldur. Í hverri viku mun einn húsráðandi skipta um hlutverk við annan húsráðanda. Þau munu ala upp börn þeirra, hugsa um heimilið þeirra og fá þannig að upplifa annað líf. Fyrir suma er þetta gott frí en fyrir aðra algjör martröð.
**22.00 Twenty Four** (16:24) Sjötta þáttaröð vinsælasta spennuþáttar Stöðvar 2 síðustu árin. Þátturinn hefur margsinnis hlotið Golden Globe og Emmy-verðlaunin.Þessi þáttaröð er sögð vera sú mest spennandi hingað til. (16:24) Jack er ekki af baki dottinn en tíminn er að renna út. Slagurinn um forsetastólinn er einnig að harðna en það er mikilvægt í baráttunni gegn hryðjuverkum að þar sitji réttur maður. Stranglega bönnuð börnum.
**22.45 Joan of Arcadia 1**
**23.30 Girls Next Door** (4:15) (e) (What Happens In Vegas.......)
**23.55 Entertainment Tonight** (e)
**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**15.15 Vörutorg**
**16.15 Game tíví** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Malcolm in the Middle** (e)
▶**20.00 The O.C. - Lokaþáttur** Bandarísk unglingasería. Þáttunum líkur hálfu ári eftir að jarðskjálftann sem rústaði Newport. Áhorfendur fá nú að kynnast örlögum íbúanna.
**21.00 Heroes** (18:23) Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk sem öðlast óvenjulega hæfileika. Nathan hittir Linderman rétt fyrir kosningar. Hiro gerir örlagaríka tilraun til að ná í sverðið, Suresh kemst yfir nýjar upplýsingar um hetjulistann og ný hetja, Candice Wilmer, er kynnt til sögunnar.
**22.00 C.S.I.** (17:24) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar Las Vegas borgar. Vinsæll körfuboltastrákur og klappstýra hverfa sporlaust eftir leik.
**22.50 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur. Frank verður afbrýðisamur þegar Marco eyðir tíma með Marie.
**23.15 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**00.05 Boston Legal** (e)
**01.05 Psych** (e)
**01.55 Beverly Hills 90210** (e)
**02.40 Melrose Place** (e)
**03.25 Vörutorg**

## SKJÁR SPORT

**14.00 Reading - Watford** (frá 5. maí)
**16.00 Everton - Portsmouth** (frá 5. maí)
**18.00 Þrumuskot**
**18.50 Charlton - Totteham** (beint)
**21.00 Að leikslokum**
**22.00 Ítölsku mörkin**
**23.00 Að leikslokum** (e)
**00.00 Fulham - Liverpool** (frá 5. maí)
**02.00 Dagskrárlok**



## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.05**

### Grey's Anatomy

Grey's Anatomy snýr aftur eftir þriggja vikna hlé. Slagurinn um yfirlæknastöðuna heldur áfram en nú er hann orðinn persónulegur. Einn umsækjandinn dregur umsóknina til baka en samt er úr vöndu að ráða fyrir stjórnina. Ástarsamböndin eru alltaf jafn flókin og það getur verið erfitt að samræma vinnu og einkalíf þegar unnið er 80 klukkustundir á viku.



### ▶ Við mælum með Miðbaugi í Sjónvarpinu kl. 20.15

Hollensk heimildarmynd í tveimur hlutum um náttúru og dýralíf við miðbaug. Miðbaugur skiptir jörðinni í tvennt en hann er annað og meira en lína á korti sem aðskilur norður- og suðurhvel jarðar; miðbaugur er líflína og náttúrukraftur í sjálfum sér. Þar geta dýr fjölgað sér árið um kring, þar er mannkynið upprunnið og þar er öflugasta orkuuppspretta jarðar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Lífsjátning
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Krossgötur
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Söngvamál
**21.00** Heim í hérað – og aftur til baka
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Úr tónlistarlífinu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.00 Spænski boltinn**

**14.05 Coca Cola deildin** (Enska deildin 2006-2007) Útsending frá leik Crystal Palace og Leeds United í ensku 1. deildinni.

**18.45 NBA 2006/2007 - Regular Season**

**20.45 Þýski handboltinn** (Þýski handboltinn 2006-2007 - Highlights) Þáttur um þýska handboltann þar sem fjölmargir Íslendingar eru í sviðsljósinu. Handboltinn nýtur gífurlegra vinsælda hjá Þjóðverjum og hallirnar eru fullar eða þétt setnar á flestum leikjum.

**21.15 Spænsku mörkin** Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrifin og umdeildu atvikin.

**22.00 Coca Cola mörkin** Hér er farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félaganna í deildinni eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrifum þeirra í hverri einustu umferð.

**22.30 Football and Poker Legends**

**00.10 Spænski boltinn**

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Postmand Per **6.15** Noddy **6.30** Kongehuset **7.00** Gr¢nne haver **7.30** Debatten **8.00** Kætter i Guds eget land **8.30** Byens Rum **9.00** Den 11. time **9.30** Hjerterum **10.00** TV Avisen **10.10** 21 S¢ndag **10.50** Enhedslisten - Landsm¢de **11.15** OBS **11.20** Kong Carl XVI Gustaf 60 år **11.50** Aftenshowet **12.20** S¢ren Ryge direkte **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Hjerteflimmer **14.30** Snurre Snup som gangster **14.35** Monster allergi **15.00** Troldspejlet **15.30** Den lille brandskole **15.55** Gurli Gris **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ud i det blå **18.00** Ellen MacArthur - solosejllads jorden rundt **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Inspector Rebus **21.10** Fantastiske mrs. Pritchard **22.05** Poul Martinsen kavalkade **23.05** Hjerteflimmer **4.30** Dyrene fra Lilleskoven **5.00** Rasmus Klump **5.10** Palle Gris på eventyr **5.30** NU er det NU **6.00** Postmand Per

## NRK 1

**7.30** Etanolslaver **8.00** Siste nytt **8.05** Med hjartet på rette staden **9.00** Siste nytt **9.05** Ut i naturen: Bent - båt, b¢rse, bær og br¢d **9.30** Bourbon Dolphin-ulykken **10.00** Siste nytt **10.05** Sjalusiens makt **11.00** Siste nytt **11.05** Schrödingers katt **11.30** Legen på linjen **12.00** Siste nytt **12.05** Norge rundt **12.30** Åpen himmel **13.00** Siste nytt **13.05** Sinbads fantastiske reiser **13.30** Sketsj **13.40** Sketsj **14.00** Siste nytt **14.03** Totalt genialt! **14.30** Fabrikken **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Mikkes klubbhus **16.25** Sauer **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Puls **17.55** Faktor: L¢nn som fortjent **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Livets porto **20.30** Landeplage **21.00** Kveldsnytt **21.15** Napoleon **22.50** Little Britain **4.25** Frokost-tv

## SVT 1

**7.30** Världen **8.30** Ekonomicoaching **10.00** Rapport **10.05** Agenda **11.00** Sportspegeln **12.15** Mamma tar semester **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Ramp **15.30** Krokomax **16.00** Charlie och Lola **16.10** Asta-Marie, det är jag **16.20** Brum 1**6.30** Evas funkarprogram **16.45** Dr Dogg **17.00** Lilla sportspegeln **17.30** Rapport **18.00** En odödlig man **19.00** Plus **19.30** Kobra **20.00** I sinnets våld **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Inför Eurovision Song Contest 2007 **22.20** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagadeild







Kynningarfundur í Lögbergi, miðvikudaginn 9. maí kl. 17 í stofu 101

Alþjóðlegt framhaldsnám í lögfræði á ensku

LL.M. í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti

Spennandi kostur fyrir lögfræðinga

Umsóknarfrestur er til 22. maí

www.lagadeild.hi.is

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta á Rás tvö og stundum á Bylgjuna. Það róar mann niður þótt það sé auðvitað ekki sama hvaða tónlist það er.“*

Hafþór Edmond Byrd, skósmíðameistari.

# Vilhjálmur hitti skoskan bjargvætt sinn

Vilhjálmi Vilhjálmssyni, borgarstjóra í Reykjavík, var bjargað úr sjávarháska af skoskum sjómönnum árið 1960 þegar Drangajökull sökk í Pentlandsfirði. Vilhjálmur fór á dögunum með sjónvarpskonunni Sirrý og hitti bjargvætt sinn, hinn tæplega sjötuga Dick, í Aberdeen og verða fagnaðarfundirnir sýndir í fyrsta þætti Örlagadagsins 3. júní á Stöð 2.

Ekki náðist í Vilhjálm borgarstjóra en hann var á flugi yfir Norður-Atlantshafið á leið heim frá London. Jón Kristinn Snæhólm, aðstoðarmaður hans, var hins vegar með í för og sagði þetta hafa verið ótrúlega tilfinninganæma stund. „Já, maður táraðist næstum því bara,“ sagði Jón Kristinn. „Þarna urðu miklir fagnaðarfundir. Við hittumst fyrst á hæð fyrir ofan höfnina og síðan fóru allir saman á ekta skoska krá og fengu sér einn öllara,“ bætir Jón Kristinn við. Svo skemmtilega vildi til að íbúar Aberdeen kusu til sveitarstjórnarkosninga þennan dag og samkvæmt hefð verður borgarstjórinn þá að láta af embætti. „Vilhjálmur var þannig séð eini borgarstjórinn á svæðinu,“ segir Jón Kristinn.

Sirrý var að vonum hughrifin af þessari sögu Vilhjálms og sagði að mikil vinátta hefði tekist með borgarstjóranum og sjómanninum sem dró hann upp úr sjónum. „Fjölmiðlar í Aberdeen og nokkur mannfjöldi safnaðist saman þegar Vilhjálmur þakkaði fyrir sig,“ segir Sirrý og bætti því við að Skotarnir hefðu verið ákaflega hrifnir af borgarstjóranum og haft það á orði hversu alþýðlegur og og vingjarnlegur hann hefði verið. „Það var augljóslega mikill heiður fyrir sjómennina og fjölskyldur þeirra að hann skyldi hafa komið aftur til Aberdeen af þessu tilefni,“ bætir sjónvarpskonan við. - fgg



**VILHJÁLMUR OG DICK** Það fór vel á með borgarstjóranum og skoska sjómanninum sem bjargaði lífi Vilhjálms árið 1960 þegar Drangajökull sökk.



**KROSSGÁTA**

**LÁRÉTT** 2. nautasteik, 6. skóli, 8. eldsneyti, 9. aska, 11. óreiða, 12. duglegur, 14. skaga upp, 16. halló, 17. galdrastafur, 18. pota, 20. vörumerki, 21. vera til.

**LÓÐRÉTT** 1. ofstopi, 3. kringum, 4. hjálpsamur, 5. titill, 7. kræsingar, 10. málmur, 13. nálægt, 15. svara, 16. innri forstofa, 19. frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. buff, 6. fg, 8. mór, 9. sót, 11. ru, 12. iðinn, 14. gnæfa, 16. hæ, 17. rún, 18. ota, 20. ss, 21. lifa. **LÓÐRÉTT:** 1. ofsi, 3. um, 4. fórnfús, 5. frú, 7. góðgæti, 10. tin, 13. nær, 15. ansa, 16. hol, 19. af.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8

1. Fjórtíu ár.
2. Ellefu bíla.
3. Megrunarlausi dagurinn er alþjóðlegur baráttudagur gegn megrun, átröskun og fordómum í garð feitra.


STILLUM HITANN HÓFLEGA

Góð ráð og gagnlegar upplýsingar um heita vatnið

www.stillumhitann.is



Hvað er að frétta?



Við tæklum sportið_

www.visir.is vísir




**VILL ENDURREISA PRAVDA** Darri Freyr Helgason verkfræðinemi berst fyrir því að skemmtistaðurinn Pravda verði endurreistur eftir brunann í miðbænum í síðasta mánuði. Darri stendur fyrir undirskriftasöfnun á netinu sem yfir 700 manns hafa skrifað nafn sitt á. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

DARRI FREYR HELGASON: PRAVDA RÍSI AÐ NÝJU

# Stjörnurnar berjast fyrir endurbyggingu Pravda

„Við viljum einfaldlega benda á að það er fjöldi manns sem vill sjá Pravda endurbyggðan, þetta eru ekki bara einhverjar fimm hræður,“ segir Darri Freyr Helgason, 21 árs verkfræðinemi sem berst fyrir endurbyggingu skemmtistaðarins Pravda í Austurstræti. Pravda brann sem kunnugt er til grunna í stórbrunanum í Austurstræti í síðasta mánuði.

Darri hefur komið af stað undirskriftasöfnun til styrktar málstað sínum. Hann er ánægður með viðtökurnar: „Það hafa yfir sjö hundruð skrifað undir á netinu og svo skrifuðu margir undir uppi í Háskóla. Ég myndi áætla að þetta verði yfir þúsund manns í það heila,“ segir Darri, sem ætlar að afhenda Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni borgarstjóra undirskriftirnar í vikunni. „Við viljum að húsið verði endurbyggt og sama starfsemi fái að halda áfram.“

Aðspurður segir Darri að þeir sem stunduðu Pravda telji sig ekki geta fundið sambærilegan skemmtistað í miðborginni. Staðurinn hafi verið sérstaklega vinsæll meðal háskólanema sem gjarnan hafi komið þangað eftir vísindaferðir og aðrar samkomur. Staðsetningin hafi hentað einstaklega vel. „Þetta er svo miðsvæðis að það verður ekkert betra. Þarna endar fólk alltaf,“ segir Darri, sem sjálfur hafði unnið á Pravda síðustu þrjú og hálft ár, fyrst sem glasabarn en síðar bæði sem dyravörður og barþjónn.

Undirskriftasöfnuna á netinu má finna á slóðinni Petitiononline.com/austur22. Þegar hún er skoðuð kemur í ljós að þjóðþekktir einstaklingar ljá þessu málefni stuðning sinn. Þeirra á meðal eru fjölmiðlamennirnir Ívar Guðmundsson og Ásgeir Kolbeinsson, tónlistarmennirnir Einar Ágúst Víðisson og Gunnar Ólason úr Skítamóral og Idolstjarnan Einir Guðlaugsson. Þá láta fótboltamennirnir Grétar Rafn Steinsson og Sölvi Geir Ottesen ekki sitt eftir liggja heldur.

hdm@frettabladid.is





**STJÖRNURNAR HJÁLPA** Fjölmiðlamennirnir Ívar Guðmundsson og Ásgeir Kolbeinsson vilja að Pravda rísi að nýju.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tökur á kvikmyndinni Heiðinni eftir **Einar Þór Gunnlaugs** hefjast 10. maí en samkvæmt kvikmyndavefnum logs.is verða þau **Jóhann Sigurðsson**, **Guðrún Gísladóttir** og **Gunnar Eyjólfsson** í helstu hlutverkum. Athygli vekur jafnframt að **Hafdís Huld** er skráð sem einn af leikurum myndarinnar og verður það því í fyrsta skipti sem leikkonunni bregður fyrir í íslenskri kvikmynd síðan kvikmyndin Villiljós var frumsýnd árið 2001.



**Björn Ingi Hrafnsson** skaut heldur betur yfir markið í smá brandaragerð á vefsíðu sinni ef marka má viðbrögð bloggsíðunnar truno.blog.is en þar skrifa margir af fremstu kvenskörungum landsins. Björn Ingi, eins og svo margir aðrir, hafði lesið eina af svæsnum færslum þulunnar **Ellý Ármanns** og ákvað að deila með lesendum sínum tveimur bröndurum sem hann hafði heyrt um konur, fótbolta og karla. Ekki vildi betur til en svo að **Rósa Þórðardóttir** skrifaði eiturbeitt svar til formanns Íþrótta- og tómstundaráðs á trúnó-síðuna. Og í athugasemdakerfinu fer þar ekki síst fyrir brjóstið á lesendunum að Björn Ingi skuli hafa notast við Herrakvöld KR en þar var sem kunnugt er strípidansmeyjum boðið að fækka fötum.

- fgg





# Sigurjón Sighvatsson stækkar við sig

Kvikmyndaframleiðandinn Sigurjón Sighvatsson og fyrirtækið hans Scanbox hafa fest kaup á hlutabréfum í norska framleiðslufyrirtækinu Paradox Holding AS en það er eitt af stærstu framleiðslufyrirtækjum Noregs. Frá þessu er greint á vefsíðu kvikmyndatímaritsins Hollywood Reporter. Sigurjón vildi ekki gefa upp hversu stóran hluta þeir hefðu keypt né hvert kaupverðið hefði verið í samtali við Fréttablaðið. „Þetta er hluti af þeirri þróun sem við höfum verið að vinna með. Í staðinn fyrir að stofna eigin framleiðsludeild þá vildum við miklu frekar vinna með þeim sem hafa þekkinguna og hafa sannað sig í þessum geira,“ útskýrir Sigurjón. „Og vonandi geta þeir nýtt sér okkar þekkingu,“ bætir hann við.

Fram kemur í frétt Hollywood Reporter að Paradox sé með sex kvikmyndir í fullri lengd í þróun og að minnsta kosti tvær barnamyndir. „Stærsta „trendið“ í kvikmyndaheiminum í dag eru þessar local-myndir og við ætlum að sækja á þann markað,“ útskýrir Sigurjón. „Og þess vegna viljum við einbeita okkur meira að því að framleiða myndir í hverju landi fyrir sig,“ bætir hann við. Hann segir þessi kaup vera fyrst og fremst til þess að styrkja fyrirtækið fjárhagslega þannig að fyrirtækið geti framleitt fleiri og betri myndir og lagt meiri vinnu í þróun verkefna. - fgg



**SIGURJÓN** Hefur keypt í norska framleiðslufyrirtækinu Paradox Holding AS.



# 8 DAGAR Í JOSH GROBAN

## AUKA-TÓNLEIKAR 15. MAÍ

ERT ÞÚ BÚIN AÐ TRYGGJA ÞÉR MIÐA?

## MIÐASALA Í FULLUM GANGI!

go to joshgroban.com

LIVE NATION

LÉTTÖL

*20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi*

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/klubbar

**FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR**

Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði

CONCERT

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**






**BAKÞANKAR**

**ÞRÁINS BERTELSSONAR**

# *Glasapússarar og kosningaspá*

Ég gladdist mjög og fylltist nýrri trú á stjórnmálamenn þegar ég frétti að ráðherra hefði lagt pólitíska framtíð sína í hættu við að hjálpa erlendri skólastúlku um flýtiafgreiðslu á ríkisborgararétti. Svona eiga stjórnmálamenn að vera. Síðan dró úr gleði minni þegar það kom í ljós að viðkomandi landleysingi var heimilisföst hjá hjálpsama ráðherranum og tengdist honum fjölskylduböndum.

**MÉR** rann kalt vatn milli skinns og hörunds þegar þingmenn í allsherjarnefnd, dómsmálaráðuneytið og fleiri drógust inn í málið. Enginn hafði talað við neinn um nokkurn skapaðan hlut. Enginn vissi neitt. Engin fingraför. Engin sönnunargögn.

**EF** ég ætti að nefna helstu framfarir í sögu lands og þjóðar á því stutta æviskeiði sem íslenska lýðveldið og ég höfum lifað frá 1944 væri mér efst í huga að heldur hefur dregið úr pólitískri spillingu, mismunun og siðleysi. Hér áður var spillingin slík að menn gerðu það sem þeir gátu af því að þeir gátu það. Núna gera menn helst ekki nema það sem þeir eru nokkurn veginn vissir um að komist ekki í hámæli – og alls ekkert nema þeir geti neitað að hafa komið nálægt því.

**FRÆGASTA** minnið úr íslenskri spillingu er frá því þegar framkvæmdastjóri stjórnmálaflokks sat á fundi með þungavigtarmönnum. Í stað þess að predika yfir þeim þagmælsku um efni fundarins tók hann glas af borðinu og þurrkaði af því öll fingraför meðan fundarmenn góndu á hann. Setti svo glasið frá sér skínandi og hreint. Fundi slitið.

**Í ALÞINGISKOSNINGUNUM** á laugardaginn er fólk (nema ef til vill einhverjir í Suðurlandskjördæmi) að vonast til að geta kosið heiðarlegt fólk á Alþingi Íslendinga þótt viðbúið sé að einhverjir pólitískir glasapússarar slæðist með í þeim hópi. 12. feb. sl. birti ég eftirfarandi spá um kosningaúrslitin: Frjálslyndir 5%, Framsókn 10%, Samfylking 26%, Sjálfstæðir 38% og VG 21%.

**LOKASPÁIN** er svona: Frjálslyndir 5%, Framsókn 10%, Íslandshreyfing 3%, Samfylking 26%, Sjálfstæðir 38%, Vinstrigræn 18%. Þátttakandi í könnuninni var 1. Svarhlutfall 100%.




